



# Byggðabragur: Félagssálfræðileg rannsókn á þremur íslenskum sveitarfélögum

Háskólinn á Bifröst

Rannsóknasetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum

Skýrsla RBS



Ágúst 2024

ISSN: 2988-8476

Bjarki Þór Grönfeldt

Vífill Karlsson

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Töflur .....	3
Myndir .....	4
Formáli .....	5
Útdráttur.....	6
Inngangur .....	7
Byggðabragur: Lærdómur frá þremur sveitarfélögum.....	7
Félagssálfræðilegir þættir sem tengjast byggðabrag .....	10
<i>Félagsleg sjálfsmýnd</i> .....	11
<i>Sameiginleg sjálfstíltrú og félagsleg samheldni</i> .....	14
<i>Samfélagskennd</i> .....	15
Aðrir þættir.....	16
Markmið, tilgátur og rannsóknarspurningar .....	18
Spurningakannanir .....	19
Gagnaöflun .....	19
Þátttakendur.....	19
Mælitæki .....	20
Niðurstöður .....	23
Umræða.....	45
Rýnihópar .....	46
Inngangur og aðferð .....	46
Dalabyggð.....	47
Húnaþing vestra.....	52
Húnabyggð .....	57
Umræður .....	62
Takmarkanir og frekari rannsóknir.....	66
Samantekt .....	67
Heimildaskrá.....	69
Viðauki: Viðtalsrammi .....	77

## Töflur

Tafla 1. Lýsandi tölfræði um þátttakendur. ....	19
Tafla 2. Fylgni helstu samfelldu breyta í rannsókninni. ....	25
Tafla 3: Samantekt á marktækum mun milli sveitarfélaga I. ....	43
Tafla 4: Samantekt á marktækum mun milli sveitarfélaga II. ....	44

## Myndir

Mynd 1. Meðaltöl hamingju borin saman eftir sveitarfélögum.....	26
Mynd 2. Meðaltöl sjálfstrausts borin saman eftir sveitarfélögum.....	26
Mynd 3. Meðaltöl ánægju borin saman eftir sveitarfélögum.....	27
Mynd 4. Meðaltöl líka á brottflutningi borin saman eftir sveitarfélögum. ....	27
Mynd 5. Meðaltöl ánægju með málaflokka borin saman eftir sveitarfélögum (1). ....	28
Mynd 6. Meðaltöl ánægju með málaflokka borin saman eftir sveitarfélögum (2). ....	29
Mynd 7. Meðaltöl áhuga á samfélagslegri þátttöku borin saman eftir sveitarfélögum (1).....	30
Mynd 8. Meðaltöl áhuga á samfélagslegri þátttöku borin saman eftir sveitarfélögum (2).....	30
Mynd 9. Meðaltöl áhuga á samfélagslegri þátttöku borin saman eftir sveitarfélögum (3).....	31
Mynd 10. Meðaltöl félagslegrar samsömunar (e. social identification) borin saman eftir sveitarfélögum. ....	31
Mynd 11. Meðaltöl undirskala félagslegrar samsömunar borin saman eftir sveitarfélögum. ....	32
Mynd 12. Meðaltöl sameiginlegs narsissisma (e. collective narcissism) borin saman eftir sveitarfélögum. ....	32
Mynd 13. Meðaltöl félagslegrar samstöðu (e. social cohesion) borin saman eftir sveitarfélögum. ....	33
Mynd 14. Meðaltöl sameiginlegrar sjálfstílrúar (e. collective efficacy) borin saman eftir sveitarfélögum.....	34
Mynd 15. Meðaltöl samfélagskenndar (e. sense of community) borin saman eftir sveitarfélögum. ....	34
Mynd 16. Meðaltöl uppfyllingar þarfa (e. needs fulfilment) borin saman eftir sveitarfélögum.....	35
Mynd 17. Meðaltöl samfélagsaðildar (e. membership) borin saman eftir sveitarfélögum .....	35
Mynd 18. Meðaltöl áhrifa á samfélagið (e. influence) borin saman eftir sveitarfélögum .....	36
Mynd 19. Meðaltöl tilfinningalegrar tengingar (e. emotional connection) borin saman eftir sveitarfélögum.....	36
Mynd 20. Meðaltöl slúðurs og neikvæðni borin saman eftir sveitarfélögum.....	37
Mynd 21. Meðaltöl um hvort hrepparígur sé metinn vandamál borin saman eftir sveitarfélögum.....	38
Mynd 22. Meðaltöl um hvort samstarf dreifbýlis og þéttbýlis sé metið erfitt borin saman eftir sveitarfélögum.....	38
Mynd 23. Meðaltöl mats á tækifærum til að ná árangri í leik og starfi borin saman eftir sveitarfélögum. ....	39
Mynd 24. Meðaltöl um hvort sveitarfélag hafi verið skilið eftir af ríkisvaldinu borin saman eftir sveitarfélögum. ....	39
Mynd 25. Meðaltöl viðhorfa til aðkomumanna borin saman eftir sveitarfélögum. ....	40
Mynd 26. Meðaltöl þátta sem tengjast stolti borin saman eftir sveitarfélögum. ....	41
Mynd 27. Hlutfall svara um þátttöku í íbúahópum á samfélagsmiðlum borin saman eftir sveitarfélögum.....	41
Mynd 28. Hlutföll þeirra sem sækja félagsstarf út fyrir sveitarfélagið borin saman eftir sveitarfélögum.....	42

## Formáli

Höfundar þakka gott samstarf við sveitarstjórnir Dalabyggðar, Húnaþings vestra og Húnabyggðar. Sveitarstjórnir Björn Bjarki Þorsteinsson, Unnur Valborg Hilmarsdóttir og Pétur Arason fá sérstakar þakkir fyrir liðlegheit og áhuga á rannsókninni. Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og Páli Brynjarssyni framkvæmdastjóra er einnig þakkað gott samstarf.

Sylvía Hlynsdóttir ritaði upp viðtöl og kom að verkefninu með ýmsum hætti. Henni er þakkað sitt góða framlag.

Annadís Greta Rúdólfssdóttir fær þakkir fyrir góð ráð varðandi eigindlega hluta rannsóknarinnar.

Höfundar þakka styrki upp á 2.500.000 kr. frá Byggðarannsóknasjóði og 2.073.440 kr. frá Rannsóknasjóði Háskólans á Bifröst. Án þeirra hefði verkefnið aldrei verið unnið.

### **Frá Bjarka Þór Grönfeldt:**

Eftir doktorsnám mitt í stjórnmalasálfræði og félagssálfræði var það mikill fengur fyrir mig sem fræðimann að geta unnið jafn náíð með fólki og ég fékk að gera í þessari rannsókn – ekki bara með gögnum og tölum. Hvert samfélag er einstakt og það sem fólkið í hverju samfélagi skapar á milli sín verður ekki smættað í hugtök og skilgreiningar. Þó við sem höfum gaman af gögnum og tölfræði reynum okkar besta munum við aldrei ná að fanga sálina í sveitinni með félagssálfræðilegum spurningalistum. Það var því einstakt tækifæri að geta fylgt spurningakönnunum eftir með samtölum við íbúa í formi rýnihópa. Ég þakka kærlega fyrir stuðninginn og tækifærið sem Byggðarannsóknasjóður hefur veitt mér og það traust og þann trúnað sem Vífill Karlsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs í byggða- og sveitarstjórnarmálum, hefur sýnt mér í þessu ferli. Það er einlæg von mín að þessi rannsókn gagnist byggðarannsóknnum og byggðaþróun á Íslandi. Ég get ekki sagt að við höfum átt kollgátuna en margt fróðlegt og gagnlegt kom í ljós sem mun vonandi kveikja áhuga fleiri fræðimanna á því sjónarhorni sem kynnt er í skýrslunni.

## Útdráttur

Rannsókn þessi er tilraun til þess að beita aðferðafræði félagssálfræðinnar á byggðamál á Íslandi. Aðdragandi rannsóknarinnar er sá að íbúakannanir landshlutanna hafa bent til þess að svokallaður byggðabragur sveitarfélaga geti verið gjörólíkur þrátt fyrir sambærilega samfélagsgerð, stöðu atvinnumála o.s.frv. Með byggðabrag er átt við upp að hvaða marki íbúar eru ánægðir með sveitarfélagið, þeim þyki þjónusta góð, þeir séu bjartsýnir á framtíðina og vilji halda áfram búsetu sinni á svæðinu. Vífill Karlsson (2023) gerði rannsókn á þremur aðliggjandi svæðum, Dalabyggð, Húnaþingi vestra og Húnabyggð, en Húnaþing vestra hafði ítrekað komið betur út en Dalabyggð og Húnabyggð í íbúakönnunum. Hér var byggt á grunni rannsóknar Vífils og voru umfangsmiklar megindelegar spurningakannanir með félagssálfræðilegum mælikvörðum lagðar fyrir í sömu sveitarfélögum. Marktækur munur greindist á fjölmörgum mælikvörðum en mesta muninn mátti greina í 1) félagslegri samheldni, 2) trú á getu samfélagsins til að takast á við áskoranir og 3) hversu vel íbúar gátu uppfyllt þarfir sínar í sveitarfélaginu. Þá var afgerandi munur á hvort 4) hrepparígur væri vandamál, 5) hvort erfiðleikar væru í samstarfi dreifbýlis og þéttbýlis og 6) hvort slúður og neikvæðni væru metin sem vandamál í sveitarfélaginu. Húnaþing vestra skilaði betri niðurstöðum á þessum mælikvörðum. Í eigindlegum hluta rannsóknarinnar voru haldnir rýnihópar í öllum sveitarfélögum með það að markmiði að greina hvað gæti valdið þessum mun á milli sveitarfélaganna. Í stuttu máli má segja að niðurstöður rýnihópanna hafi verið eftirfarandi: 1) Samfélagið í Húnaþingi vestra er mun opnara og auðveldara fyrir nýtt fólk að komast inn í það en í Dalabyggð og Húnabyggð. Á það bæði við um aðflutta Íslendinga sem og innflytjendur. Röktu viðmælendur það meðal annars að samfélagið í Húnaþingi vestra væri (og þá aðallega þéttbýlið á Hvammstanga) ekki eins rótgróið og fastmótað og í Dalabyggð og Húnabyggð. 2) Íbúar í Húnaþingi vestra eru stoltir af sterkum fyrirtækjum í eigu heimamanna og njóta góðs af því að hafa áhrif á þjónustu þeirra. Eignarhald „yfir björgunum“ virðist skipta miklu máli og ljáir íbúunum rödd og færir þeim trú á samfélagið. 3) Húnaþing vestra virðist virka sem ein heild á meðan meiri togstreita sé á milli dreifbýlis og þéttbýlis í Dalabyggð og Húnabyggð. Er þetta tengt við farsæla sameiningu sem meira eða minna afmáði hrepparíg í Húnaþingi vestra á meðan sameiningarmál hafa gengið brösulega í hinum tveimur sveitarfélögum. Fjölmargt fleira mætti tína til en vert er að nefna að ein af upphaflegu tilgátum rannsóknarinnar stóðst ekki. Hún gerði ráð fyrir því að munurinn á milli sveitarfélaganna lægi í því að íbúar Húnaþingi vestra hefðu sterkari sálfræðilega tengingu við sveitarfélagið (m.ö.o. að íbúar sveitarfélagsins hefðu sterkari sjálfsmynd sem hópur). Þvert á móti virðast íbúar allra sveitarfélaganna hafa nokkuð sterka sjálfsmynd og þykja vænt um sveitarfélagið sitt. Það sem virðist greina á milli þeirra er trú á styrk samfélagsins, ánægja með þá nærþjónustu sem í boði er og samheldni ólíkra byggðalaga innan sveitarfélagsins. Vonast er til þess að aukin þekking á sálfræðilegum hliðum byggðamála geti stuðlað að sterkari og sjálfbærari samfélögum og aukinni byggðafestu.

## Inngangur

Félagssálfræði og byggðafræði eru fræðasvið sem gætu skarast á margvíslegan hátt en þverfaglegar rannsóknir þar sem sjónarhorn beggja eru höfð að leiðarljósi eru fátíðar (Landini o.fl., 2014). Félagssálfræði, sem er undirgrein sálfræðinnar og nátengd félagsfræði, fæst við skynjun fólks á heiminum í kringum það og fólkið í honum og hvernig fólk hefur áhrif á aðra og verður fyrir áhrifum frá öðrum (Allport, 1985). Sálfræðin hefur sem fræðigrein verið gagnrýnd fyrir að vera of borgarmiðuð bæði í rannsóknum og hagnýtingu niðurstaðna og er því þörf á að taka inn sjónarmið og sérkenni minni samfélaga og dreifðari byggða (Landini o.fl., 2021). Ýmis viðfangsefni byggðafræða, eins og búsetuval og hagir og líðan fólks á ólíkum svæðum, hafa augljósa félagssálfræðilega vídd. Í þessari skýrslu er greint frá blandaðri rannsókn þar sem kannað var hvað væri undirliggjandi ólíkum byggðabrag þriggja íslenskra sveitarfélaga, en ítarlegar spurningakannanir voru lagðar fyrir og rýnihópar framkvæmdir í Dalabyggð, Húnaþingi vestra og Húnaþingi. Vonast er til þess að aukin þekking á sálfræðilegum hliðum byggðamála geti stuðlað að sterkari og sjálfbærari samfélögum og aukinni byggðafestu.

## Byggðabragur: Lærdómur frá þremur sveitarfélögum


Í þessari skýrslu verður notast við hugtakið *byggðabragur* til að vísa almennt til stöðu félagslegra þátta og samfélagsanda í sveitarfélögum. Hugtakið er fengið að láni frá stjórnunarfræðum þar sem gjarnan er talað um fyrirtækjabrag (e. *organisational climate*), sem vísar til upplifunar starfsfólks af vinnustað og tengsla við fyrirtækið, markmið þess, tilgang og stefnu (Schneider o.fl., 2013). Jákvæður byggðabragur ríkir í sveitarfélagi þar sem almenn ánægja er með sveitarfélagið, íbúum þykir þjónusta góð, þeir eru bjartsýnir á framtíðina og vilja halda áfram búsetu sinni á svæðinu (Vífill Karlsson, 2023). Byggðabragur er því mældur með því að fá mat íbúanna á ýmsum þáttum aðlútandi sveitarfélaginu. Íbúakönnun landshlutanna hefur til að mynda kannað hug íbúa til búsetuskilyrða, aðstaða á vinnumarkaði og afstöðu til nokkurra mikilvægra atriða fyrir byggðaðróun, svo sem áform um brottflutning úr sveitarfélaginu (Byggðastofnun, 2024).

Í niðurstöðum íbúakönnunar landshlutanna hefur ítrekað komið fram að íbúar tiltekinna sveitarfélaga hafa skilað mjög lágu mati á stöðu mála á meðan íbúar sambærilegra samfélaga hafa skilað mun hærra mati og ekki er alltaf augljóst hvað veldur. Dæmi um þetta eru þrjú nágrennasvæði á Vesturlandi og Norðurlandi vestra: Dalabyggð, Húnaþingi vestra og Austur-Húnavatnssýsla<sup>1</sup>, en Húnaþingi vestra hefur ítrekað skilað mjög góðri niðurstöðu í

<sup>1</sup> Um nöfn svæða: Þegar rannsókn Vífils Karlssonar (2023) var framkvæmd hafði sameining Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps ekki farið fram og rannsóknin tók einnig til Skagastrandar og Skagabyggðar. Öll Austur-Húnavatnssýsla var því undir í þeirri rannsókn. Rannsóknin sem greint er frá í þessari skýrslu tók aðeins til Húnaþingabyggðar, nýs sameinaðs sveitarfélags Blönduósbæjar og Húnaþingshrepps, en talið var ráðleggra að fara á dýptina í einu sveitarfélagi. Lesandi skal því hafa í huga að þegar rætt er um fyrri rannsókn er vísað til **Austur-Húnavatnssýslu** en þegar rætt er um núverandi rannsókn er vísað til **Húnaþingabyggðar**. Þá er ágætt að fram komi að íbúar Húnaþingabyggðar og Skagabyggðar samþykktu sameiningu skömmu eftir að rannsókninni lauk. Skagabyggð var ekki með í þessari rannsókn.

Íbúakönnuninni á meðan hin tvö hafa fengið mun lakari niðurstöðu. Með öðrum orðum þá virðist byggðabragurinn vera mun jákvæðari eða háleitari í Húnaþingi vestra en hjá nágrönnum þess til austurs og vesturs. Um er að ræða gerólikt samfélagslegt hugarfar þrátt fyrir sambærilega samfélagsgerð og landfræðilega nálægð. Enga augljósa skýringu er að finna þar sem laun, menntunarstig, atvinnuvegir og svo framvegis eru keimlík á milli svæðanna. Það blasir því við að munur þessara samfélaga er að stórum hluta huglægs eða félagslegs eðlis og því mörg tækifæri sem felast í því að vinna með afstöðu íbúanna.

Þetta mynstur úr íbúakönnun landshlutanna varð kveikjan að viðamikilli rannsókn Vífils Karlssonar (2023) sem bar heitið „Margur er knár þó hann sé smár: Hvað útskýrir óvenju ólíka útkomu úr íbúakönnun nokkuð sambærilegra fámennra landsvæða eins og Dala- og V-Húnavatnssýslu?“. Var þar notast við ýmis gögn, til að mynda úr íbúakönnun landshlutanna, hagsöguleg og sagnfræðileg gögn og ítarleg rýnihópaviðtöl við íbúa. Ekki er ætlunin að verja miklu púðri hér í lýsingar á samfélögunum, sögu þeirra, byggðapróun og atvinnumálum og frekar vísað til fyrrnefndrar skýrslu. Gott er þó fyrir lesendur að vita að þessi þrjú sveitarfélög eru öll blönduð (þ.e. búa bæði yfir þéttbýli og dreifbýli) og hafa byggt afkomu sína á landbúnaði, þá helst sauðfjárrækt. Staðsetningu sveitarfélaganna má sjá á mynd A.



**Mynd A.** Kort af þeim þremur sveitarfélögum sem skoðuð eru í þessari rannsókn. Dalabyggð er dökkblá, Húnaþingi vestra er ljósblátt og Húnabyggð gul. Mynd fengin af mælaborði Byggðastofnunar.

Niðurstöðurnar voru ekki afgerandi og ekki fannst ein ákveðin skýring á hinum ólíka byggðabrag milli sveitarfélaganna en nokkur megin þemu stóðu upp úr:

1. **Vel heppnuð sameining sveitarfélaga skipti máli.** Dalabyggð og Húnaþingi vestra eru hvoru tveggja sameinuð úr fjölda minni hreppa. Húnaþingi vestra sameinaðist í því sem næst einni atrennu en nokkrar sameiningar voru í tilfelli Dalabyggðar. Þó sameiningarnar séu báðar löngu um garð gengnar þótti Húnaþingi vestra hafa þjappað sér betur saman á þeim tíma en Dalabyggð. Í Húnaþingi vestra virtist ekki vera togstreita milli dreifbýlis og þéttbýlis með sama hætti og í Dalabyggð, til dæmis varðandi uppbyggingu



íþróttamannvirkja. Mörg erfið mál voru afgreidd í Húnaþingi vestra strax við sameiningu, til að mynda sameining skóla og fækkun félagsheimila, og þótti það mikið gæfuspor að geta spyrnt við fótum strax. Í Dalabyggð eimir enn nokkuð eftir af flokkadráttum í tengslum við gömul hreppamörk og ungmennafélögin, sem eru enn mjög mörg, og sveitarfélagið því ekki fyllilega „huglægt“ sameinað. Sameiningarmál í Austur-Húnavatnssýslu voru enn í mótun, og eru í raun enn í þróun þegar þetta er skrifað.

2. **Staða kvenna.** Konur í Húnaþingi vestra voru mun ánægðari með búsetuskilyrði og þjónustu sveitarfélagsins en á flestum öðrum stöðum á landinu. Þar með er ekki sagt að karlarnir hafi verið óánægðari en kynbræður þeirra annars staðar, konurnar voru einfaldlega mun ánægðari en gengur og gerist. Þá mældist launamunur kynjanna enginn í sveitarfélaginu og ungar konur með háskólamenntun voru ánægðari með aðstæður sínar en konur annars staðar. Atvinnumarkaðurinn í Húnaþingi vestra virtist því hagfelldari fyrir konur en í Dalabyggð og Austur-Húnavatnssýslu. Óljóst er þó hvað veldur nákvæmlega, til að mynda er hlutfall kvenna í ríkisstörfum sambærilegt milli svæðanna og vinnumarkaðurinn áþekkur.
3. **Áföll eða stöðugleiki.** Efnahagsleg áföll hafa dunið yfir Dalabyggð og Austur-Húnavatnssýslu í meira mæli en í Húnaþingi vestra. Munar þar mestu um fall umfangsmikilla kaupfélaga á báðum stöðum. Þó þau áföll séu yfirstaðin virðast þau enn sitja í íbúum sem búast við frekari áföllum, jafnvel þó ekkert bendi til að svo muni fara. Framtíðarhorfur eru því ekki bjartar í hugum margra. Í Húnaþingi vestra hefur ekki verið uppgangur en óvenju mikill stöðugleiki hefur hins vegar verið bæði í efnahagslífi og stjórn sveitarfélagsins, og þar er enn sterkt kaupfélag í eigu heimamanna. Þá munar einnig um að Húnaþing vestra hefur ekki lent í jafn stórum áföllum hvað varðar stóra kvennavinnustaði. Dalabyggð og Austur-Húnavatnssýsla hafa horft á eftir störfum við húsmæðraskóla, fiskverslun, verslun og við bankastofnanir. Þó önnur störf hafi komið í staðinn kunna þau ekki að vera eins aðlaðandi. Því má bæta við að atvinnutekjur á þessum þremur svæðum eru með því lægsta sem gerist á landinu en launajöfnuður er hvergi meiri en í Húnaþingi vestra.
4. **Sterk fyrirtæki í eigu heimamanna og stjórn á innviðum.** Að mati rýnihópa vegur þungt að í Húnaþingi vestra eru flest stærstu fyrirtækin í eigu heimamanna á meðan ráðin yfir björgunum og innviðunum hafi færst úr Dalabyggð og Austur-Húnavatnssýslu. Það þyki styrkja sjálfsmynd samfélaga að íbúum finnist þeir hafa ákveðið eignarhald á fyrirtækjum og stofnunum og geta haft áhrif á þjónustu þeirra. Það búi til þá tilfinningu að hægt sé að hafa stjórn á aðstæðum og taka frumkvæði á þeim sviðum sem íbúar kjósi. Gott dæmi er Kaupfélag Vestur-Húnavetninga, sem er vel rekið, býður upp á gott vöruúrval og sanngjarnt verð og tekur tillit til óska og þarfa íbúa. Gremju gætir hinsvegar í garð verslana í Dalabyggð og Austur-Húnavatnssýslu sem eru útibú frá verslanakeðjum sem taka við skipunum annars staðar frá. Íbúum finnst verslanirnar og önnur mikilvæg fyrirtæki ekki í „þeirra höndum“ og samfélagið því jafnvel upp á „aðra komið“. Íbúum í Dalabyggð þótti einnig vanta ákveðna djörfung og þor til þess að standa í nýsköpun og framkvæmdum á svæðinu. Taka ber fram að stöndug, og jafnvel landsþekkt, fyrirtæki í eigu heimamanna starfa vissulega í Dalabyggð og Austur-Húnavatnssýslu en þau vega hlutfallslega mun minna en í atvinnu- og efnahagslífi Húnaþings vestra.

5. **Félags- og menningarstarf.** Húnaþing vestra býr yfir iðandi mannlífi þar sem bæði er fjölbreytt framboð af félagsstarfi og afþreyingu og mikil þátttaka í viðburðum. Mikið er lagt upp úr starfi kóra og leikfélaga og annarri starfsemi tengdri listum. Í Dalabyggð og Austur-Húnavatnssýslu eru líka starfræktir kórar og ýmis félög en þátttaka virðist ekki vera jafn almenn og ábyrgðin og vinnan lendir á færri einstaklingum sem bera félagslífið uppi.
6. **Jákvæðni og samkennd.** Rýnihópum bæði í Dalabyggð og Austur-Húnavatnssýslu bar saman um að meiri jákvæðni einkenndi Húnaþing vestra en þeirra eigin samfélög. Þar samgleðjist fólk frekar öðrum, hrósi og klappi á bakið á meðan það sé nánast eins og samfélagið skorti sjálfstraust í Dalabyggð og Austur-Húnavatnssýslu. Eins konar vanmáttarkennd þvælist fyrir. Sambærilegir þættir ýti undir neikvæðni í Húnaþingi vestra og í hinum samfélögum en þau viðhorf séu einfaldlega mun fátíðari. Í Húnaþingi vestra sé einhver „X-factor“ sem erfitt sé að festa fingur á – samfélagið ljómi af smitandi lífsgleði. Þessi óútskýrði „X-factor“ birtist meðal annars í ríku menningarlífi í Húnaþingi vestra og ánægju íbúanna með sveitarfélagið. Hið félagslega sem íbúarnir skapa á milli sín er greinilega einstakt og vegur þyngra en efnahagslegir mælikvarðar, sem ef eitthvað er, segja allt aðra sögu.

Í þessari rannsókn er ætlunin að kafa dýpra ofan í það mynstur sem lýst er hér að framan og kanna hvaða félagssálfræðilegu áhrifaþættir geti legið að baki. Til að byggja á þeirri þekkingu og nýta þau tengsl sem sköpuðust í fyrri rannsókn voru sömu sveitarfélög til grundvallar í þeirri rannsókn sem fjallað er um í þessari skýrslu, það eru Dalabyggð, Húnaþing vestra og Húnaþing norðausturlands. Notast var við blandaða rannsóknaraðferð og má lýsa henni svo: 1) Farið var í gegnum rannsóknir í félagssálfræði og kennsl borin á félagssálfræðilegar breytur og mælikvarða sem væri hægt að nota til að mæla byggðabrag. Þeim breytum er lýst hér á eftir. 2) Ráðist var í viðtækar meginlegar spurningakannanir í sveitarfélagum þremur og niðurstöður bornar saman á milli sveitarfélaga. Þar sem greindist marktækur munur á félagssálfræðilegum breytum og mælikvörðum má segja að leynist vísbending um það í hverju munur á byggðabrag liggir. 3) Rýnihópaviðtöl voru haldin þar sem rýnt var í niðurstöður kannananna. Viðtalsrammi og rannsóknarspurningar voru hannaðar út frá þeim breytum og mælikvörðum þar sem marktækur munur var á milli sveitarfélaganna. Taka ber fram að hér er ekki ætlunin að sýna fram á orsakasamhengi heldur frekar að greina undirstöður jákvæðs (eða neikvæðs) byggðabrag og þar með leggja grunninn að frekari rannsóknum (sjá Grosz o.fl., 2020).

## Félagssálfræðilegir þættir sem tengjast byggðabrag

Það að maður sé manns gaman er ekki ofsögum sagt. Virk þátttaka í samfélaginu bætir líkamlega heilsu og andlega líðan, en það hefur verið kallað hin félagslega lækning (e. *social cure*) (Jetten o.fl., 2012). Fólk sem hefur sterk tengsl við aðra lifir lengur og glímur við færri sjúkdóma en fólk sem býr við félagslega einangrun (Haslam o.fl., 2018). Þessi munur á ekki aðeins við um einstaklinga, heldur heilu samfélögin, en þekkt er að í samfélögum sem rík eru af félagsauði (e. *social capital*) býr fólk almennt við betri heilsu og líðan (Ehsan o.fl., 2019). Hópar eru okkur mjög hollir og þar skiptir nærsamfélagið (e. *local community*) líklega einna mestu máli. Út frá þeim mælikvarða einum þarf ekki

að koma á óvart að íbúar í Húnaþingi vestra séu ánægðir, enda er sveitarfélagið sem fyrr segir þekkt fyrir mikla félagsmálaþátttöku og gerjun í mannlífi.

Jákvæð áhrif félagsskapar einskorðast þó ekki við magn samskipta, heldur skapast í hópum ýmsir sálfræðilegir ferlar sem snúa að því hvernig einstaklingurinn meðtekur og skynjar þá hópa sem hann tilheyrir. Eins og betur verður lýst á eftir þá verða hópar sem við tilheyrum hluti af sjálfsmynd okkar, þeir lifa með okkur og hafa áhrif á hegðun okkar, viðhorf og líðan. Í þessum kafla verður fjallað um félagsálfræðilega þætti sem geta haft áhrif á byggðabrag og mögulegt er að hagnýta í byggðapróun. Þeir eru 1) félagsleg sjálfsmynd (e. social identity), 2) sameiginleg sjálfstítrú og félagsleg samheldni og 3) samfélagskennd.

## Félagsleg sjálfsmynd

Manneskjan er hópdyr sem hefur sterka tilhneigingu til að skipta fólki í innhópa<sup>2</sup> (e. *ingroups*) sem við tilheyrum og úthópa (e. *outgroups*) sem við tilheyrum ekki. Við byggjum hluta sjálfsmyndar okkar á hópum sem við tilheyrum og þekking og meðvitund um þá hópa er kölluð félagsleg sjálfsmynd (Tajfel, 1978; Tajfel og Turner, 1979). Nokkrar leiðir eru færar til að mæla félagslega sjálfsmynd en hér í þessari rannsókn verða skoðaðir tveir mælikvarðar: Félagsleg samsömun og sameiginlegur narsissismi. Félagsleg sjálfsmynd er því notuð sem yfirheiti yfir þessi tvö hugtök.

Það að samsama sig félagslegum hópi (þ.e. félagsleg samsömun; e. *social identification*) er að upplifa sig sem hluta af hópnum og að sjá hann í jákvæðu ljósi (Cameron, 2004; Leach o.fl., 2008). Í félagslegri samsömun felst sú upplifun að maður sé í tengslum við hópinn (tengsl; e. *ingroup ties*), sjái hópinn sem hluta af eigin persónulegu sjálfsmynd (miðlægni; e. *centrality*) og að maður hafi jákvæðar tilfinningar í garð hópsins (hóptilfinning; e. *ingroup affect*). Félagsleg samsömun hefur víðtæk áhrif á líf okkar og er ákveðin forsenda þess að fólk hafi hvata til að taka þátt og leggja sitt af mörkum fyrir þá hópa sem því finnast mikilvægir. Hópurinn hefur persónulega þýðingu sem býr til skuldbindingu og einlægan vilja til þess að vinna honum gagn (Cichocka, 2016). Til dæmis hafa rannsóknir sýnt að félagsleg samsömun tengist því að starfa sem sjálfboðaliði (Gronfeldt o.fl., 2023; Lai o.fl., 2013) og taka þátt í kosningum og grasrótarstarfi (Richey, 2011). Þá virðist sambandið ganga í báðar áttir, því sjálfboðaliðastarf eykur líka félagslega samsömun (Bowe o.fl., 2020). Félagsleg samsömun eykur traust á milli fólks, samvinnu og þátttöku í málefnum hópsins (Bilewicz og Wójcik, 2010; Brewer, 1999). Þá tengist félagsleg samsömun aukinni tryggð við hópinn; fólk sem samsamar sig með innhópi er ólíklegra til að yfirgefa hann og stendur með honum (Abrams o.fl., 1998; Ellemers o.fl., 1997; Marchlewska o.fl., 2020).

Það gefur auga leið að sterk félagsleg samsömun ætti að gagnast innhópnum. Sé hún til staðar býr innhópurinn yfir einstaklingum sem eru tilbúnir að vinna að hagsmunum hans og standa með honum ef á móti blæs. En hvaða áhrif hefur það á viðhorf gagnvart úthópum? Þýðir það að upplifa sig sterklega sem Borgnesing sjálfkrafa að manni líki illa við Akurnesinga? Þýðir sterk samsömun fordómar, hroki, yfirgangur og jafnvel árásargirni gagnvart þeim sem ekki

<sup>2</sup> Stundum eru hugtökin „innri“ og „ytri“ hópar notuð yfir inn- og úthópa.

tilheyra innhópnum? Nefnilega ekki. Rannsóknir hafa sýnt að félagsleg samsömun tengist umburðarlyndi, jákvæðum viðhorfum og trausti í garð annarra hópa (Cichocka o.fl., 2016; Golec de Zavala o.fl., 2013; Marchlewska o.fl., 2020). Sá sem veit hver hann er og er stoltur af því þarf sjaldnast að sparka aðra niður til að upphefja sjálfan sig. Sterk samsömun með hópi þarf því ekki að vera neikvæð fyrir viðhorf til annarra. Þvert á móti getur hún verið hreyfiafl til góðs, fyrir innhópin og úthópa. Félagsleg samsömun tengist meira að segja gagnrýnu en uppbyggilegu viðhorfi í garð eigin innhóps; fólk sem býr yfir hárrí félagslegri samsömun viðurkennir kosti og galla hópsins, mistök sem hann kann að hafa gert og hefur vilja til að bæta fyrir misgjörðir fortíðar (Kazarovytka og Imhoff, 2022). Félagslegri samsömun má því lýsa sem heilbrigðu stolti af hópi sem maður hefur tilfinningalega tengingu við (Cichocka, 2016). Hugtakið svipar því til föðurlandsástar (e. *patriotism*) þegar rætt er um tilfinningar fólks til lands síns (Kosterman og Feshbach, 1989). Félagsleg samsömun getur þó átt við hvaða hóp sem er, svo sem íþróttalið, þjóðerni, stjórnmalaflokk, nú eða sveitarfélag, eins og í þessari rannsókn.

Höfundar vita ekki til þess að félagsleg samsömun með sveitarfélögum hafi verið rannsökuð á Íslandi út frá sama sjónarhorni og hér hefur verið lýst en tvær rannsóknir hafa þó verið gerðar á staðartengslum (e. *place attachment*) og staðarsamsemd (e. *place identity*) Íslendinga í tengslum við nærumhverfið. Í meistarrannsókn sinni tók Albertína Friðbjörg Elíasdóttir (2012) viðtöl og safnaði myndum frá þrettán einstaklingum sem voru eða höfðu verið búsettir á Ísafirði. Ýmislegt áhugavert kom í ljós, meðal annars að aðfluttir íbúar tengdu sig frekar við náttúru og umhverfi staðarins en innfæddir við samfélagið. Báðir hópar virtust þó hafa sterk tengsl til Ísafjarðar. Óhætt er að mæla með lestri þessarar áhugaverðu ritgerðar. Þóroddur Bjarnason (2018) kannaði staðarsamsemd meðal íbúa á Húsavík, Dalvík og Akureyri með því að láta þátttakendur taka afstöðu til fullyrðingarinnar: „Ég er Húsvíkingur/Dalvíkingur/Akureyringur“. Staðarsemd hafði jákvæð tengsl við búsetuánægju. Það sem er þó markverðara í samhengi við þá rannsókn sem greint er frá í þessari skýrslu er að staðarsamsemd mældist missterk milli staða. Sterkust var hún á Húsavík, þá Dalvík og veikust á Akureyri. Þetta má túlka sem vísbendingu um að félagsleg samsömun geti verið ólík milli íslenskra sveitarfélaga.

Í ljósi allra þeirra jákvæðu áhrifa sem félagsleg samsömun hefur á samfélög og einstaklinga má án efa líta á hana sem einn mælikvarða á jákvæðan byggðabrag. Félagsleg samsömun íbúanna tengd nærsamfélaginu (e. *sense of local identity*), þar sem byggt er á sérkennum samfélagsins en fjölbreytileikanum fagnað og lögð áhersla á umburðalyndi, er eitt af einkennum þrautseigra og samhentra samfélaga samkvæmt *Resilient Cities Network* (The Rockefeller Foundation og ARUP, 2014). Rannsóknir þar sem könnuð hefur verið félagsleg samsömun í tengslum við sveitarfélög hafa sýnt fram á að þau geti einmitt verið mikilvægur grunnur sjálfsmyndar fólks og tengst áhuga og þátttöku í málefnum sveitarfélagsins (Borwein og Lucas, 2023; Bühlmann, 2012). Í samhengi þessarar rannsóknar má því segja að félagsleg samsömun sé einn mælikvarði á byggðabrag því í henni virðist felast raunveruleg löngun til þess að gera hópnum eða samfélaginu gagn (Cichocka, Cislak, o.fl., 2022).

Félagsleg samsömun er þó ekki eina tegund sambands einstaklings við innhópinn. Kenningarrámmi sem nýtur aukinna vinsælda í félagslegri sálfræði greinir á milli félagslegrar samsömunar og sameiginlegs narsissisma<sup>3</sup> (e. *collective narcissism*) (Cislak og Cichocka, 2023). Sameiginlegur narsissismi er trú á stórfengleika innhópsins ásamt þeirri tilfinningu að yfirburðir hópsins séu ekki viðurkenndir af öðrum (Golec de Zavala o.fl., 2009). Sameiginlegur narsissismi tengist neikvæðum viðhorfum til annarra hópa, árásgirni, fordómum og samanburði við aðra (Cichocka, Bocian, o.fl., 2022). Fólk sem mælist hátt í sameiginlegum narsissisma er móðgunargjarnt og viðkvæmt fyrir gagnrýni á innhópinn (Golec de Zavala o.fl., 2016) og gleðst yfir óförum annarra hópa (Guerra o.fl., 2022).

Öfugt við félagslega samsömun er sameiginlegur narsissismi ekki einlæg löngun til þess að sjá hópinn blómstra, heldur sjá þeir sem eru háir í sameiginlegum narsissisma hópinn frekar sem verkfæri sem gagnast eigin egói (Cichocka, 2016; Marchlewska o.fl., 2020). Þó sameiginlegur narsissismi kunni á yfirborðinu að líta út fyrir að vera sterk skuldbinding við hópinn einkennist hann þvert á móti af tækifærismennsku. Sem dæmi þá eru stuðningsmenn íþróttaliða sem mælast háir á sameiginlegum narsissisma líklegir til að merkja sig liðinu og styðja það þegar því gengur vel en fjarlægja sig frá liðinu þegar illa gengur (Larkin o.fl., 2022) og stjórnáamenn sem eru háir í sameiginlegum narsissisma með sínum flokki eru líklegri til þess að hafa verið meðlimir í öðrum stjórnáamaflokkum (Gronfeldt o.fl., 2023). Sameiginlegur narsissismi tengist því minni tryggð við hópinn, þó það kunni að hljóma þversagnakennt (Marchlewska o.fl., 2020).

Félagsfræðingurinn Theodor W. Adorno sagði í frægri bók: „Weak egos seek compensation in great collectives“ (Adorno, 1963, bls. 94), sem mætti þýða sem svo að fólk bæti upp fyrir lítið egó með því að spegla sig í stórkostlegum hópum. Það reyndist ekki vera fjarri lagi því rætur sameiginlegs narsissisma liggja í óuppfulltum sálfræðilegum þörfum; fólk virðist bæta upp fyrir eigin annmarka með því að hefja innhópinn til skýjanna (Cichocka, 2016). Þetta hefur verið sýnt fram á í tilraunum þar sem þátttakendur eru látnir hugsa um atvik þar sem þeim fannst þeir ekki hafa stjórn á eigin lífi, og við það hækkaði sameiginlegur narsissismi en félagsleg samsömun lækkaði (Cichocka o.fl., 2018). Þetta er ein af ástæðum þess að sameiginlegur narsissismi virðist koma hópum svona illa. Sameiginlegur narsissismi er fyrst og fremst viðbragð einstaklingsins til þess að friðþægja sjálfan sig en ekki einlæg löngun til þess að vinna hópnum gagn.

Í ljósi þeirra neikvæðu áhrifa sem sameiginlegur narsissismi virðist hafa fyrir innhópinn er hægt að líta á hann sem mælikvarða á neikvæðan byggðabrag. Sameiginlegur narsissismi hefur mest verið rannsakaður í tengslum við þjóðerni (Cichocka og Cislak, 2020) en einstaka sinnum í tengslum við aðra hópa, svo sem kyn (Góraska o.fl., 2020), fyrirtæki (Cichocka, Cislak, o.fl., 2022), trúarbrögð (Marchlewska o.fl., 2019), öfgasamtök (Jasko o.fl., 2020) og stjórnáamaflokka (Gronfeldt o.fl., 2023). Sameiginlegur narsissismi hefur ekki áður verið skoðaður í tengslum við staðbundin eða minni samfélög, eins og sveitarfélög. Sameiginlegur narsissismi er hærri í löndum sem hafa orðið

<sup>3</sup> Ekki er til góð þýðing á orðinu „narcissism“ en hugtakið vísar til sjálfhverfu, hégómagirni og árásgirni í garð þeirra sem þykja ógnandi.

útundan í alþjóðavæðingunni (Cichocka o.fl., 2023) og því er áhugavert að skoða hann í tengslum við sveitarfélög, sem hafa farið æði misjafnlega úr byggðapróun síðustu áratuga.

## Sameiginleg sjálfstílrú og félagsleg samheldni

Önnur mikilvæg félagsálfræðileg breyta fyrir samfélög er sameiginleg sjálfstílrú (e. *collective efficacy*). Sameiginleg sjálfstílrú er trú fólks á getu samfélagsins í heild sinni til þess að skipuleggja og framkvæma það sem þarf til að ná settum sameiginlegum markmiðum (Bandura, 1997). Með öðrum orðum, þá er sameiginleg sjálfstílrú eins konar mat fólks á því hvort samfélagið „hafi það sem þarf“ til þess að takast á við sameiginlegar áskoranir.

Samkvæmt Bandura (1997, 2000) eiga sameiginleg sjálfstílrú og trú einstaklings á eigin getu að hluta til sömu rætur: Mat á getu hóps endurspeglar mat einstaklinganna sem hann myndar á eigin getu. Sjálfstílrú (e. *self-efficacy*; einnig stundum þýtt sem trú á eigin getu) hvers einstaklings fyrir sig eru því undirstöður sameiginlegrar sjálfstílrúar hópsins. Sameiginleg sjálfstílrú hópsins er þó ekki aðeins meðaltal trúar einstaklinganna á eigin getu heldur nýr eiginleiki sem á við um allan hópinn og mótast af reynslu. Dæmi má taka af íþróttaliði sem býr yfir afburða íþróttamönnum sem geta ekki unnið eða spilað saman sem liðsheild, slíkt lið á ekki sjö dagana sæla fyrr en því tekst að stilla saman strengi. Sameiginleg sjálfstílrú verður til þegar hópnum tekst að áorka hluti sem einstaklingar hefðu ekki getað gert einir og sér. Í því felst einnig að einstaklingarnir séu háðir hver öðrum til að ná þessum árangri og treysta því getu og heilindum hvers annars (e. *interdependence*).

Félagsleg samheldni (e. *social cohesion*) er nátengt hugtak, sem gjarnan er rannsakað samhliða, og felur í sér mat á nánd og trausti milli fólks í samfélaginu (Sampson o.fl., 1997). Félagleg samheldni er eitt af áhersluatriðum Evrópuráðsins (e. *Council of Europe*) í samfélagsþróun 21. aldar (Council of Europe, 2008). Samkvæmt Evrópuráðinu felst félagsleg samheldni í því að gagnkvæmt traust sé á milli íbúa, þeir standi saman þegar á reynir, eigi í góðum samskiptum, eigi sameiginleg gildi og jafnræði sé milli fólks. Félagleg samheldni er eins konar grunnur sem sameiginleg sjálfstílrú stendur á og skilar sterkari samfélögum. Sem dæmi virðist samvera fólks í samfélaginu ýta undir bæði sameiginlega sjálfstílrú og félagslega samheldni en hún býr til aðstæður þar sem traust skapast milli fólks (Collins o.fl., 2014; Zahnow o.fl., 2022).

Sameiginleg sjálfstílrú hefur, eftir því sem höfundur kemst næst, ekki verið skoðuð beinlínis í tengslum við sveitarfélög en í þó nokkuð mörgum rannsóknum hefur hún verið skoðuð í hverfum stórborga og að einhverju marki í þorpum eða bæjum. Í rannsókn sem framkvæmd var í Chicago kom í ljós að eftir því sem sameiginleg sjálfstílrú íbúa hverfis var hærri, því færri ofbeldisglæpir voru framdir í því hverfi (Sampson o.fl., 1997). Þessar niðurstöður hafa síðan verið staðfestar í öðrum rannsóknum (Browning o.fl., 2004; Hipp og Wickes, 2017). Nokkrar ástæður voru nefndar fyrir þessum niðurstöðum. Í hverfum þar sem íbúar búa yfir hárrí sameiginlegri sjálfstílrú ríkir meira félagslegt aðhald og íbúar láta til sín taka. Það ríkir sameiginlegur skilningur meðal íbúanna um hvað sé eðlileg hegðun og óformlegir ferlar myndast þar sem þeim stöðlum er framfylgt. Dæmi er að ef íbúi verður vitni að einhverju sem miður fer (t.d. innbroti, eignaspjöllum eða ógnandi hegðun) er hann líklegri til að skerast í leikinn eða

hringja í lögregluna ef hann hefur trú á því að eitthvað verði gert í málinu – að samfélagið svari. Þar af leiðandi gætu slæmir atburðir eins og rán eða árásir verið fátíðari í samfélögum þar sem sameiginleg sjálfstítrú er sterk og meiri félagslegur stuðningur hefur verið fyrir hendi ef slíkir atburðir verða.

Dæmi sem ef til vill er auðveldara að yfirfæra á íslenskan veruleika kemur úr áhugaverðri rannsókn Ahern og Galea (2011) sem framkvæmd var á hverfum í New York. Í ljós kom að íbúar sem bjuggu í hverfum þar sem sameiginleg sjálfstítrú var sterk voru ólíklegri til að greinast þunglyndir. Líkleg orsök var talin sú að sameiginleg sjálfstítrú skapaði samtakamátt meðal íbúanna til að berjast fyrir hagsmunum sínum, til dæmis að bættari heilbrigðisþjónustu. Sameiginleg sjálfstítrú er einnig mikilvægur hluti í seiglu (e. *resilience*) samfélaga sem verða fyrir áföllum eins og náttúruhamförum (Babcicky og Seebauer, 2020; Ntontis o.fl., 2021). Rannsókn sem framkvæmd var meðal íbúa sveitaparps í Colorado sem varð fyrir stórfloði sýndi fram á þetta (Benight, 2004). Íbúar sem mældust með sterka sameiginlega sjálfstítrú urðu fyrir minni sálrænum áhrifum af þeim skaða sem flóðið olli (t.d. skemmdir á húsnæði eða tilfinningalega mikilvægum munum). Í sömu rannsókn kom fram að sameiginleg sjálfstítrú hefði stuðlað að því að íbúar tóku höndum saman með skipulögðum hætti og stofnuðu nefnd sem fór fyrir máli þeirra gagnvart stjórnvöldum.

Í ljósi alls ofan talins má telja líklegt að ólíkur byggðabragur geti birst í sameiginlegri sjálfstítrú íbúa sveitarfélaga og mati þeirra á félagslegri samheldni í samfélaginu.

## Samfélagskennd

Að lokum verður svokölluð samfélagskennd (e. *sense of community*) könnuð. Samfélagskennd er sú tilfinning að maður tilheyri samfélaginu, fólk skipti hvert annað og samfélagið máli og að fólk muni fá það sem það þarf í nærumhverfinu (McMillan og Chavis, 1986). Samfélagskennd samanstendur af fjórum undirþáttum:

- 1) Uppfylling þarfa (e. *needs fulfilment*), sú tilfinning að maður fái öllum þörfum sínum fullnægt í samfélaginu. Samfélag verður að geta séð meðlimum sínum fyrir þeim gæðum sem aðild á að fylgja. Þau gæði eru mismunandi eftir gerð hópa en í tilfelli sveitarfélaga eru það allar helstu forsendur búsetu á svæðinu (t.d. nærþjónusta).
- 2) Samfélagsaðild (e. *membership*), sú tilfinning að maður tilheyri samfélaginu og tengist fólkinu í því persónulega. Í samfélagsaðild felst að maður hafi lagt hluta af sjálfum sér í að verða meðlimur og eigi því rétt á að tilheyra og njóta þess tilfinningalega öryggis sem því fylgir að vera hluti af hópi. Í samfélagsaðild felast ákveðin mörk (e. *boundaries*), sumir tilheyra og aðrir ekki, og þessi mörk veita skjól til þess að nánd á milli meðlima skapist. Mörkin geta meðal annars birst í sérkennum samfélagsins, merkjum, fánum, siðum eða byggingalist.
- 3) Áhrif á samfélagið (e. *influence*), sú tilfinning að maður skipti máli í samfélaginu, geti haft áhrif á það og einnig að samfélagið skipti meðlimi þess máli. Áhrifin ganga því í báðar áttir. Ef einstaklingur laðast að hópi

þá hlýtur viðkomandi að hafa einhver áhrif á hvað hópurinn aðhefst. Að sama skapi þá veltur samheldni hópsins á því að hópurinn sem eining hafi áhrif á einstaklinga innan hans.

- 4) Tilfinningaleg tenging (e. *emotional connection*), að finnast maður tengjast samfélaginu í gegnum sögu þess, staðsetningu og sameiginlega reynslu annarra sem búa í samfélaginu. Það er ekki nauðsynlegt að maður sé sjálfur hluti af sögu samfélagsins en maður verður að tengja við hana á einhvern hátt. Einhvers konar bein þátttaka í samfélaginu, þar sem átt er í jákvæðum samskiptum við aðra meðlimi hópsins, er einnig forsenda tilfinningalegrar tengingar.

Samfélagskennd hefur verið lýst sem einskonar hvata eða aflvaka (e. *catalyst*) fyrir samfélagsþróun og ýmis konar samfélagsþátttöku (Chavis og Wandersman, 1990; Talò o.fl., 2014). Samfélagskennd gæti því verið einn mælikvarði jákvæðs byggðabrag.

## Aðrir þættir

Huga ber einnig að ýmsum öðrum félagslegum þáttum sem mikilvægir eru byggðaðróun sem ekki er beinlínis hægt að ná utan um með þeim breytum og mælikvörðum sem taldir voru upp hér að framan. Eftirfarandi atriði vöktu athygli höfunda og því voru breytur byggðar á þeim settar í kannanirnar:

1. **Einstaklingsmunur.** Eggið og hænan er klassískt vandamál í félagsvísindum. Getur verið að hinn jákvæða byggðabrag í Húnaþingi vestra megi rekja til þess að fólkið þar sé í einhverjum grundvallaratriðum ólíkt fólkinu í samanburðarsveitarfélögum? Fólkið sé í grunninn jákvæðara og það birtist síðan sem jákvæður byggðabragur? Þó það sé tilgáta höfunda að svo sé ekki, heldur megi byggðabraginn rekja til þess félagslega sem íbúarnir skapa á milli sín, er verðugt að prófa þennan möguleika. Til þess eru tvær breytur sem mæla einstaklingsmun hafðar með í könnunum: Hamingja og sjálfstraust.
2. **Slúður og neikvæðni.** Gréta Bergrún Jóhannesdóttir og félagar hafa skoðað slúður í litlum samfélögum á Íslandi og komist að því að fólk sem telur sig fórnarlamb slúðursagna er líklegra til að telja líklegt að það flytji úr samfélaginu (Johannesdóttir o.fl., 2021). Þrátt fyrir að slúður sé mjög kynjað fyrirbrigði (sjá Johannesdóttir, 2024) virðast áhrif slúðurs á fyrirætlanir um brottflutning úr sveitarfélagi vera svipuð fyrir karla og konur. Slúður er eins konar félagslegt aðhaldstæki í litlum samfélögum sem notað er til þess að refsfa fólki fyrir „óæskilega“ hegðun (Johannesdóttir og Skaptadóttir, 2023). Í fyrri rannsókn Vífils Karlssonar (2023) var það mat þátttakenda að eins konar almenn neikvæðni væri einnig til vandræða í sveitarfélögum með lágstemmdan byggðabrag. Hér er þetta tvennt sett saman og til þess að kanna mögulegan þátt slúðurs og neikvæðni í byggðabrag sveitarfélaga voru þátttakendur beðnir um að meta eftirfarandi fullyrðingu: „Slúður og neikvæðni eru vandamál í sveitarfélaginu.“
3. **Að samgleðjast öðrum.** Í rýnihópum í fyrri rannsókn Vífils Karlssonar kom fram að viðmælendur töldu mun vera á sveitarfélögum þegar kæmi að viðhorfum til íbúa sem gengi vel og létu á sér bera. Þetta var kannað með því að láta viðmælendur taka afstöðu til fullyrðinganna: „Ég finn fyrir stolti þegar öðrum íbúum gengur



vel og láta á sér bera“ og „Ég finn fyrir stolti þegar ég sé umfjöllun í fréttum af jákvæðum viðburðum eða uppbyggingu í sveitarfélaginu“.

4. **Stolt.** Líkt og lýst var í kafla um félagslega samsömun er stolt mikilvægt fyrir hvern hóp. Gera má ráð fyrir því að ólíkt sé milli svæða til hvaða atriða fólk sækir sitt stolt. Í áðurnefndum könnunum voru þátttakendur því beðnir að meta hve stoltir þeir væru af a) samfélaginu, b) sögu og menningararfleið, c) náttúru og landslagi og d) afreksfólki á sviði íþróttar, lista og menningar. Skoðað verður hvort munur sé milli sveitarfélaga á því hve stoltir íbúar séu af framangreindum þáttum.
5. **Hrepparígur og samstarf þéttbýlis og dreifbýlis.** Vitað er að samstarf þéttbýlis og dreifbýlis getur verið misjafnt milli sveitarfélaga. Í íbúakönnun landshlutanna hefur komið fram að víða eru íbúar dreifbýlis óánægðari með þjónustu sveitarfélags síns en íbúar í dreifbýli (Bygðastofnun, 2024). Ítrekað kom fram í rannsókn Vífils Karlssonar (2023) að vel heppnuð sameining sé mikilvæg til að ná sátt þessara póla og að hrepparígur sé enn vandamál í sumum sveitarfélögum. Gera má ráð fyrir því að þar sem ríki jákvæður byggðabragur sé gott samstarf milli dreifbýlis og þéttbýlis og að hrepparígur sé ekki til staðar. Því voru þátttakendur beðnir að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga: „Hrepparígur er vandamál á svæðinu“ og „Dreifbýlið og þéttbýlið eiga erfitt með að vinna saman“.
6. **Gremja í garð ríkisvaldsins.** Gremja fólks með stöðu heimasvæðis síns (e. *place-based resentment*), hvort sem það er þéttbýli eða dreifbýli, hefur verið viðfangsefni í rannsóknum í stjórnmálafræði (Munis, 2022). Í Bandaríkjunum hefur slík gremja sterk áhrif á kosningahegðun og viðhorf (Jacobs og Munis, 2023). Í þessari gremju felst neikvæð tilfinning um að svæðið hafi verið skilið eftir af ríkisvaldinu eða það sé í harðri samkeppni við aðra staði á landinu um fjármagn og stuðning. Í íslenskum fjölmiðlum er ítrekað greint frá óánægju heimamanna með ýmsa málaflokka sem heyra undir ríkisvaldið og reglulega kemur upp umræða um ráðstöfun fjármuna til framkvæmda þar sem togast á hagsmunir þéttbýlis og dreifbýlis. Það er sennilegt að ólíkur byggðabragur birtist í afstöðu til þessara mála. Þátttakendur voru því beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingarinnar: „Sveitarfélagið hefur verið skilið eftir af ríkisvaldinu“.
7. **Áhugi á samfélagslegri þátttöku.** Líkt og ítrekað kom fram í fyrri rannsókn Vífils Karlssonar (2023) töldu viðmælendur meiri áhuga á þátttöku í félags- og menningarmálum í Húnaþingi vestra en í öðrum sveitarfélögum. Þessi áhugi hefur þó ekki verið mældur með beinum hætti áður. Til staðfestingar á niðurstöðum rýnihópanna í fyrri rannsókn var hér mældur áhugi íbúa á þátttöku í ýmsum samfélagsmálum. Upptalningu á þeim atriðum sem spurt var um má finna í aðferðakafla.
8. **Almennar spurningar um sveitarfélag.** Til samræmis við íbúakönnun landshlutanna voru nokkrar almennar spurningar um ánægju með sveitarfélagið, málaflokka innan þess og líkur á brottflutningi á komandi árum. Sjá nánar í aðferðafræðikafla.
9. **Viðhorf til aðkomufólks.** Í þeim miklu þjóðfélagsbreytingum sem nú eiga sér stað á Íslandi eru viðhorf til innflytjenda aðkallandi viðfangsefni. Þó ekki sé ætlunin hér að kafa djúpt ofan í það viðfangsefni er engu að síður nauðsynlegt að kanna viðhorf íbúa til nýrra íbúa í sveitarfélaginu og tengja það við byggðabrag. Því

var afstaða íbúa til þess hvort sveitarfélagið ætti að taka innflytjendum, íbúum frá öðrum sveitarfélögum og nýjum fyrirtækjum opnum örmum.

10. **Tækifæri í lífinu.** Þekkt er að ytri aðstæður skipta máli í búferlaflutningum og búsetuvali. Fólk sækist í að búa þar sem búsetuskilyrði henta högum þess best, til dæmis varðandi atvinnumöguleika, afþreyingu og þjónustu (Stefán Ólafsson, 1997). Til að ná utan um það hvort þátttakendur teldu sig hafa möguleika til að blómstra í núverandi búsetu sinni voru þeir beðnir um að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: „Ég upplifi að ég hafi tækifæri til að ná árangri í leik og starfi í sveitarfélaginu“.

## Markmið, tilgátur og rannsóknarspurningar

Í þessari rannsókn verður kafað ofan í byggðabrag með nýstárlegum hætti. Aðferðum félagssálfræðinnar verður beitt til að kanna hvernig ólíkur bragur sveitarfélaga birtist hjá íbúum, í viðhorfum þeirra til sveitarfélagsins og í tengslum við sveitarfélagið sitt. Það verður gert bæði með megindegum og eigindlegum hætti. Markmið megindelega hluta rannsóknarinnar (spurningakannana) er að greina á hvaða félagssálfræðilegu mælikvörðum sveitarfélögin þrjú, Dalabyggð, Húnaþing vestra og Húnabyggð, skila ólíkum niðurstöðum. Sú almenna tilgáta er sett fram að Húnaþing vestra muni skila jákvæðari eða sterkari mælingum, þó enginn munur kunni að vera á sveitarfélögunum í einhverjum tilvikum. Viðtalsrammi rýnihópa verður svo hannaður út frá megindegu niðurstöðunum og unnið með þær með íbúum. Með þeim verður kafað dýpra ofan í sérkenni hvers samfélags og þess hvað liggja að baki niðurstöðunum. Með þessari aðferðafræði er vonast til þess að ný þekking skapist og nýtist íslensku samfélagi.

## Spurningakannanir

### Gagnaöflun

Þrjár spurningakannanir voru framkvæmdar á netinu haustið 2023, ein í hverju sveitarfélagi. Sveitarstjórnur var boðið samstarf. Gegn því að auglýsa könnunina fyrir íbúum sínum (t.d. á heimasíðu og Facebook síðu) fékk hvert sveitarfélag að setja inn sérhannaðar spurningar um málefni sem áhugi var á að fá álit íbúa á. Þá var sendur út fjölpóstur á öll heimili með boði um þátttöku í könnuninni. Að auki var þátttakendum boðið að skrá netfang sitt og taka þannig þátt í happdrætti, en einn þátttakandi í hverju sveitarfélagi vann 50.000 kr. gjafabréf. Úrtakið var því hentugleikaúrtak.

### Þátttakendur

Í heild tóku 400 manns þátt í könnuninum. Um 60% voru konur, meðalaldur var um 48 ár og meðalbúsetulengd í sveitarfélaginu um 30 ár. Um 65% þátttakenda í Húnaþingi vestra og Húnabyggð bjuggu í þéttbýli en fyrir mistök var sú spurning ekki með í könnuninni í Dalabyggð. Um 40% þátttakenda voru aðfluttir. Um 7% voru innflytjendur. Samkvæmt Hagstofu Íslands (2024) er það hlutfall nokkuð nærri lagi í Dalabyggð (6% í raun), en nokkuð lægra en rauntölur segja til um í Húnaþingi vestra (12%) og Húnabyggð (14%). Möguleg skýring á því er að könnunin var aðeins í boði á íslensku. Um 37% voru með háskólapróf og var það hlutfall ívið hærra í Húnaþingi vestra en hinum sveitarfélögum.

Tafla 1. Lýsandi tölfræði um þátttakendur.				
	Dalabyggð	Húnaþingi vestra	Húnabyggð	Heild
Fjöldi þátttakenda	126	101	173	400
% konur	60,2%	54,8%	63,0%	60,1%
Meðalaldur (staðalfrávik)	46,6 (12,7)	48,3 (15,1)	48,1 (15,9)	47,7 (14,7)
Búsetulengd (staðalfrv.)	26,0 (18,4)	32,3 (19,0)	31,0 (18,2)	29,7 (18,6)
% þéttbýli		63,9%	65,1%	64,6%
% aðflutt	41,7%	36,1%	36,8%	38,2%
% innflytjendur	5,5%	7,2%	7,6%	6,8%
% með háskólapróf	32,4%	44,1%	35,2%	36,5%

## Mælitæki

Mælitækin í rannsókninni voru flokkuð í eftirfarandi flokka: Einstaklingsmunur, viðhorf til sveitarfélags, félagssálfræðilegar breytur og aðrar spurningar um samfélagið. Mælitæki eru númeruð þannig að það auðveldi lestur niðurstöðukaflans. Meðaltöl og staðalfrávik í þessum kafla eiga við allt úrtakið.

### Einstaklingsmunur

**Hamingja** (mælitæki 1) var mæld með spurningunni: „Hversu hamingjusamur/hamingjusöm ertu í dag á skalanum 0 til 10 þegar þú horfir til allra þátta í lífi þínu? Það er 0 = algjörlega óhamingjusamur/söm, en 10 = gæti ekki verið hamingjusamari“ (Abdel-Khalek, 2006). Meðaltal var 7,45 og staðalfrávik 1,72.

**Sjálfstraust** (mælitæki 2) var mælt með því að biðja þátttakendur um að taka afstöðu um hversu vel eða illa fullyrðingin „Ég er með gott sjálfstraust“ ætti við um þá á skalanum „1 = á mjög illa við“, yfir í „7 = á mjög vel við“ (Robins o.fl., 2001). Meðaltal var 5,15 og staðalfrávik 1,28.

### Viðhorf til sveitarfélags

**Ánægja með sveitarfélag** (mælitæki 3) var mæld með spurningunni: „Telur þú almennt séð vera gott eða slæmt að búa í þínu sveitarfélagi?“ og svör voru á skalanum „1 = mjög slæmt“ yfir í „7 = mjög gott“. Meðaltal var 5,41 og staðalfrávik 1,45.

**Líkur á flutningi úr sveitarfélagi á næstu árum** (mælitæki 4) voru mældar með spurningunni: „Finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum úr sveitarfélaginu á næstu árum?“ og svör voru á skalanum „1 = mjög ólíklegt“ yfir í „5 = mjög líklegt“. Meðaltal var 2,32 og staðalfrávik 1,29.

**Ánægja með málaflokka** (mælitæki 5) var mæld með spurningunni: „Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í sveitarfélaginu?“ og svör voru á bilinu „1 = mjög slæmt“ yfir í „7 = mjög gott“. Meðaltöl og staðalfrávik málaflokka voru eftirfarandi: Tækifæri til afþreyingar ( $M = 4,44$ ,  $sf. = 1,66$ ), gott mannlíf ( $M = 4,93$ ,  $sf. = 1,56$ ), þjónusta við aldraða ( $M = 4,82$ ,  $sf. = 1,51$ ), tækifæri til íþrótt- og tómstundaiðkunar ( $M = 4,91$ ,  $sf. = 1,66$ ), skipulagsmál ( $M = 3,94$ ,  $sf. = 1,50$ ), menningarmál ( $M = 4,76$ ,  $sf. = 1,48$ ), umhverfismál almennt ( $M = 4,23$ ,  $sf. = 1,35$ ), fjölbreytt atvinna í boði ( $M = 3,41$ ,  $sf. = 1,54$ ) og möguleikar til eigin atvinnurekstrar eða nýsköpunar ( $M = 4,28$ ,  $sf. = 1,55$ ).

**Áhugi á samfélagslegri þátttöku** (mælitæki 6) var mældur með spurningunni: „Hér fyrir neðan eru taldir upp nokkrir möguleikar á samfélagslegri þátttöku. Gefðu til kynna á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög lítið og 10 mjög mikið, hversu mikið eða lítið þig langar til þess að taka þátt í eftirfarandi hlutum á næstu 12 mánuðum ef það stæði til boða í nærumhverfi þínu.“ Meðaltöl og staðalfrávik málaflokka voru eftirfarandi: Sjálfbóðaliðastarf sem krefst skuldbindingar (t.d. björgunarsveit) ( $M = 4,19$ ,  $sf. = 3,22$ ), sjálfbóðaliðastarf fyrir samfélagið sem á sér stað í eitt eða fá skipti (t.d. hreinsunardegi) ( $M = 5,48$ ,  $sf. = 3,23$ ), sjálfbóðaliðastarf í tengslum við íþróttastarf (t.d. á

héraðsmótum, skátafundum) ( $M = 4,23$ ,  $sf. = 3,34$ ), starf kóra eða leikfélaga ( $M = 4,45$ ,  $sf. = 3,59$ ), starf stjórnmalaflokka ( $M = 2,82$ ,  $sf. = 3,22$ ), starf sóknarnefnda ( $M = 2,35$ ,  $sf. = 2,96$ ), starf góðgerðarfélaga (t.d. Lions eða Zonta) ( $M = 2,87$ ,  $sf. = 3,08$ ), mæta á sameiginlega viðburði sem skipulagðir eru af sveitarfélaginu ( $M = 6,63$ ,  $sf. = 2,89$ ), mæta á sameiginlega viðburði sem skipulagðir eru af einstaklingum eða félögum ( $M = 6,92$ ,  $sf. = 2,69$ ), mæta á skemmtikvöld (t.d. trúbador, tónleikar o.s.frv.) ( $M = 7,22$ ,  $sf. = 2,74$ ), taka sæti í nefnd á vegum sveitarfélagsins ( $M = 4,25$ ,  $sf. = 3,56$ ), mæta á íbúafundi um málefni sveitarfélagsins ( $M = 6,00$ ,  $sf. = 3,27$ ), deila jákvæðum sögum og fréttum úr sveitarfélaginu á samfélagsmiðlum ( $M = 6,33$ ,  $sf. = 3,48$ ).

### Félagssálfræðilegar breytur

**Félagsleg samsömun** (e. social identification; mælitæki 7) var mæld með 12 spurninga skala Cameron (2004). Kvarðinn mælir þrjá þætti félagslegrar samsömunar: Tengsl við hópinn (e. ingroup ties,  $M = 4,86$ ,  $SF = 1,31$ ; dæmi um spurningu: „Ég á margt sameiginlegt með öðrum íbúum Dalabyggðar“), miðlægni hópsins (e. centrality,  $M = 3,96$ ,  $SF = 1,15$ ; dæmi um spurningu: „Almennt séð þá er það að vera íbúi í Dalabyggð mikilvægur hluti af sjálfsmynd minni“) og hóptilfinning (e. ingroup affect,  $M = 5,02$ ,  $SF = 1,32$ ; dæmi um spurningu: „Öllu jafna lætur það mér líða vel þegar ég leiði hugann að því að ég sé íbúi í Dalabyggð“). Svarmöguleikar voru á bilinu „1 = á mjög illa við“, yfir í „7 = á mjög vel við“. Meðaltal fyrir allan skalann var 4,71 og staðalfrávik 1,07.

**Sameiginlegur narsissismi** (e. collective narcissism; mælitæki 8) var mældur með þriggja spurninga skala Cichocka og félaga (2023). Dæmi um spurningu: „Ég verð aldrei sátt(ur) fyrir en Dalabyggð fær alla þá virðingu sem hún á skilið.“ Svarmöguleikar voru á bilinu „1 = á mjög illa við“, yfir í „7 = á mjög vel við“. Meðaltal fyrir allan skalann var 4,71 og staðalfrávik 1,07.

**Félagsleg samheldni** (e. social cohesion; mælitæki 9) var mæld með því að láta þátttakendur taka afstöðu til þess hve vel eða illa fullyrðingarnar „Þetta er samhent samfélag“ og „Fólk hér á svæðinu er alltaf reiðubúið til að hjálpa nágrönnum sínum“ ættu við um þeirra sveitarfélag. Svarmöguleikar voru á bilinu „1 = á mjög illa við“, yfir í „7 = á mjög vel við“. Spurningarnar eru fengnar frá Sampson og félögum (1997). Meðaltal var 4,82 og staðalfrávik 1,55.

**Sameiginleg sjálfstítrú** (e. collective efficacy; mælitæki 10) var mæld með spurningunni „Ég hef litla trú á því að samfélagið geti tekist á við samfélagsleg vandamál sem koma upp“ (van Zomeren o.fl., 2004). Spurningunni var snúið við svo hærrí svör þýði hærrí sameiginleg sjálfstítrú í öllum útreikningum. Svarmöguleikar voru á bilinu „1 = á mjög illa við“, yfir í „7 = á mjög vel við“. Meðaltal var 4,48 og staðalfrávik 1,80.

**Samfélagskennd** (e. sense of community; mælitæki 11) var mæld með skala Peterson og félaga (2008). Meðaltal var 4,47 og staðalfrávik 1,51. Samfélagskennd hefur fjóra undirskala: Uppfylling þarfa (t.d. „Ég get nálgast allt sem ég þarf í þessu samfélag“,  $M = 3,55$ ,  $sf. = 1,86$ ), samfélagsaðild (t.d. „Mér finnst ég vera þátttakandi í þessu samfélagi“,  $M = 4,94$ ,  $sf. = 1,83$ ), áhrif á samfélagið (t.d. „Ég get haft áhrif á það sem gerist í þessu samfélagi“,  $M = 4,53$ ,  $sf. = 1,53$ ), og tilfinningaleg tenging (t.d. „Mér finnst ég tengjast þessu samfélagi“,  $M = 4,90$ ,  $sf. = 1,66$ ).

**Aðrar spurningar um samfélagið.** Eins og sagt var frá í inngangi voru hannaðar fleiri spurningar til þess að ná utan um byggðabrag. Hér er yfirlit yfir þær. Ef annað er ekki tekið fram voru svarmöguleikar á bilinu „1 = á mjög illa við/mjög ósammála“, yfir í „7 = á mjög vel við/mjög sammála“.

- Slúður og neikvæðni eru vandamál í sveitarfélaginu ( $M = 4,90$ ,  $sf. = 1,82$ ; mælitæki 12).
- Hrepparígur er vandamál á svæðinu ( $M = 3,70$ ,  $sf. = 2,00$ ; mælitæki 13).
- Dreifbýlið og þéttbýlið eiga erfitt með að vinna saman ( $M = 3,64$ ,  $sf. = 1,87$ , mælitæki 14).
- Ég upplifi að ég hafi tækifæri til að ná árangri í leik og starfi í sveitarfélaginu ( $M = 4,56$ ,  $sf. = 1,81$ ; mælitæki 15).
- Sveitarfélagið hefur verið skilið eftir af ríkisvaldinu ( $M = 4,91$ ,  $sf. = 1,71$ ; mælitæki 16).
- Sveitarfélagið á að taka innflytjendum opnum örmum ( $M = 4,74$ ,  $sf. = 2,01$ ; mælitæki 17).
- Sveitarfélagið ætti að taka nýjum íbúum sem flytja frá öðrum sveitarfélögum opnum örmum ( $M = 6,22$ ,  $sf. = 1,11$ ; mælitæki 18).
- Sveitarfélagið ætti að vera opið fyrir nýjum fyrirtækjum sem vilja flytja starfsemi sína í sveitarfélagið ( $M = 6,57$ ,  $sf. = 0,91$ ; mælitæki 19).
- Stolt af samfélaginu ( $M = 4,83$ ,  $sf. = 1,72$ ; mælitæki 20).
- Stolt af sögu og menningararfleið ( $M = 5,48$ ,  $sf. = 1,47$ ; mælitæki 21).
- Stolt af náttúru og landslagi ( $M = 6,16$ ,  $sf. = 1,20$ ; mælitæki 21).
- Stolt af afreksfólki á sviði íþróttta, lista og menningar ( $M = 5,96$ ,  $sf. = 1,32$ ; mælitæki 22).
- Stolt þegar öðrum íbúum gengur vel og láta á sér bera ( $M = 5,93$ ,  $sf. = 1,31$ ; mælitæki 23).
- Ég finn fyrir stolti þegar ég sé umfjöllun í fréttum af jákvæðum viðburðum eða uppbyggingu ( $M = 5,87$ ,  $sf. = 1,46$ ; mælitæki 24).

Þá var spurt um þátttöku í íbúahópum, t.d. á Facebook (mælitæki 25). Svarmöguleikar voru:

- Já, ég tek oft þátt í umræðum í slíkum hópum ( $n = 29$ , 8,6%)
- Já, ég tek stundum þátt í umræðum í slíkum hópum ( $n = 175$ , 51,8%)
- Ég er skráð(ur) í slíka hópa en tek ekki þátt ( $n = 119$ , 35,2%)
- Nei, ég er ekki skráð(ur) í slíka hópa ( $n = 15$ , 4,4%)

Að endingu voru þátttakendur spurðir hvort þeir sæktu félagsstarf út fyrir sveitarfélagið (mælitæki 26). Alls sögðu 143 (37,5%) já.

## Niðurstöður

### Fylgnigreining

Megin áhersla niðurstöðukaflans verður á samanburð meðaltala milli sveitarfélaga en fylgni milli helstu breyta er sýnd í töflu 2. Hér eru öll gögnin notuð og ekki greint á milli sveitarfélaga. Hér kennir ýmissa grasa og aðeins verður stiklað á stóru.

Félagsleg samsömun hafði marktæka fylgni við allar hinar breyturnar. Ekki kemur á óvart að hún hafði sterk jákvæð tengsl við undirskala samfélagskenndar, sameiginlega sjálfstílrú, félagslega samheldni, ánægju með sveitarfélagið, að hafa tækifæri í leik og starfi í sveitarfélaginu. Neikvæð tengsl voru við áform um brottflutning úr sveitarfélaginu. Neikvæð fylgni var á milli félagslegrar samsömunar og þess að telja slúður og neikvæðni vera vandamál, að telja hrepparíg vandamál og að telja samband dreifbýlis og þéttbýlis erfitt. Þess má geta að félagsleg samsömun tengdist jákvæðni í garð innflytjenda sem og nýrra innlendra íbúa og fyrirtækja.

Sameiginlegur narsissismi hafði jákvæða fylgni við sameiginlega sjálfstílrú og undirskala samfélagskenndar en fylgnin var mun veikari en félagsleg samsömun hafði við þessar breytur. Ein sterkasta fylgnin sem sameiginlegur narsissismi hafði við aðrar breytur var við tilfinninguna um að ríkisvaldið hefði skilið sveitarfélagið eftir. Sameiginlegur narsissismi tengdist aðeins jákvæðni í garð nýrra innlendra íbúa og nýrra fyrirtækja, en ekki innflytjenda.

Sameiginleg sjálfstílrú og félagsleg samheldni höfðu jákvæða fylgni við undirskala samfélagskenndar, ánægju með sveitarfélag og fleiri breytur. Þá höfðu báðar breyturnar neikvæða fylgni við þær breytur sem vörðuðu slúður, hrepparíg og samstarf dreifbýlis og þéttbýlis. Það er að segja, þátttakendur með háa sameiginlega sjálfstílrú sem töldu félagslega samheldni ríkja í samfélaginu töldu þessi atriði síður vandamál. Heilt yfir virtist félagsleg samheldni hafa heldur sterkari tengsl við hinar breyturnar en sameiginleg sjálfstílrú.

Undirskalar samfélagskenndar höfðu sterka fylgni við ánægju með sveitarfélagið, áhuga á samfélagsþátttöku og tækifæri í leik og starfi. Þá má benda á þá jákvæðu fylgni sem er á milli þess að telja þarfir sínar uppfylltar í sveitarfélaginu og jákvæðni í garð þess að taka innflytjendum opnum örmum.

Breytan um slúður og neikvæðni skilar nokkuð áhugaverðum niðurstöðum. Þeir þátttakendur sem töldu slúður meira vandamál voru síður ánægðir með sveitarfélagið töldu sig hafa minni tækifæri í leik og starfi og höfðu minni áhuga á samfélagsþátttöku. Slúðrið hafði neikvæða fylgni við sameiginlega sjálfstílrú, félagslega samheldni og undirskala samfélagskenndar. Þeir þátttakendur sem töldu slúður vandamál upplifðu því minni tilfinningalega tengingu við sveitarfélagið, áhrifaleysi, minni aðild að samfélaginu og töldu þörfum sínum síður fullnægt í sveitarfélaginu. Það þarf því ekki að óvart að slúðrið tengdist áformum um brottflutning úr sveitarfélaginu. Þá má benda á að því lengur sem þátttakendur höfðu búið í sveitarfélaginu, því síður töldu þeir slúður og neikvæðni vera vandamál.


Niðurstöður fyrir breytur um hrepparíg og erfiðleika þéttbýlis og dreifbýlis skilaði ekki síður áhugaverðum niðurstöðum. Segja má að þessar tvær breytur fangi þá tilfinningu að sveitarfélagið virki ekki sem ein heild, það sé rígur milli svæða og dreifbýlið og þéttbýlið séu á sitthvorum pólnum. Breyturnar höfðu báðar marktæka fylgni við minni ánægju með sveitarfélagið, minni áhuga á samfélagsþátttöku, minni tækifæri í leik og starfi og áform um að flytja út sveitarfélaginu. Þá má benda á nokkuð sterkt neikvætt samband þessara breyta og félagslegrar samheldni og sameiginlegrar sjálfstíltrúar. Því má segja að þeir þátttakendur sem töldu hrepparíg og erfiðleika þéttbýlis og dreifbýlis vera vandamál hafi álitnið samfélagið sundraðra og minna megnugt.

Hamingja tengdist ýmsum félagssálfræðilegum breytum, svo sem félagslegri samsömun og undirsköllum samfélagskenndar, og kemur það ekki á óvart. Sjálfstraust tengdist mun færri breytum.

Ánægja með sveitarfélag, áhugi á samfélagsþátttöku og ánægja með tækifæri í leik og starfi tengdust sameiginlegri sjálfstíltrú og undirsköllum samfélagskenndar mjög sterkt, og þarf það ekki að koma á óvart. Það sem kemur ef til vill meira á óvart er að fyrrnefndu breyturnar höfðu jákvæða fylgni við þá skoðun að sveitarfélagið hefði verið skilið eftir af ríkisvaldinu. Það er að segja, svo virðist sem meira að segja ánægðir íbúar, sem hafa áhuga á þátttöku í samfélaginu og telja sig hafa góð tækifæri í leik og starfi, telji sveitarfélag sitt hafa með einhverjum hætti orðið undir.

Að lokum kemur ekki á óvart að áform um brottflutning tengdust ýmsum félagssálfræðilegum breytum. Því nær sem samfélagið stendur fólki sálfræðilega, því ólíklegra er það til að ætla sé að flytja í burtu á næstunni.






**Tafla 2.** Fylgni helstu samfelldu breyta í rannsókninni.


Rauður litur táknar jákvæða fylgni en blár neikvæða fylgni. Aðeins undirskalar samfélagskenndar eru sýndir. Aðeins marktækir stuðlar eru sýndir. Stuðlar með  $p < .001$  merktir með \*.

## Einstaklingsmunur

Nú hefst samanburður milli sveitarfélaganna þriggja. Við byrjum á því að ganga úr skugga um að jákvæðan byggðabrag megi ekki einfaldlega rekja til einstaklingsmunar. Með öðrum orðum, athuga þarf hvort íbúar sveitarfélaga séu í grunninn ólíkir þegar kemur að þáttum sem hafa áhrif á vellíðan fólks. Fólk á einu svæði gæti til dæmis einfaldlega verið hamingjusamara eða sjálföruggara sem skili sér síðan í jákvæðum byggðabrag. Tvær breytur voru í könnuninum sem snerta á þessu: Hamingja (mynd 1; mælitæki 1) og sjálfstraust (mynd 2; mælitæki 2). Fervikagreiningar (ANOVA) leiddu í ljós að ekki var marktækur munur á svörum íbúa sveitarfélaganna þriggja (hamingja:  $F(2,350) = 2,18, p = .114$ ; sjálfstraust:  $F(2,353) = 0,058, p = .944$ ). Samantekið gefur þetta til kynna að jákvæðan byggðabrag í Húnaþingi vestra megi ekki einfaldlega rekja til þess að íbúar þar séu öðruvísi þegar kemur að þessum tveimur þáttum en íbúar í Dalabyggð eða Húnabyggð. Munurinn liggur annars staðar.



**Mynd 1.** Meðaltöl hamingju borin saman eftir sveitarfélögum.




**Mynd 2.** Meðaltöl sjálfstrausts borin saman eftir sveitarfélögum.

### Viðhorf til sveitarfélags


Þátttakendur voru spurðir almennrar spurningar um hvort þeir teldu gott eða slæmt að búa í sveitarfélagi sínu („Telur þú almennt séð vera gott eða slæmt að búa í [sveitarfélagi]; mælitæki 3). Meðaltöl má sjá á mynd 3.

Fervikagreininga (ANOVA) leiddi í ljós að ekki var marktækur munur á milli sveitarfélaga ( $F(2,392) = 1,48, p = .228$ ).




**Mynd 3.** Meðaltöl ánægju borin saman eftir sveitarfélögum.

Þátttakendur voru beðnir um að meta líkur á flutningum úr sveitarfélaginu á næstu árum (mælitæki 4). Meðaltöl má sjá á mynd 4. Enginn marktækur munur mældist á milli sveitarfélaga (fervikagreining (ANOVA);  $F(2,334) = 0,63, p = .536$ )




**Mynd 4.** Meðaltöl líka á brottflutningi borin saman eftir sveitarfélögum.

Næst verður kannað álit íbúa á stöðu málaflokka í sveitarfélögum (mælitæki 5). Hér er markmiðið ekki að kafa djúpt ofan í þjónustu sveitarfélaganna eða aðra staðbundna þætti, heldur að kanna hvort sama mynstur birtist og í íbúakönnunum landshlutanna, það er að meiri ánægja sé með stöðu málaflokka í Húnaþingi vestra en í Dalabyggð og Húnabyggð. Mikil ánægja með einstaka málaflokka hefur verið hluti þess jákvæða byggðabragts sem sést hefur í Húnaþingi vestra. Á myndum 5 og 6 má sjá meðaltöl ánægju með þá málaflokka sem spurt var um. Marktektarpróf verða ekki þulin upp hér en lesendur geta glöggvað sig á niðurstöðum á myndunum, marktækur munur er merktur með stjörnu. Ánægja með málaflokka var meiri í Húnaþing vestra en í öðru eða báðum nágrannasveitarfélögum með eftirfarandi þætti: Fjölbreytt atvinna, gott mannlíf, menningarmál, skipulagsmál, tækifæri til afþreyingar, tækifæri til íþrótt- og tómstundaiðkunar, umhverfismál og þjónusta við aldraða. Mynstrið er þó ekki einhlítt. Meiri ánægja var í Húnabyggð en Dalabyggð með atvinnuframboð, tækifæri til afþreyingar og tækifæri til íþrótt- og tómstundaiðkunar. Meiri ánægja var í Dalabyggð með skipulagsmál en í Húnabyggð.




Mynd 5. Meðaltöl ánægju með málaflokka borin saman eftir sveitarfélögum (1).




### Áhugi á samfélagslegri þátttöku


Næst verður skoðaður vilji til samfélagslegrar þátttöku af ýmsu tagi (mynd 7, 8 og 9; mælitæki 6). Þátttakendur voru beðnir um að gefa til kynna hve mikið eða lítið þá langaði til þess að taka þátt í þeim valmöguleikum sem voru taldir upp ef þeir stæðu til boða í nærumhverfi þeirra á næstu 12 mánuðum. Meðaltöl benda til þess að heilt yfir sé talsverður áhugi á þátttöku í félagsstarfi í öllum sveitarfélögum. Marktækur munur mældist á fjórum atriðum. Meiri áhugi var á sjálfboðaliðastarfi í tengslum við íþróttastarf í Húnaþingi vestra en Dalabyggð (ANOVA;  $F(2,392) = 3,05, p = .049$ ; Tukey eftirá prófið;  $p = .045$ ). Meiri áhugi var á starfi kóra eða leikfélaga í Húnaþingi vestra (ANOVA;  $F(2,392) = 6,73, p = .001$ ) en bæði í Dalabyggð (Tukey eftirá prófið;  $p = .008$ ) og Húnabyggð ( $p = .002$ ). Meiri áhugi var á starfi góðgerðarfélaga í Húnaþingi vestra en í Dalabyggð (ANOVA;  $F(2,392) = 3,11, p = .046$ ; Tukey eftirá prófið;  $p = .048$ ). Þá mældist meiri áhugi á því að deila jákvæðum sögum úr samfélaginu í Dalabyggð en Húnabyggð (ANOVA;  $F(2,392) = 6,87, p = .001$ ; Tukey eftirá prófið;  $p < .001$ ). Samantekið má segja að meiri áhugi sé á samfélagslegri þátttöku í Húnaþingi vestra en munurinn er þó ekki mjög afgerandi og frekar bundinn við einstaka þætti.



Mynd 7. Meðaltöl áhuga á samfélagslegri þátttöku borin saman eftir sveitarfélögum (1).




Mynd 8. Meðaltöl áhuga á samfélagslegri þátttöku borin saman eftir sveitarfélögum (2).



Mynd 9. Meðaltöl áhuga á samfélagslegri þátttöku borin saman eftir sveitarfélögum (3).


### Félagssálfræðilegar breytur

Nú hefst samanburður á félagssálfræðilegum breytum. Meðaltöl félagslegrar samsömunar (mælitæki 7) með sveitarfélagi eru á mynd 10. Félagssleg samsömun mældist sterkari í Húnaþingi vestra en Húnabyggð (ANOVA;  $F(2,383) = 4,73, p = .009$ ; Tukey eftirá prófið;  $p = .006$ ). Við túlkun þessara niðurstaðna verður að hafa í huga að Húnabyggð var aðeins rúmlega árs gamalt sveitarfélag þegar könnunin fór fram.




Mynd 10. Meðaltöl félagslegrar samsömunar (e. social identification) borin saman eftir sveitarfélögum.

Undirskalar félagslegrar samsömunar voru einnig kannaðir (mynd 11). Ekki greindist munur á miðlægni milli sveitarfélaga. Hinsvegar mældust tengsl (ANOVA;  $F(2,383) = 5,55, p = .004$ ; Tukey eftirá prófið;  $p = .003$ ) og tilfinning (ANOVA;  $F(2,383) = 3,80, p = .023$ ; Tukey eftirá prófið;  $p = .018$ ) hærrí í Húnaþingi vestra en Húnabyggð.




Sameiginlegur narsissismi (mælitæki 8) mældist hærrí í Dalabyggð en Húnaþingi vestra, sjá mynd 12 (ANOVA;  $F(2,382) = 2,84, p = .060$ ; Tukey eftirá prófið;  $p = .049$ ).







Meðaltöl fyrir félagslega samheldni má sjá á mynd 13 (mælitæki 9). Marktækur munur greindist á meðaltölum félagslegrar samheldni milli sveitarfélaga (ANOVA;  $F(2,368) = 12,19$ ,  $p < .001$ ). Félagsleg samheldni var metin hærrí Húnaþingi vestra en í Dalabyggð (Tukey eftirá prófið;  $p = .002$ ) og Húnabyggð ( $p < .001$ ).




Meðaltöl fyrir sameiginlega sjálfstílrú (mælitæki 10) má sjá á mynd 14. Sameiginleg sjálfstílrú var ólík milli sveitarfélaga (ANOVA;  $F(2,380) = 10,09$ ,  $p < .001$ ). Hún mældist hærrí Húnaþingi vestra en í Dalabyggð (Tukey eftirá prófið;  $p < .001$ ) og Húnabyggð ( $p < .001$ ).




Næst verður samfélagskennd skoðuð, sjá mynd 15 (mælitæki 11). Fyrst verður skalinn í heild sinni skoðaður. Samfélagskennd var ólík milli sveitarfélaga (ANOVA;  $F(2,370) = 9,49, p < .001$ ). Hún var hærri í Húnaþingi vestra en í Dalabyggð (Tukey eftirá prófið;  $p = .018$ ) og Húnaþing Austra ( $p < .001$ ).




Nú verða skoðaðir undirskalar samfélagskenndar og byrjað á uppfyllingu þarfa. Hún var ólík milli sveitarfélaga, sjá mynd 16 (ANOVA;  $F(2,370) = 28,69, p < .001$ ). Hún var metin hærrí Húnaþingi vestra en í Dalabyggð (Tukey eftirá prófið;  $p < .001$ ) og Húnabyggð ( $p < .001$ ).



Ekki var munur á meðaltölum samfélagsaðildar milli sveitarfélaga (sjá mynd 17).




Munur var á sveitarfélögum þegar kom að mati íbúa á möguleika til að hafa áhrif á samfélagið, sjá mynd 18 (ANOVA;  $F(2,369) = 7,82, p < .001$ ). Þátttakendur í Dalabyggð (Tukey eftirá prófið;  $p = .015$ ) og Húnaþingi vestra ( $p < .001$ ) mátu áhrif íbúa meiri en íbúar í Húnabyggð.



**Mynd 18.** Meðaltöl áhrifa á samfélagið (e. influence) borin saman eftir sveitarfélögum


Ekki mældist marktækur munur á tilfinningarlegri tengingu milli sveitarfélaga (mynd 19).




**Mynd 19.** Meðaltöl tilfinningalegrar tengingar (e. emotional connection) borin saman eftir sveitarfélögum.

### Ýmsar spurningar um samfélagið

Þátttakendur voru beðnir um að taka afstöðu til þess hvort slúður og neikvæðni væru vandamál í sveitarfélaginu, sjá mynd 20 (mælitæki 12). Marktækur munur var á meðaltölum sveitarfélaganna (ANOVA;  $F(2,363) = 37,67, p < .001$ ). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að slúður og neikvæðni voru síður metin vandamál í Húnaþingi vestra en í bæði Dalabyggð ( $p < .001$ ) og Húnabyggð ( $p < .001$ ).




Þátttakendur voru einnig beðnir um að taka afstöðu til þess hvort hrepparígur væri vandamál á svæðinu, sjá mynd 21 (mælitæki 13). Marktækur munur var á meðaltölum (ANOVA;  $F(2,367) = 59,57, p < .001$ ). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að hrepparígur var síður metinn vandamál í Húnaþingi vestra en Dalabyggð ( $p < .001$ ) og Húnabyggð ( $p < .001$ ). Í Dalabyggð var hrepparígur metinn meira vandamál en í Húnaþingi vestra ( $p < .001$ ) en minna en í Húnabyggð ( $p < .001$ ). Í Húnabyggð var hrepparígur metinn meira vandamál en í bæði Húnaþingi vestra ( $p < .001$ ) og Dalabyggð ( $p < .001$ ).




**Mynd 21.** Meðaltöl um hvort hrepparígur sé metinn vandamál borin saman eftir sveitarfélögum.

Næst er skoðuð afstaða til fullyrðingar um að dreifbýli og þéttbýli í sveitarfélaginu eigi erfitt með að vinna saman, sjá mynd 22 (mælitæki 14). Marktækur munur var á meðaltölum (ANOVA;  $F(2,367) = 47,77, p < .001$ ). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að samvinnan var metin verri í Dalabyggð ( $p < .001$ ) og Húnabyggð ( $p < .001$ ) en í Húnaþingi vestra.




**Mynd 22.** Meðaltöl um hvort samstarf dreifbýlis og þéttbýlis sé metið erfitt borin saman eftir sveitarfélögum.


Þátttakendur voru einnig spurðir hvort þeir teldu sig hafa tækifæri til að ná árangri í leik og starfi í sínu sveitarfélagi, sjá mynd 23 (mælitæki 15). Ekki mældist marktækur munur á milli sveitarfélaga.



Þátttakendur voru jafnframt beðnir um að taka afstöðu til þess hvort sveitarfélagið hefði verið skilið eftir af ríkisvaldinu (mælitæki 16). Marktækur munur var á meðaltölum eftir sveitarfélögum (ANOVA;  $F(2,363) = 7,65$ ,  $p < .001$ ). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að þessi tilfinning var sterkari í Dalabyggð en Húnaþingi vestra ( $p < .001$ ).




Einnig voru könnuð viðhorf til aðkomufólks sem vill flytja í sveitarfélagið (mælitæki 17-19): Innflytjenda, íbúa frá öðrum sveitarfélögum og nýjum fyrirtækjum, sjá mynd 25. Ekki var marktækur munur á viðhorfum til nýrra íbúa frá öðrum sveitarfélögum og nýrra fyrirtækja. Hinsvegar var marktækur munur á viðhorfum til innflytjenda (ANOVA;  $F(2,365) = 3,88$   $p < .022$ ). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar í Húnaþingi vestra voru frekar jákvæðari í garð þess að taka á móti innflytjendum í samfélagið en íbúar í Húnabyggð ( $p = .023$ ).



**Mynd 25.** Meðaltöl viðhorfa til aðkomumanna borin saman eftir sveitarfélögum.


Þátttakendur voru spurðir út í hve stoltir þeir væru af tilteknum atriðum sem tengjast sveitarfélaginu (mælitæki 20-24). Líkt og sjá má á mynd 26 lýstu þátttakendur í öllum sveitarfélögunum yfir þó nokkru stolti af þessum þáttum. Marktækur munur greindist í þremur tilvikum. Í fyrsta lagi var marktækur munur á stolti íbúa af sögu og menningararfleið síns sveitarfélags (ANOVA;  $F(2,363) = 20,74$   $p < .001$ ). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar Dalabyggðar voru stoltari af þessum þætti en bæði íbúar í Húnaþingi vestra ( $p < .001$ ) og Húnabyggð ( $p < .001$ ). Í öðru lagi greindist marktækur munur á stolti af náttúru og landslagi (ANOVA;  $F(2,363) = 5,59$   $p = .004$ ). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar í Dalabyggð voru stoltari af náttúru og landslagi en íbúar í Húnaþingi vestra ( $p = .013$ ) og Húnabyggð ( $p = .010$ ). Í þriðja lagi var marktækur munur á stolti yfir því þegar öðrum íbúum gengur vel (ANOVA;  $F(2,363) = 4,81$   $p = .009$ ). Tukey eftir áprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar í Dalabyggð voru stoltari af þessum þætti en íbúar í Húnabyggð ( $p = .006$ ).






**Mynd 26.** Meðaltöl þátta sem tengjast stolti borin saman eftir sveitarfélögum.

Fyrir forvitnissakir var einnig spurt um þátttöku í íbúahópum á samfélagsmiðlum (mælitæki 25). Hlutföll þeirra svara sem voru í boði eru sýnd á mynd 27. Ekki greindist marktækur munur á milli sveitarfélaga ( $\chi^2(6, 338) = 5,15, p = .525$ ).



**Mynd 27.** Hlutfall svara um þátttöku í íbúahópum á samfélagsmiðlum borin saman eftir sveitarfélögum.

Þátttakendur voru einnig spurðir hvort þeir sæktu félagsstarf út fyrir sveitarfélagið (mælitæki 26). Hlutföll þeirra sem sögðu já má sjá á mynd 28. Ekki greindist marktækur munur á milli sveitarfélaga ( $\chi^2(2, 381) = 3,98, p = .137$ ).



### Samantekt

Í töflum 3 og 4 eru samantektir á þeim marktæka mun sem greindist á milli sveitarfélaga. Greint er frá hlutfallslegum mun milli sveitarfélaga, sem veitir einskonar mat á áhrifastærð munarins á milli sveitarfélaga (þ.e. hve stór munurinn er). Húnaþing vestra er notað sem viðmið og greint hvort Dalabyggð og Húnabyggð skiluðu hærri eða lægri gildum. Líkt og sjá má var hlutfallslega mestur munur á milli sveitarfélaganna í afstöðu til slúðurs og neikvæðni, hrepparígs, erfiðleika í samstarfi dreifbýlis og þéttbýlis og uppfyllingar þarfa. Þá ber einnig að nefna sameiginlega sjálfstílrú og félagslega samheldni. Marktækur munur greindist á fleiri breytum en áhrifastærðirnar voru minni og mynstrið ekki eins afgerandi.

Tafla 3: Samantekt á marktækum mun milli sveitarfélaga I.			
Flokkur	Mælitæki	Dalabyggð	Húnabyggð
Einstaklingsmunur	Hamingja		
	Sjálfstraust		
Viðhorf til sveitarfélags	Ánægja með sveitarfélag		
	Áform um brottflutning		
	Atvinnuúrval	30%	
	Mannlíf	18%	13%
	Menning	27%	30%
	Atvinnurekstur		
	Skipulagsmál		18%
	Afþreying	32%	13%
	Íþróttir og tómstundir	39%	
	Umhverfismál		19%
	Aldraðir	30%	23%
Áhugi á samfélagslegri þátttöku	Sjálfbóðaliðastarf sem krefst skuldbindingar		
	Sjálfbóðaliðastarf í eitt/fá skipti		
	Íþróttastarf	28%	
	Kórar eða leikfélög	35%	39%
	Stjórnmalastarf		
	Sóknarnefndir		
	Góðgerðastarf	38%	
	Viðburðir skipulagðir af sveitarf.		
	Viðb. skipulagðir af einstaklingum		
	Skemmtikvöld		
	Nefndarstörf á vegum sveitarf.		
	Íbúafundir		
Deila sögum á samfélagsmiðlum			
<p>Skýringar: Hlutföllin sýna hversu mikið hærra meðaltal Húnaþings vestra er en meðaltal viðkomandi sveitarfélags. Jákvætt gildi þýðir að Húnaþing vestra var hærra en neikvætt gildi að það var lægra. Gildum var sleppt ef munurinn var ekki marktækur á milli sveitarfélaganna. Munurinn á milli Dalabyggðar og Húnabyggðar er ekki tilgreindur í þessari töflu.</p>			

Tafla 4: Samantekt á marktækum mun milli sveitarfélaga II			
Flokkur	Mælitæki	Dalabyggð	Húnabyggð
Félagssálfræðilegar breytur	Félagsleg samsömun		9%
	<i>Tengsl</i>		12%
	<i>Miðlægni</i>		
	<i>Tilfinning</i>		10%
	Sameiginlegur narsissismi	-18%	
	Félagsleg samheldni	15%	22%
	Sameiginleg sjálfstílrú	24%	20%
	Samfélagskennd	13%	20%
	<i>Uppfylling þarfa</i>	49%	50%
	<i>Samfélagsaðild</i>		
	<i>Áhrif á samfélagið</i>		17%
	<i>Tilfinningaleg tenging</i>		
Ýmsar spurningar	Slúður og neikv. vandamál	-48%	-49%
	Hrepparígur er vandamál	-61%	-114%
	Erfiðleikar milli dreifb. og þéttbýlis	-78%	-97%
	Tækifæri í leik og starfi		
	Sveitarf. skilið eftir af ríkisvaldinu	-21%	
	Taka við innflytjendum		16%
	Taka við nýjum íbúum innanlands		
	Taka við nýjum fyrirtækjum		
Stolt	Af samfélagi		
	Af sögu og menningararfleið	-15%	
	Af náttúru og landslagi	-8%	
	Af afreksfólki		
	Af íbúum sem gengur vel		
	Jákvæðum fréttum í fjölmiðlum		
<p>Skýringar: Hlutföllin sýna hversu mikið hærra meðaltal Húnaþings vestra er en meðaltal viðkomandi sveitarfélags. Jákvætt gildi þýðir að Húnaþing vestra var hærra en neikvætt gildi að það var lægra. Gildum var sleppt ef munurinn var ekki marktækur á milli sveitarfélaganna. Munurinn á milli Dalabyggðar og Húnabyggðar er ekki tilgreindur í þessari töflu.</p>			

## Umræða

Ýmislegt áhugavert kom fram í meginlegu niðurstöðukaflanum hér að framan, en eigindlegi hluti rannsóknarinnar mun byggja á niðurstöðum meginlegra hlutans. Til að byrja með má nefna að niðurstöður fyrri rannsókna (Vífill Karlsson, 2023) voru staðfestar að því leyti að heilt yfir var meiri ánægja með málaflokka og meiri áhugi á félagsstarfi í Húnaþingi vestra en Dalabyggð og Húnabyggð. Munurinn var þó ekki mjög afgerandi og ekki mældist marktækur munur í afstöðu íbúa til þess hvort gott eða slæmt væri að búa í sveitarfélaginu þeirra og ekki var heldur marktækur munur á áformum um brottflutning. Þess má einnig geta að þær breytur sem mældu einstaklingsmun (hamingja og sjálfstraust) bentu ekki til þess að íbúar sveitarfélaganna þriggja séu í grunninn einfaldlega ólíkir (a.m.k. þegar kemur að þessum þáttum). Það er hinsvegar eitthvað sem einstaklingarnir skapa á milli sín sem gerir gæfumuninn og það sést á þeim félagsálfræðilegu breytum sem voru kannaðar.

Þó ekki hafi verið munur á öllum félagsálfræðilegu breytunum sem rannsakaðar voru má þó greina nokkuð skýrt mynstur: Húnaþing vestra skilar betri niðurstöðum en Dalabyggð og Húnabyggð á fjölda þátta. Munurinn virðist þó ekki liggja beinlínis í styrk félagslegrar sjálfsmýndar (mældri með félagslegri samsömun og sameiginlegum narsissisma). Þó einhver munur hafi verið milli sveitarfélaga á þeim breytum var hann tiltölulega lítil. Styrkur sjálfsmýndar virðist því ekki einn og sér geta útskýrt jákvæðan eða neikvæðan byggðabrag í þessu tilfelli. Þegar kom að hönnun viðtalsramma fyrir eigindlegu rannsóknina var því kosið að einblína á aðrar breytur.

Þrjár félagsálfræðilegar breytur sýndu afgerandi mun: Félagsleg samheldni, sameiginleg sjálfstílrú og uppfylling þarfa. Meðaltöl þessara breyta voru talsvert hærrí í Húnaþingi vestra en Dalabyggð og Húnabyggð. Einnig vakti athygli að áhrif íbúa voru metin meiri í Dalabyggð og Húnaþingi vestra en Húnabyggð. Þá mældist einnig afgerandi munur í afstöðu til annarra spurninga um samfélagið. Þá helst spurningar um slúður og neikvæðni, hrepparíg og erfiðleika í samskiptum dreifbýlis og þéttbýlis. Sama mynstur kom upp: Þessi atriði voru mun síður metin vandamál í Húnaþingi vestra en Dalabyggð og Húnabyggð. Munurinn var svo afgerandi að greinilegt er að mikið liggur undir. Þessar niðurstöður mótuðu rannsóknarspurningar í eigindlegri rannsókn sem verður lýst í næsta kafla.

## Rýnihópar

### Inngangur og aðferð

Rýnihópar voru haldnir í öllum þremur sveitarfélögum þar sem helstu niðurstöður úr megindega kaflanum voru greindar með íbúum af svæðunum. Tilgangurinn var að öðlast dýpri innsýn í þýðingu niðurstaðna kannananna og þann mun sem greindist á samfélögum. Eðli málsins samkvæmt þýddi það að umræðurnar í hópunum voru talsvert litaðar: Greint var frá jákvæðum niðurstöðum í Húnaþingi vestra og neikvæðum niðurstöðum í Dalabyggð og Húnabyggð. Heiðarlegast og skilvirkast þótti að sýna þátttakendum einfaldlega niðurstöðurnar og ræða þær á mannamáli, frekar en að fara eins og köttur í kringum heitan graut. Þátttakendum var gerð grein fyrir því að niðurstöðurnar væru ekki upphaf og endir alls og endurspegluðu huglægt mat svarenda á afmörkuðum þáttum sem spurt var um, ekki raunveruleikann. Það er mikilvægt að lesendur átti sig á þeirri forsendu við lestur rýnihópagreiningarinnar.

Þátttakenda var aflagð með þeim hætti að þeir þátttakendur spurningakönnunarinnar sem höfðu samþykkt að haft yrði samband við sig í kjölfar hennar fengu póst með boði í rýnihóp. Þátttakendur fengu 5.000 kr. gjafabréf sem umbun fyrir þátttöku. Allir þátttakendur skrifuðu undir upplýst samþykki.

Viðtalsrammarnir voru þeir sömu í öllum sveitarfélögum (viðtalsramma má sjá í viðauka). Ávallt var byrjað á því að biðja þátttakendur að lýsa sveitarfélaginu í stuttu máli. Rannsóknarspurningarnar snéru síðan að þeim fjórum þáttum sem skáru sig hvað mest úr í megindegu niðurstöðunum, það er, hvað íbúar telji að liggi að baki niðurstöðum sveitarfélagsins síns varðandi eftirfarandi þætti: 1) Áhrif íbúa á gang mála í sveitarfélaginu, 2) Samstarf dreifbýlis og þéttbýlis og hrepparíg, 3) Slúður og neikvæð umræða og 4) Fullnæging þarfa. Ekki var spurt sérstaklega út í sameiginlega sjálfstítrú og félagslega samheldni þar sem talið var að þær breytur myndu birtast í umræðum um framangreinda þætti.

Farin var sú leið að þemagreina niðurstöður úr hverju sveitarfélagi fyrir sig. Við greiningu gagnanna var notast við þemagreiningu (e. *thematic analysis*) (Braun og Clarke, 2013). Umræðurnar þróuðust með ólíkum hætti í hverju sveitarfélagi og því voru svörin greind í heild sinni, ekki eftir einstaka spurningum.

Niðurstöður beggja hluta rannsóknarinnar (þ.e. megindega og eigindega) verða reifaðir í umræðukafla í lok skýrslunnar.

Það er í eðli rýnihópa að ekki er hægt að alhæfa út frá þeim. Það sem fram kemur eru skoðanir viðmælenda og úrvinnsla höfundar á þeim. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að þátttakendur í rýnihópum sem þessum séu þverskurður samfélagsins. Líklegt er að í þá veljist samfélagslega þenkjandi fólk sem sýnir rannsóknum áhuga. Þá er jafnframt alltaf hætt á að slíkir hópar séu einsleitir og endurspegli ekki raunveruleika allra íbúa. Til að mynda er það þekkt áskorun í sambærilegum rannsóknum að ná til innflytjenda, sem eru stækkandi þjóðfélagshópur um allt land. Í

tveimur af þremur rýnihópum tók íbúi af erlendum uppruna þátt. Þeir veittu verðmæta innsýn í báðum tilfellum, en höfðu báðir búið lengi á Íslandi, voru af norður-Evrópskum uppruna og töluðu reiprennandi íslensku. Því er ekki hægt að fullyrða um aðbúnað, hagi og líðan allra innflytjenda í þessum samfélögum út frá þessum gögnum. Það væri verðugt rannsóknarverkefni að kafa dýpra í þátt innflytjenda í jákvæðum byggðabrag. Sama fyrirvara má setja um aðra þjóðfélagshópa, til að mynda ungt fólk. Ungt fólk er lífæð samfélaga og því væri einnig verðugt verkefni að kanna byggðabrag sérstaklega út frá þeirra sjónarhóli í framtíðinni.

## Dalabyggð

Rýnihópur var haldinn í Búðardal síðdegis 30. janúar 2024. Kynjahlutfall var ójafnt, en af átta þátttakendum var aðeins einn karl. Fimm þátttakendur voru aðfluttir og þrír voru heimamenn. Alls voru 10 þemu dregin út úr gögnunum.

### *Þema 1: Gæði búsetu: Hæglæti, rólegheit, öryggi*

Viðmælendur lýstu Dalabyggð sem rólegu og hæglátu samfélagi, þar sem fólk sé heimakært og njóti kyrrðarinnar og öryggisins. Fólk vilji búa þar vegna þess að því líði vel og það finni til öryggis við að ala upp börn í samfélaginu. Einn viðmælandi sagði að það væri mjög rólegt og notalegt að vera þar, og annar tók undir og nefndi að samfélagið væri hæglætissamfélag þar sem gott er að vera. Einn viðmælandi sagði að hann gæti varla hugsað sér að ala upp barn í stærra samfélagi vegna ógunnar þar. Hann nefndi að þrátt fyrir að það sé stundum talað um slúður og neikvæðni, þá heyrði hann líka mikið af jákvæðu tali og fólk talaði um hvað væri gott í samfélaginu. Hann sagðist finna fyrir miklu öryggi í Dalabyggð, sem skipti hann miklu máli og væri meginástæða þess að hann vildi búa þar. Á heildina litið var lýsingin á Dalabyggð sem rólegu, hæglátu og öruggu samfélagi jákvæð. Fólk njóti kyrrðarinnar og öryggisins sem fylgir því að búa í litlu samfélagi, þó að það geti stundum verið hamlandi á vissum sviðum.

### *Þema 2: Samstaða og náungakærleikur*

Almennt voru viðmælendur sammála um að samstaða og náungakærleikur væri ríkjandi í samfélaginu og lýstu því að fólk stæði saman og hjálpaði hvert öðru þegar á reyndi. Þegar á hólminn væri komið stæði fólk saman. Hins vegar væri ósamstaða vandamál á stundum. Aðfluttur viðmælandi mótmælti því að samstaða ríkti: „Já, ég [...] veit ekki alveg sko með þessa samstöðu sko. [...], jú auðvitað stendur fólk saman og hjálpar hvort öðru ef eitthvað bjátar á en það er líka ótrúlega mikil ósamstaða hérna“. Annar viðmælandi tók dæmi um ósamstöðu varðandi akstur á leikjanámskeið fyrir börn í sveitunum. Það þótti vera á kostnað barna í Búðardal, sem skapaði óánægju og togstreitu milli svæða innan sveitarfélagsins. Það sé erfiður dans að skipuleggja slíkt en hægt væri að ná sáttum ef allir legðu sig fram.

### *Þema 3: Hugmyndaauðgi en áræðni skorti*

Viðmælendur sögðu að íbúar sveitarfélagsins hefðu ýmsar hugmyndir og vilja til að gera margt, en á stundum skorti áræðni til að framkvæma þær. Einn viðmælendanna taldi að fólk væri áhættufælið og héldi að sér höndum þegar kæmi að nýbreytni. Það væri ekki nýtt vandamál, heldur hefði það verið til staðar lengi: „Fólk er ja, mér finnst áhættufælið að fara í að gera eitthvað. Það er náttúrulega ekki nýtt, það er búið að vera í aldir held ég.“ Annar viðmælendi tók undir þetta og lýsti því að samfélagið væri jafnvel of rólegt og fólk taki ekki af skarið til að ýta hugmyndum sínum í framkvæmd. Viðmælendur lýstu því að fólk væri gjarnt á að nöldra og kvarta við eldhúsbörðið heima hjá sér eða á kaffistofunni, en það vantaði oft að það tæki sig til og gerði eitthvað í málunum. Fólk ræði mikið um hvað þurfi að gera, en fari ekki með þær umræður á staði þar sem hægt væri að hafa áhrif (þrátt fyrir það sem kemur fram í þema 8 um gott aðgengi að stjórnsýslu). Fólk þurfi að standa fyrir máli sínu og tala um það sem það vanhagar um, í stað þess að nöldra bara við eldhúsbörðið. Í þessu samhengi var einnig nefnt að dæmi væru um að fólk þyrði jafnvel ekki að taka þátt í opinberri umræðu eða því myndist aðrir eiga að gera það. Þetta veldur því að mikið af þeim málum sem fólk hafi skoðanir á og vilji breyta skili sér ekki til þeirra sem hafi áhrif.

## *Þema 4: Hnignun*

Viðmælendur lýstu því að samfélagið í Dalabyggð hafi átt í erfiðleikum með að aðlagast breytingum í atvinnuháttum. Samfélagið hafi lengi byggt á landbúnaði, en nú hafi orðið miklar breytingar sem hafi leitt til þess sem þátttakendur lýstu sem hnignun. Hnignun virtist í hugum þátttakenda vera tilfinning eða hugarfar sem litaði margt í samfélaginu.

Einn viðmælendi nefndi að svæðið hafi lifað á landbúnaði í þúsund ár og núna sé það að taka breytingum, sem valdi erfiðleikum. Annar viðmælendi tók undir þetta og sagði að áður hafi byggðin verið blómleg og búskapur á hverjum einasta bæ, en það sé löngu liðin tíð. Nú fækki fólki stöðugt og þeir nýbúar sem þó koma inn í samfélagið geri það til að stunda önnur störf en búskap. Samfélagið hafi breyst, og viðmælendur voru ekki vissir um hvort þessi þróun hafi verið til batnaðar. Það var augljóst að sauðfjárbúskapurinn var í hugum viðmælenda samofinn sögu og sjálfsmýnd og erfið staða þeirrar atvinnugreinar í dag liggja þungt á fólki.

Hnignunin birtist víðar. Viðmælendur nefndu að margir hæfileikaríkir einstaklingar hafi flutt burt sem hafi verið mikill missir fyrir samfélagið. Því var lýst að drífandi einstaklingar fari oft í burtu og finni kröftum sínum viðnám annars staðar. Þetta hafi leitt til fólksfækkunar og minni virkni í félagsstarfi, sem hafi dregið úr lífsgæðum og þjónustu í samfélaginu. Einn þátttakandi hafði þetta á orði: „[...] okkur er að fækka, þá þætti mér vænt um það að það væru ekki að fara svona ofboðslega margir. Þess vegna segi ég að það mætti bara loka Brekkunni [Bröttubrekku]!“

Viðmælendur nefndu að framboð á leiguhúsnæði væri einnig vandamál. Margir sveitabæir standi nú auðir eða margir eigendur standa að sömu byggingunni, sem gerir leigu á húsnæði flókna. Þetta valdi vanda fyrir þá sem vilja flytja inn á svæðið.



Þegar talið barst að nágrönnum í Húnaþingi vestra lýstu þátttakendur þeirri tilfinningu að þar væri uppgangur í samfélaginu, sem birtist meðal annars í byggingaframkvæmdum og vexti. „[...] það er búið að byggja rosa mikið og þetta er soldið blómstrandi, það sem okkur langar að gerist hér, að það springi út eitthvað.“

## *Þema 5: Fámenni og fjarlægðir skerði þjónustu*

Viðmælendur lýstu því að fámennið í samfélaginu væri hamlandi. Fámennið valdi því að ýmislegt varðandi þjónustu gangi ekki upp líkt og í stærri samfélögum.

Tómstundir fyrir börn voru taldar vera takmarkaðar vegna fámennis. Það séu sömu krakkarnir sem taki þátt í öllu félagsstarfi sem valdi því að félagsstarf þeirra verði brotackenndara og ófullnægjandi. Börnin þurfi einnig að fara í burtu til að sækja framhaldsskóla, sem hafi áhrif á félagslíf þeirra og tengsl við samfélagið. Þá sé þjónustu við fatlað fólk ábótavant. Viðmælendur nefndu að það vanti fleira fólk til að hlutirnir gangi upp. Fjölskyldur sem eigi fötluð börn velji oft að flytja á fjölmennari svæði þar sem betri þjónusta sé í boði. Einnig kom til tals að fólk þyrfti oft að ferðast til að fá sérhæfða lækniþjónustu og aðra grunnþjónustu, sem er ekki í boði á staðnum. Þetta valdi óþægindum og auknum kostnaði.

Viðmælendur sammæltust um að skortur á fjölbreytileika í verslun væri mikið vandamál. Íbúar þurfi oft að ferðast langar vegalengdir til að versla og finnist vanta betri og ódýrari matvörubúð í Búðardal, sem myndi spara bæði tíma og peninga. Sumir fari nú þá leið að panta aðföng á netinu og fá þau send. Betri verslun á svæðinu myndi auka samheldni samfélagsins, þar sem fólk hittist reglulega augliti til auglitis.

Viðmælendur lýstu því að fjarlægðir innan Dalabyggðar væru miklar og að samspil þéttbýlis og dreifbýlis væri erfitt vegna þess. Sumir sveitarbærir séu mjög afskekktir, sem gerir það að verkum að erfitt er að finna einhvern miðpunkt fyrir samfélagið. Krakkar til sveita þurfi að ferðast langar vegalengdir til að taka þátt í tómstundum og félagsstarfi og mörg börn eyði einnig of löngum tíma í skólaakstri sem skapi aukið álag. Frístundaakstur fyrir börn í dreifbýlinu sé einnig flókinn úrlausnar. Á sama tíma mátti greina vilja til þess að leysa flækjur sem tengjast fjarlægðum. Ef allir reyndu að ná saman og leggja sitt af mörkum, þá væri hægt að finna lausnir.

Á sama tíma og rætt var um fámenni og hnignun voru viðmælendur líka upplitsdjarfir og fullir af eldmóði. Vegna stöðunnar hvíldi viss þegnaskylda á hverjum og einum. Mikilvægt væri að leggja meira á sig til að bæta samfélagið og ekki gefast upp þrátt fyrir erfiðleikana sem fylgja fámenni. Einn þátttakandi minnti á að það væri nauðsynlegt að íbúar upplýstu aðra íbúa um þarfir sínar til að fá nauðsynlega þjónustu og aðstöðu og berðust fyrir úrbótum. Einn íbúi úr dreifbýli lýsti meðal annars baráttu sinni fyrir betri fjarskiptum á sínu svæði: „Þannig ég náttúrulega bara byrjaði að hringja og ári seinna er komið GSM samband og stuttu seinna þá var komið þriggja fasa rafmagn og það er komið net og allt svoléiðis. Þetta er í raun bara með því að hringja og láta vita, ef enginn veit hvað þig vantar þá er enginn að hjálpa þér. Það er bara þannig, við þurfum dálítið að berjast fyrir því sem við viljum fá.“ Þetta atriði tengist einnig næsta þema.

## *Pema 6: Skortur á tengingu*

Viðmælendur lýstu því að þeim fyndist vanta ákveðið hjarta í samfélagið í Dalabyggð, eitthvað sem tengi fólkið saman og veki tilfinningu fyrir sameiginlegri ábyrgð og umhyggju fyrir svæðinu. Þá var nefnt að fólk þætti ekki nægilega vænt um sveitarfélagið og að það vantaði sterkari tengingu milli íbúanna.

Einn viðmælandi benti á að fólk ætti að muna að það sjálft er hluti af samfélaginu og að það skiptir máli hvað hver og einn leggur til. Það væri mikilvægt að einstaklingar tækju þátt í að móta og bæta samfélagið í stað þess að bíða eftir að aðrir gerðu það. Annar viðmælandi tók undir þetta og sagði að ef fólk vildi að eitthvað yrði gert, þá þyrfti það sjálft að leggja sitt af mörkum. Það væri ekki nóg að bíða eftir að aðrir tækju frumkvæði; allir þyrftu að leggja sitt af mörkum til að samfélagið blómstri.

Það kom einnig fram að kannski væri fólk orðið of heimóttalegt og tæki ekki nægilega mikla ábyrgð á því að taka þátt í samfélagsverkefnum. Sumir hefðu tilhneigingu til að finnast að unga fólkið ætti að gera hlutina, en það var bent á að allir ættu að reyna að taka þátt, óháð aldri.

## *Pema 7: Erfitt að komast inn í samfélagið*

Viðmælendur lýstu Dalabyggð sem frekar lokuðu samfélagi þar sem nýtt fólk ætti oft erfitt með að komast inn og verða hluti af samfélaginu. Á sama tíma væri búist við miklu af nýjum íbúum. Aðflutt fólk væri gjarnan strax sett í nefndir og stjórnir, og nefndi einn viðmælandi í gríni að það væri ákveðin afplánun að vera ofhlaðinn verkefnum. Nokkurs konar manndómsvígsla. Þrátt fyrir mikla þátttöku í nefndarstörfum tæki það samt langan tíma fyrir nýja íbúa að komast almennilega inn í samfélagið og þeir mæti oft lokuðum dyrum.

Einn aðfluttur viðmælandi sagði að samfélagið væri „rosalega“ lokað og að hann hafi þurft að leggja mikið á sig til að komast inn, jafnvel þótt hann hafi verið í mörgum nefndum. Annar viðmælandi tók undir þetta og sagði að honum hefði fundist erfitt að komast inn í samfélagið þrátt fyrir mikla þátttöku í félagsstarfi. Hann nefndi einnig að samfélagið hefði orðið opnara með tímanum, en það væri ennþá erfitt fyrir nýja íbúa að aðlagast. Taka þyrfti betur á móti nýju fólki og hjálpa því að finna sinn stað í samfélaginu. Sumir nefndu að þeir hefðu átt erfitt með að kynnast fólki og að það væri ekki alltaf auðvelt að fá stuðning og upplýsingar frá öðrum íbúum.

## *Pema 8: Aðgengi að stjórnsýslu*

Viðmælendur lýstu því að aðgengi að stjórnsýslu í Dalabyggð væri almennt gott. Sökum smæðarinnar hefði fólk í Dalabyggð mögulega greiðara aðgengi að stjórnsýslunni samanborið við íbúa í stærri sveitarfélögum. Íbúar gætu auðveldlega bankað upp á og spjallað við þá sem sitja í sveitarstjórn eða nefndum, en oft væri það spurning um hvort fólk hefði þor til að hafa samband. Sumir viðmælendur nefndu að boðleiðir væru stuttar og auðvelt væri að ná sambandi við þá sem ráða, en það virkaði þó ekki alltaf.

Það var einnig bent á að auglýst væri eftir fólki í nefndir, sem er góð leið til að hafa áhrif á þann málaflokk sem fólk brennur fyrir. Viðmælendur sögðu að það væri mikilvægt að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á samfélagið og að fólk þyrfti að vera virkt í samfélaginu til að vita hverju það vildi breyta.

Einn viðmælandi nefndi að hann hefði fengið svar við öllum tölvupóstum sem hann sendi, en að það hafi ekki alltaf verið þannig. Starfsfólk ráðhússins hafi tekið á sig rögg og svari fyrirspurnum nú mjög samviskusamlega, sem hafi bætt upplifun fólks af stjórnsýslunni. Það skipti miklu máli að fá svar, jafnvel þótt það sé bara „takk fyrir þetta“, því þá upplifði fólk að það hefði einhver áhrif. Ef fólk fengi ekki svar, þá upplifði það sig sem hunsað og missi trú á stjórnsýslunni.

## *Þema 9: Hrepparígur*

Viðmælendur töldu hrepparíg í Dalabyggð ekki mikið vandamál þó hann væri sannarlega til staðar. Hrepparígur hafi verið á undanhaldi undanfarin ár og að meiri sátt væri í samfélaginu. Áður hafi verið átta sveitarfélög á svæðinu og þá hafi hrepparígurinn verið áberandi, en í dag töldu sumir viðmælendur hann nánast vera horfinn. Sumir viðmælendur sögðu að þegar þeir voru að alast upp hafi þeir varla þekkt krakka í öðrum hreppum, en í dag sé það gjörbreytt. Sameining skólanna á Laugum og í Búðardal hafi dregið úr hrepparíg. Vegna betri samgangna hafi fólk einnig meiri samskipti milli svæða og hittist oftar.

Þrátt fyrir að hrepparígurinn sé á undanhaldi komi hann stundum upp, sérstaklega í tengslum við söguleg mál eða þegar stórar ákvarðanir eru teknar. Dæmi var tekið um sölu fasteigna á Laugum í Sælingsdal. Þá heyrðist í fólki sem bjó í þeim hreppi að Dalabyggð ætti að skila Laugum fyrst sveitarfélagið vildi selja. Einn viðmælandi sagði í góðlátlegu gríni að samstaða myndi ekki nást fyrr en sveitarfélagið sameinaðist öðrum, því þá gætu þau sameinast í að vera á móti einhverjum, til dæmis Húnavetningum.

Ungmennahreyfingin var einnig nefnd sem vettvangur fyrir hrepparíg, þar sem ungmennafélög störfuðu enn eftir gömlum hreppamörkum og pössuðu upp á sína krakka. Fannst viðmælendum vera ákveðin mismunun þar á ferð. Þetta valdi því að sum börn fái meiri stuðning en önnur, eftir því hvaða ungmennafélagi þau tilheyra. Viðmælendur sögðu að þetta hefði þó einnig skánað með árunum.

## *Þema 10: Slúður eða fréttir?*

Þátttakendur voru ekki á einu máli um að hvaða marki slúður og neikvætt umtal væru vandamál í Dalabyggð. Sumir viðmælendur lýstu því að það sem oft væri kallað slúður sé ekki endilega neikvætt: „Hvað er slúður? Maður er manns gaman, við tölum öll um hvert annað og við hvert annað og hvar eru mörkin?“ Mikilvægt væri því að greina á milli slúðurs og venjulegra fréttu. Fólk hafi einfaldlega áhuga á öðrum og eðlilegt sé að spyrja fregna. Það að tala um fólk sé ekki endilega eitthvað slæmt og að það geti verið gleðilegt að deila fréttum um jákvæða atburði í lífi fólks.

Þannig að umræðan þarf ekki alltaf að vera í neikvæðni, heldur getur hún verið hluti af eðlilegum samskiptum og samfélagslífi.

Sumir viðmælendur voru ósammála þessari framsetningu. Þvert á móti sé slúður og neikvætt umtal vandamál í samfélaginu, og einhverjir þátttakendur töldu sig jafnvel hafa orðið fyrir barðinu á því. Fólk sem þekki jafnvel ekkert til hafi fyrirfram mótaðar skoðanir á öðrum byggt á sögusögnum. Þátttakendur ræddu sín á milli hver réttu viðbrögðin væru yrði maður vitni að rætnu slúðri: „Er það ekki meðvirkni? Ef maður mótmælir þessu ekki þá er maður meðvirkur og tekur undir“. Annar þátttakandi tók í svipaðan streng: „Ég held að við séum kannski bara ekki nógu dugleg ef einhver kemur með eitthvað svona neikvætt á borðið til manns, maður er kannski ekki nógu duglegur að bara „já hvað hefur þú fyrir þér í því?“. [...] við svona þegjum frekar og svona „já okay“, í staðin fyrir að [segja]: „Hvaðan hefurðu þetta, hefur þetta við einhver rök að styðjast?“. [...] svona reka þetta til baka.“ Á sama tíma mátti greina það hugarfar hjá þátttakendum að slúður sé ákveðið náttúrulögmál í litlum samfélögum sem verði ekki brotið á bak aftur. Einn þátttakandi sagði: „Svona er klárlega alltaf miklu miklu meira í litlum samfélögum, þó við eigum kannski ekkert að samþykkja það þá er það bara soldið þannig.“

Sömu viðmælendur og töldu að slúður væri vandamál í samfélaginu héldu samt uppi ákveðnum vörnum, Dalabyggð væri langt því frá að vera einsdæmi. Nokkrir höfðu búið í öðrum litlum samfélögum þar sem sama hafði verið uppi á teningnum, og jafnvel talsvert verra. Einn hafði á orði: „Ég kem úr öðru samfélagi sem mér fannst vera alveg bara sterkast í heimi hvað þetta varðar [slúður] [...] Fólk er allveganna og alls konar og ég kem úr litlu samfélagi og kem í minna samfélag þar sem er færri fólk þá er það bara meira áberandi. Ef við erum í stóru samfélagi þá er þetta allt til staðar en það er bara minna áberandi.“ Með öðrum orðum, slúður og neikvæðni sé til í öllum samfélögum en ef til vill sé það áþreifanlegra í litlum samfélögum. Smæðin sé líka stundum kostur. Til að mynda sé það ákveðin borgaraleg skylda að hafa augun opin, til dæmis ef upp kemur grunur um vanrækslu á börnum. Þá verði að taka á sig rögg og tilkynna.

Einnig var bent á að orðspor fjölskyldunnar gæti haft áhrif á hvernig fólki er tekið. Hafi langafi gert eitthvað af sér gæti það haft áhrif á hvernig barnabarnabarn hans sé metið í dag, það „gangi einfaldlega niður línuna“. Einn þátttakandi hafði þetta á orði: „Það er kannski eina sem mér finnst dálítið svona... Engum gefinn séns og hann er kannski bara ljúfasti einstaklingur og bara frábær.“ Þetta gæti valdið því að íbúar fái ekki jöfn tækifæri til að sanna sig og verða hluti af samfélaginu.

## Húnaþing vestra

Rýnihópur var haldinn á Hvammstanga 1. febrúar 2024. Alls voru sex þátttakendur í rýnihópnum, fjórir karlar og tvær konur. Fjórir þátttakendur voru heimamenn og tveir aðfluttir. Alls voru sex þemu dregin út úr gögnunum.

### *Þema 1: Opið samfélag*

Viðmælendur sammæltust um að samfélagið í Húnaþingi vestra væri bæði opið og samheldið. Tveir aðfluttir viðmælendur, þar af einn innflytjandi, sögðust hafa upplifað sig sem hluta af samfélaginu frá fyrsta degi. Annar þeirra orðaði það svo: „Ég myndi segja að þetta [samfélag] sé svona, hvað á ég að segja, svona ef maður má sletta, svona welcoming. Það er einhvern veginn svona, maður var nýr í samfélaginu en það var samt eins og maður hefði alltaf verið hérna en samt enginn að skipta sér af þér en þú upplifir samt að þú værir hluti af samfélaginu, þú varst einhvern veginn ekki utanaðkomandi [...] Hérna er öðruvísi tilfinning, ég var mjög mikið [í litlum bæ úti á landi], þar einhvern veginn varstu alltaf smá aðkomumaður [...]. Þá þekkti maður bara þá sem ættingjarnir þekktu.“

Það var mat viðmælanda að íbúar á svæðinu væru almennt mjög opnir fyrir nýjungum og að ekki bæri mikið á neikvæðni gagnvart nýjum hugmyndum eða nýju fólki sem flytur á svæðið. Frekar væri aðfluttu fólki fagnað og oft dregið í ábyrgðarstöður, til að mynda í sveitarstjórn eða nefndir. Viðmælendur töldu að vegna þess hve mikið af „aðkomufólki“ byggi í samfélaginu, bæði innflytjendur og aðfluttir Íslendingar, skapaði það ákveðna víðsýni og fordómaleysi. Það væri ef til vill ástæðan fyrir því að það væri lítið um rígg og deilur á svæðinu ásamt því að ákveðin menning væri fyrir því að menn tali sig niður á lausnir. Einnig var tekið fram að í samfélaginu væri almennt ánægja með að fólki gengi vel og það væri lítið um öfund eða neikvæðni gagnvart velgengni annarra. Almennt væri fólk opið og tilbúið að hlusta á skoðanir annarra og það ríki vinalagt andrúmsloft í samfélaginu. Allir væru hluti af heildinni.

Ein möguleg ástæða var nefnd fyrir þessum inngildandi samfélagsanda: Hve ungt samfélagið í Húnaþingi vestra sé í raun. Hvammstangi varð ekki að þéttbýlisstað fyrr en vel var liðið á 20. öld og sameiningin við lok aldarinnar hafi að mestu afmáð mörk milli hreppa í hugum fólks. Sameiningin hafi tekið á en árangurinn af henni hafi sést strax, til að mynda hafi það verið mikið framfaraskref að sameina alla skólana í einn. Hún hafi leitt til meiri samheldni í samfélaginu og hrepparígur hafi minnkað í kjölfarið. Einn þátttakandi lýsti sameiningu skólanna svo: „[...] sem betur fer þá voru það börnin sem tóku völdin og [...] foreldrarnir bara urðu að koma á eftir því, krakkarnir voru svo ánægðir með þetta, að vera í einum skóla og allt í einu var maður bara kominn í að keyra [...] barnið í afmæli eða allskonar gistingar og annað og húsið var fullt hjá manni af krökkum úr sveitinni [...], krakkarnir bara tóku þetta alveg með trompi og fullorðna fólkið kom svona smátt og smátt á eftir“. Samt sem áður hafi gömlu hrepparnir sín sérkenni og blæbrigðamunur sé á svæðunum innan sveitarfélagsins, en því sé fagnað frekar en hitt: „Okkur veitir ekkert af að halda saman þessum 1300 hræðum sem búa hérna.“

Einn þátttakandi lýsti samfélaginu svo: „Það er rosa lítið af svona fæddum og uppöldum Hvammstangabúum. Það er rosa mikið af aðkomufólki eða einhver sem var hérna sem barn og kemur svo, þannig það er spurning hvort, kannski er það ástæðan fyrir því að það sé minni ríggur, af því þetta er einmitt ekki af því afi sagði þetta [eða] því langamma gerði þetta. Við erum einhvern veginn komin hérna ný inn og svo bara verðum við einhvern veginn samfélag.“ Með öðrum orðum, þá sé samfélagið í raun ekki „rótgróið“ í hefðbundinni skilgreiningu þess orðs. Þvert á móti sé það enn í mótun, og ef til vill er það þess vegna sem það er jafn opið og raun ber vitni. Þá ríki ákveðinn efnahagslegur jöfnuður á svæðinu: Fáir séu ríkir, fáir séu fátækir en flestir hafi það þökkalegt.

Af máli viðmælenda má ætla að ekki séu margar „óskrifaðar“ reglur sem gildi í samfélaginu. Sem dæmi var það einróma mat viðmælenda að „syndir feðranna“ erfist ekki á svæðinu, fólki sé ekki núíð því um nasir sem forfeður þess eða skyldmenni gerðu. Einn viðmælandi hafði á orði: „Það er varla talað um að [...] einhver sé af einhverri ætt sem hafi nú verið svona og svona.“

Að mati viðmælenda kemur sterkur samfélagsandi einnig fram í viðbrögðum íbúa þegar einhver í samfélaginu lendir í erfiðleikum. Nefndu viðmælendur dæmi þar sem haldnir voru tónleikar til að styrkja einstakling sem greindist með krabbamein, sem sýni samhug og vilja íbúa til að hjálpa hver öðrum. Viðmælendur töldu þessa samheldni vera einkennandi fyrir samfélagið í Húnaþingi vestra.

Ekki var rætt sérstaklega um hlutskipti innflytjenda í samfélaginu en í umræðum kom fram að þó innflytjendum væri vel tekið væri ákveðinn hópur útundan, þá helst verkamenn frá Austur-Evrópu. Gera yrði betur í að ná til þess hóps.

## *Þema 2: Samfélagslegt eignarhald*

Viðmælendum var tíðrætt um öflugt starf Kaupfélags Vestur-Húnavetninga og hve dýrmætt það væri fyrir sveitarfélagið að hafa sameiginlegt eignarhald á ýmsum þáttum eins og verslun og hitaveitu. Einn viðmælandi lýsti samfélaginu svo: „Mér finnst þetta friðsamt og við eigum soldið hérna, við eigum sem sagt samfélagið, við eigum búðina og svona sitt af hverju. Hitaveituna og svona ýmislegt sem að, og þá ef að vel gengur þá njótum við þess, en svo ef á brattann er að sækja þá kannski á hinn veginn. En við höfum eitthvað um það að segja þegar [þarf].“ Í þessu samhengi var rætt um nágrannana í Dalabyggð og Húnabyggð: „[...] ég hugsa að hluti af þessari óánægju þeirra með samfélagið sé kannski akkúrat sko verslunin. Er ekki bæði fyrir austan og vestan okkur að hér höfum við, hér ráðum við henni sjálf mikið og með þjónustuna og annað. En þetta eru einhverjar aðkomu verslunarkeðjur sem eru bæði á Blönduósi og í Búðardal.“ Annar þátttakandi bætti við: „[...] af því að Kaupfélagið, það er eign allra, að það sé svona sameiningar, það fara allir þangað. Þar hittist fólk, að þar sé samstarfið. Það er verið að keyra á bæina.“ Annar viðmælandi tók í svipaðan streng: „Jú jú, þetta er náttúrulega hluti af, við hérna, við höfum kannski meiri stjórn á okkar björgum ef svo má segja“.

Af þessum svörum má greina sameiginleg örlög og ábyrgð, staðbundin fyrirtæki sem mikið til er stjórnað af heimamönnum virðast binda fólkið saman. Íbúar geta komið fram með óskir um vöruúrval í Kaupfélaginu og við þeim er brugðist strax án þess að það þurfi að fara fyrir nefnd í Reykjavík. Ef fyrirtækjunum gengur vel njóta íbúar ávinnings en finna einnig fyrir því fjárhagslega þegar á móti blæs, en lyklatríði sé að íbúarnir hafi aðkomu að mikilvægum ákvörðunum. Einnig lýstu viðmælendur Kaupfélaginu sem miðpunkti samfélagsins þar sem maður geti einfaldlega fengið að setja innkaupin á reikning ef veskið gleymist. Þetta þykir vinalegt og tengir íbúana saman. Einn þátttakandi hafði á orði um traustið sem fólki er sýnt: „Það er ekkert vandamál [ef veski gleymist]. Þér er bara treyst þangað til annað kemur í ljós [...]. Við gerum þetta öll saman.“ Viðmælendur nefndu sérstaklega að Kaupfélagið hafi notið góðs af því að vera laust við pólitísk ítök, sem hafi verið til staðar í mörgum öðrum kaupfélögum. Kaupfélagið

hafi haft hæfa stjórnendur sem hafi tryggt góða rekstrarstöðu. Samantekið virðist samfélagslegt eignarhald á Kaupfélaginu og öðrum þjónustustofnunum og innviðum hafa aukið samkennd og traust og tryggir einnig að íbúar geti haft áhrif á þjónustu og verslun í nærumhverfinu.

### ***Þema 3: Gott aðgengi að þjónustu***

Viðmælendur svöruðu einum rómi að aðgengi að fjölbreyttri þjónustu væri gott í Húnaþingi vestra. Öll helsta grunnþjónusta væri til staðar, þar á meðal heilsugæsla, bílaverkstæði, rafvirkjar, sjoppa og verslanir. Það gerði daglegt líf þægilegt og auðvelt. Heilsugæslan og aðgengi að læknum var sérstaklega lofað, læknar hafi búsetu á staðnum og veiti persónulega þjónustu, ólíkt mörgum öðrum stöðum á landsbyggðinni þar sem verktakar sjá um heilsugæsluna og eru oft aðeins til staðar í skamman tíma. Þessi stöðugleiki er talinn mikils virði fyrir íbúana.

Íþróttastarf fyrir börn var einnig nefnt sem mikilvægur þáttur, þar sem sveitarfélagið styðji vel við bakið á ungmennasambandinu með akstursstyrkjum og niðurgreiðslum, sem gerir það að verkum að þátttaka er auðveldari og ódýrari. Viðmælendur sögðu einnig að verðlag í Kaupfélaginu væri samkeppnishæft miðað við aðra staði, eins og Blönduós, og fólk versli að mestu leyti í heimabyggð nema það eigi erindi til Reykjavíkur.

### ***Þema 4: Íbúar fá áheyrn***

Viðmælendur töldu að íbúar í Húnaþingi vestra hefðu gott aðgengi að stjórnsýslu og að tekið væri tillit til sjónarmiða þeirra innan hennar. Einn viðmælandi sagði að þó að ekki væri brugðist við öllum beiðnum, þá fengju íbúar alltaf áheyrn. Það væri hægt að senda erindi og þau væru tekin fyrir á byggðaráðsfundum, sem skapaði þá tilfinningu að fólk gæti haft áhrif, jafnvel þó að breytingar tækju tíma og krefðust úthalds. Eins og einn viðmælandi orðaði það: „Ég tel að maður gæti haft áhrif ef maður nennir því, en það þarf kannski eitthvað að hafa fyrir því. Ef manni finnst veruleg ástæða til þá náttúrulega reynir maður það.“

Boðleiðir innan samfélagsins eru stuttar, sem gerir það auðvelt fyrir íbúa að hafa samband við sveitarstjórnann. Sumir nefndu að það væri mikilvægt að nýta sér þetta aðgengi og tala við þá sem hafa áhrif, fremur en að kvarta eingöngu heima hjá sér. Annar viðmælandi lýsti því hvernig hann taldi að maður gæti haft áhrif ef maður legði sig fram og ynni að því markmiði.

Að lokum var bent á að sveitarstjórnin mætti gera meira af því að hitta íbúana, eins og að halda íbúafund að minnsta kosti einu sinni á ári, til að leyfa fólki að koma að og ræða málefni sín. Almennt virtist þó ríkja sú tilfinning að íbúar hefðu tækifæri til að hafa áhrif og að raddir þeirra heyrðust.

### ***Þema 5: Fréttir – ekki slúður***

Þátttakendur upplifðu að frétttaflutningur og samskipti í samfélaginu væru að mestu jákvæð og að slúður og neikvæð umræða væru ekki algeng. Einn viðmælandi sagðist þó þekkja fólk sem kvarti undan slúðri í samfélaginu, þó viðkomandi viðmælandi hafi ekki fundið fyrir því á eigin skinni.

Viðmælendur lýstu því að samskiptin væru fremur til að miðla fréttum og upplýsingum, eins og að spyrja um gang mála í sveitinni eða hvernig sauðburður hafi gengið. Samfélagið sé lítið og náið og þessi samskipti eru talin vera eðlileg og hluti af félagslífinu. Enn fremur sé ákveðin menning á sumum svæðum innan sveitarfélagsins fyrir því að segja sögur af fólki, gamansögur af fólki úr fortíð og nútíð. Slíku sé almennt séð vel tekið. Einn viðmælandi hafði á orði: „Það er kannski einmitt góður punktur, ég veit ekki með samanburð annars staðar á Íslandi en það er eitthvað sem ég hef tekið eftir sem útendingur, hvað það er ótrúlegt hvað þið eruð dugleg að gera grín að sjálfum ykkur. Á þorablóti til dæmis, stundum er ég svo steinhissa að fólk bara hlær [...], bara virkilega góður hæfileiki.“

Þátttakendur fullyrtu að það gerðist varla að talað væri illa um fólk út frá ættum eða fortíð. Einn þátttakandi sagði að þvert á móti væri rógburður eða illt umtal skorað á hólmi í samfélaginu: „[...] mér finnst fólk líka bara duglegt, ef það eru að koma svona staðreyndarvillur, að þá er einhver sem veit betur og segir bara: „Heyrðu, þetta bara er ekki svona“. Mér finnst fólk líka fljótt að grípa inn í og leiðrétta. Það er ekkert bara látið bara ganga og látið berast áfram.“

## ***Þema 6: Gott félagslíf – allir taki þátt***

Viðmælendur töldu að íbúar í Húnaþingi vestra legðu mikla áherslu á öflugt félagslíf og sterkan samfélagsanda þar sem allir hefðu kost á að taka þátt. Það er greinilegt að íbúar eru mjög stoltir af góðri stöðu menningarlífs og félagslífs. Félagslífið sé fjölbreytt og nái til allra aldurshópa, með fjölbreyttu tónlistarlífi, leiksýningum, brúðuleikhúsi og öðrum viðburðum. Menningarlífið sé sjálfsprottið, frumkvæði komi frá íbúunum sjálfum sem margir hverjir hafi sterka tengingu við tónlist og leiklist. Leiksýningar og tónleikar voru taldir vera af mjög háum gæðum. Einn þátttakandi nefndi að viðburðir á svæðinu væru margir samanburðarhæfir við það besta sem stórborgir í Evrópu hafi upp á að bjóða. Þetta hafi leitt til þess að fólk finnur allt sem það þarf í nærumhverfinu og nýtur þess að taka þátt í viðburðum. Viðmælendur lýstu því að menningarlífið væri svo gott að þörfin fyrir að leita eftir afþreyingu utan samfélagsins væri lítil. Sveitarfélagið greiði einnig götu þeirra sem vilja efla félagslífið með styrkjum og afsláttum, sem auðveldar einstaklingum og hópum að setja upp viðburði. Að auki var talað um að foreldrar væru tilbúnir að leggja mikið á sig fyrir börnin sín, til dæmis með fjáröflun og sjálfboðastörfum. Einn þátttakandi kom með þá greiningu að gróskan í félags- og menningarlífinu gerði það að verkum að hið öfluga félagslíf aftri fólki frá slúðri og neikvæðu umtali: „Og kannski af því það er svo margt í boði, ég sé eins og hjá krökkunum mínum líka, maður er stundum bara í vandræðum með að ákveða sig, hvort maður vill frekar fara í körfubolta eða í dans eða í tónlist eða hvað [...], þá held ég að það sé ekki grunnur fyrir að manni leiðist og hugsi „æ, þessi er nú leiðinlegur“ og slúðri eitthvað“.



## Húnabyggð

Rýnihópur var haldinn á Blönduósi 5. febrúar 2024. Fjórir þátttakendur voru í rýnihópnum, þrír karlar og ein kona. Þrír þátttakendur voru heimamenn og einn aðfluttur. Fleiri höfðu boðað komu sína en vont veður setti strik í reikninginn, svo þátttakan var nokkuð dræmari en var í hinum sveitarfélögunum. Gögnin úr Húnabyggð byggja því á færri viðmælendum en í hinum sveitarfélögunum og eru að einhverju leyti takmarkaðri sökum þess. Alls voru sjö þemu dregin út úr gögnunum.

### *Þema 1: Hnignun landbúnaðar*

Þegar þátttakendur voru beðnir um að lýsa samfélaginu í stuttu máli var svarið einfalt: Landbúnaðarsamfélag. Samfélagið í Húnabyggð hafi lengi byggst á landbúnaði, sérstaklega sauðfjárrækt, en aðstæður séu hagstæðar vegna mikils víðernis og heiða. Samdráttur í landbúnaði hafi haft veruleg áhrif á samfélagið í Húnabyggð, tekjur í greininni séu orðnar mjög lágar og færri bændur stundi búskap en áður var. Tekjur séu almennt mjög lágar á svæðinu. Minnst var á að samfélagið ber sig gjarnan saman við svæði eins og Dalina, bæði hvað varðar landfræðilega staðsetningu og tekjur. Útgerð er ekki til staðar í Húnabyggð (þó hún sé það að litlu leyti hjá nágrönnunum á Skagaströnd), og launatekjur eru því mun lægri en á útgerðarsvæðum þar sem viðmælendum þótti augljóst að meiri peningar væru í umferð. Einn þátttakandi hafði á orði: „Hér eru náttúrulega mjög lágar meðaltekjur, sorglega lágar [...]. Manni sviður nefnilega, hér er til dæmis engin útgerð [...]. Maður sér bara hvað útgerðarbæirnir og þar sem útgerðin er, hvað það eru miklu meiri launatekjur þar og virðist vera meiri peningar í veltunni.“

Samdráttur í landbúnaði hafi leitt til þess að fólk hafi flutt frá dreifbýli til Blönduóss í atvinnuleit, þar sem erfitt sé að lifa af tekjum frá búskapnum einum saman. Margir hafa farið að vinna í sláturhúsi, verksmiðju, bakaríi eða á sambýlum til að afla tekna. Töldu viðmælendur þessa þróun hafa skapað gjá milli dreifbýlis og þéttbýlis, frekar en á milli einstaka hreppa.

### *Þema 2: Skortur á þjónustu og völdin yfir björgunum farin*

Viðmælendur lýstu yfir áhyggjum vegna skorts á þjónustu í samfélaginu. Læknaskortur sé stórt vandamál, þar sem enginn fastur læknir sé lengur til staðar, og heilbrigðisþjónustan er talin ófullnægjandi. Þá var rætt um hátt verð á matvöru. Almennt kom fram að íbúar í sveitarfélaginu uppfylli ekki þarfir sínar lengur heldur treysti á aðflutt vinnuafli til ýmissa starfa. Þar spili inn í að völdin yfir björgunum hafi færst frá heimamönnum til fjarlægari svæða og stórfyrirtækja. Margir mikilvægir þjónustubættir hafa verið fluttir burt frá svæðinu. Vegagerðin, Rarik og kjötvinnslan hjá Kjarnafæði eru dæmi um starfsemi sem hefur verið flutt burt eða verulega dregið úr. Fólki finnist það hafa misst tengsl við þjónustuna og það hafi áhrif á samfélagið. Tekið var fram að í raun hefðu íbúar í Húnabyggð ekki lengur stjórn á þessum atvinnugreinum. Það sé af sem áður var, en á árum áður hafi samfélagslegir innviðir verið sterkir. Þar munaði mest um Kaupfélag Austur-Húnavetninga, sem hafi verið gríðarsterkt. Einn viðmælandi sagði um fortíðina: „Við sáum um okkur sjálf. Við versluðum í kaupfélaginu og lögðum inn í kaupfélagið

og sáum ekkert nema kaupfélagið. Já, verslunin Vísir var líka hérna [...]. En breytingin er náttúrulega að við uppfylfum engar þarfir okkar lengur, ekki neitt. Við treystum alfarið á innflutt vinnuafli til að þrifa sjúkrahúsið, afgreiða í búðinni, sjoppunni, í smíðavinnuna, sláturhúsið.“

Fleira kemur til: „Hér var rekin öflug vegagerð einu sinni, hún var tekin af. Rarik var hér með mjög öfluga starfsstöð, það eru orðnir tveir eða þrjú þar. Kjarnafæði var með mjög mikla kjötvinnslu og hún er til staðar ennþá en þá þurftu þeir að taka fyrir það að þú getir farið út í verslun og keypt kjöt hérna, heldur þarftu að fara til Akureyrar og svo sent til baka. Þetta er svo fáránleg vitleysa, og þetta hleypir illu blóði í marga. Að við getum ekki gengið hér inn í okkar afurðastöð og verslað, að þurfa að fara í gegnum einhverja trekt fyrir norðan. Þetta finn ég að svekkir marga.“

Ýmislegt hafi verið „tekið í burtu“ sem fólk hafi fundið til stolts og öryggis yfir: „Við vorum hérna með mjólkursamlag, með sláturhúsið, við vorum með kaupfélag, með tryggingarumboð, tvo banka, Búnaðarbanka plús Íslandsbanka. Við vorum með tvo skála, Olísskála og Essóskála. Nánast allt hérna er í eigu einhvers staðar annars staðar.“

Völdin yfir björgunum og hátt verðlag tvinnast saman í hugum fólks: „Svo náttúrulega er búðin virkilegt vandamál, það væri ekkert meira aðlaðandi fyrir þetta samfélag heldur en að fá lágvöruverslun. Manni sviður bara í augun að horfa á þetta verðlag.“

Einn þátttakandi sagðist þó vera hissa á samanburði á tölum um uppfyllingu þarfa á milli sveitarfélaga. Munurinn eigi ekki að geta verið svona mikill. Til að mynda sé opinber stjórnsýsla mun sterkari í Húnabyggð en í Húnaþingi vestra, en Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra hefur sínar höfuðstöðvar þar og lögreglan með starfsstöð og sömuleiðis sé starfrækt gagnaver á Blönduósi.

Sjúkrahúsið er þó talið vera mikilvægur og öflugur vinnustaður sem veiti góða þjónustu, þó mikil velta hafi verið á læknum undanfarið. Sjúkrahúsið sjálf sé stórmerkileg bygging og glæsilegt kennileiti. Einnig var minnst á að aðstaða fyrir eldri borgara væri til fyrirmyndar. Viðmælendur eru sammála um að þrátt fyrir ýmsa erfiðleika hafi margt gott verið gert og það sé bjart framundan: „En svo hefur bara Húnavatnssýslan, ef að landbúnaður fær betri starfsskilyrði þá er þetta gríðarlega víðerni hér til og miklir ræktunarmöguleikar þannig maður horfir til þess líka. Og ég tel líka að Blönduós eigi mikla vaxtarmöguleika því þetta er mitt á milli Akureyrar og Reykjavíkur og það er búið að byggja mikið upp hérna. Það er nýkominn nýefnaiðnaður hérna sem á að veita 10 til 15 störf, þetta er rétt í startholunum og ég hef grun um að það sé meira svona í pípunum þannig ég horfi björtum augum til Húnabyggðar.“

### *Þema 3: Sameiningin enn yfirstandandi*

Viðmælendur lýstu mismunandi sjónarmiðum varðandi sameiningu sveitarfélagsins og áhrif hennar á samfélagið. Sameining Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps í Húnabyggð var tiltölulega nýafstaðin á þeim tíma sem rýnihópurinn fór fram. Sameiningin hafði tekið gildi rúmu einu og hálfu ári áður. Hóparnir innan hins nýsameinaða sveitarfélags væru ólíkir og margir íbúar enn að aðlagast. Fram kom í máli viðmælenda að ákveðin tortryggni hafi ríkt lengi sem hafi tafið fyrir sameiningu. Sú tilfinning eigi sér djúpar rætur, eins og einn viðmælendi lýsti á skemmtilegan hátt með sögulegu dæmi: „Þrátt fyrir gott samfélag og gott samband fólks þá er ríkjandi býsna mikil

tortryggni sem kannski sést best með því að við erum með þeim síðustu á landinu að fara í þennan sjálfsagða sameiningarfasa. Hver hefur viljað búa að sínu og verið tortryggni á milli og gengið illa að sameina og gengur illa enn. Og það hefur reyndar loðað hér alltaf við og samfélög fyrir 100 árum voru líklega eins alls staðar á landinu, snérist um að hafa að éta og lifa af og stunda landbúnað sem til var. Maður sér að hér hefur bragurinn verið dálldið öðruvísi og er lýst mjög vel í ævisögu Huldu Á. Stefánsdóttur sem bjó á Þingeyrum og var skólastjóri Kvennskólans hér og Kvennskólans í Reykjavík, mikil forystukona. Þar lýsti hún þegar hún flutti hingað, bjó norður í Eyjafirði og pabbi hennar var skólastjóri þar á Möðruvöllum og svo á Akureyri. Hún var að lýsa muninum á samfélögunum og gerir það afskaplega vel og það var í fáum orðum þannig að í hennar heimasveit þá bjuggu menn hver að sínu, litlum jörðum, hugsuðu um sitt en hérna voru stórar jarðir, stærri bú og bændur jafnvel einhvers staðar að flækjast á meðan vinnufólkið var að vinna að búskapnum. Þannig að við áttum svona kóng á hverjum bæ sem var kannski ekki annars staðar. Það kannski eimir eftir af þessu enn.“

Flestir viðmælendur voru sammála um að sameiningin hefði ekki verið nægilega undirbúin, sérstaklega varðandi ákveðin hitamál, eins og skólamál og húsnæðismál. Þrátt fyrir mikla fjármuni sem voru settir í ráðgjöf og undirbúning, hafi lítið verið gert til að skapa sameiginlega sýn og stefnu til framtíðar. Viðmælendur minntust einnig á félagsheimili og aðrar gamlar byggingar sem hefðu verið mikilvægar fyrir samfélagið í dreifbýlinu, en gætu nú orðið afgangsstærðir og kostnaðarsamar fyrir hið nýja sveitarfélag. Sumum þessara félagsheimila var jafnvel lokað við sameininguna. Skólamál voru einnig rædd, þar sem Húnavallaskóli og Blönduskóli voru nýlega sameinaðir, og hefur það verið ákveðin áskorun fyrir íbúa svæðisins að aðlagast þessum breytingum. Einn viðmælandi nefndi að sameining sveitarfélaga tæki tvo mannsaldra og vinna þyrfti úr þeirri togstreitu sem myndist. Mesta gæfa Húnaþings vestra hafi verið að allir hrepparnir hafi sameinast á sama tíma, plásturinn hafi verið tekinn af á meðan sameiningar Dalabyggðar og Húnabyggðar hafi verið langdregnari og brotakenndari.

Að þessu öllu sögðu þá var bjartsýni ríkjandi í hópi viðmælenda um að sameiningin væri mikið framfaraskref sem myndi skila árangri til framtíðar. Stórum áfanga hafi verið náð. Íbúar hins nýja sveitarfélags ættu einfaldlega eftir að „hræra sig saman“, eins og einn viðmælandi orðaði það. Þá búi sveitarfélagið yfir ómetanlegri náttúru sem geti skapað fjölda atvinnutækifæra ef samstaða og framkvæmdavilji væri til staðar. Þau miklu víðerni sem sveitarfélagið búi yfir séu vannýtt auðlind og tækifæri í laxveiðiám. Hestaferðir hafa náð meiri fótfestu á staðnum en annars staðar á landinu, og sögutengd ferðaþjónusta er einnig að byrja. Með því að nýta þessa þætti gæti sveitarfélagið skapað sér betri möguleika og meiri atvinnutækifæri en margir aðrir staðir.

#### ***Þema 4: Erfitt að komast inn í samfélagið***

Aðfluttur íbúi lýsti samfélaginu sem lokuðu, þar sem nýir íbúar upplifi fjarlægð og tortryggni. Viðmælandinn upplifði ákveðna stéttaskiptingu og nefndi í því ljósi fyrsta og annars flokks íbúa, þar sem fyrsta flokks séu fæddir á Blönduósi en annars flokks séu fæddir utan bæjarins. Þá gætu erlendir íbúar tilheyrt hvorugum hópnum. Það væru helst eldri borgarar sem legðu sig fram um að kynnast innflytjendum. Þátttaka innflytjenda í samfélagsmálum sé lítil, sem

endurspeglast í stjórnýslunni og nefndum sveitarfélagsins þó stór hluti íbúa sé af erlendum uppruna. Annar viðmælandi benti á að fyrir kosningar 2022 hafi frambjóðendur reynt að fá erlenda ríkisborgara til að taka þátt og vera á lista, en án árangurs. Það reyndist erfitt að fá jákvæð svör þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, og var því þátttaka þeirra lítil. Út frá þessu að dæma er talsverð vinna fyrir hendi í málaflokki innflytjenda.

Viðmælandi af erlendum uppruna hafði á orði um sambúð innfæddra og innflytjenda: „Mér finnst hérna Blönduósingar, fólk í Húnabyggð, mætti bara hafa meira sjálfstraust vegna þess að við sem erum að koma hingað til Blönduóss, ekki að koma [tilneytt] sem flóttafólk [...]. Við erum að koma af frjálsum vilja til að lifa hérna og hafa framtíð hérna. Við erum ekki vitleysingar, við erum hér af frjálsum vilja, við erum að velja þetta og við erum með okkar bakgrunn og við erum ekki bara vinnuafli. Við erum miklu, miklu meira og við getum tekið þátt [...]“.

### *Þema 5: Íbúar hafi áhrif – en þátttöku skorti*

Viðmælendur töldu að íbúar í Húnabyggð hefðu alla burði til að koma sínum málum að og hafa áhrif á gang mála, en fólk þyrfti að bera sig eftir því. Hægt væri að fá aðra með sér í lið og koma hlutum í verk. Viðmælendur lýstu hinsvegar yfir áhyggjum af skorti á þátttöku í félagsmálum og samfélagsstörfum. Þeir sem gefa sig í slík störf verði oft ofhlaðnir verkefnum. Einn viðmælandi hafði á orði: „Það sem að helst vantar, það er að fá fólk til starfa í félagsmálum eða málum yfirleitt. Þeir sem að gefa sig í það eru oft á tíðum, þeim er oft á tíðum drekkt í, vegna þess að þeir lenda alls staðar og það er vont. Þannig að möguleikinn til að hafa áhrif á samfélagið og koma að málum held ég að sé mikill. En hvort að þú sjáir svo árangur af því eða hvort þú ert ánægður með árangur af því það veit ég ekki. En það eru allir möguleikar til þess að koma að málum. Mjög miklir.“ Í þessu samhengi var nefnt að gerðar hefðu verið tilraunir til að halda íbúafundi en þeir verið illa sóttir: „Þá koma fimm aðilar. Meiri áhugi var þarna ekki. Kannski eiga íbúar að læra þetta, að taka þátt, ræða málin og ákveða stefnu, hvaða stefnu við viljum taka.“ Þá var nefnt að þar sem sameiningin sé ný yfirstaðin, og í raun enn í gangi, geti það eflaust flækt málin, en það standi til bóta. Gott aðgengi sé að stjórnýslu og sveitarstjóra. Hinsvegar sé vandamál að fundargerðir sem birtar eru á heimasíðu sveitarfélagsins séu útþynntar og veiti ekki nægar upplýsingar um hvað var rætt eða hvaða ákvarðanir voru teknar. Miklu betra sé að upplýsingar liggi einfaldlega fyrir, annað skapi þá tilfinningu að verið sé að halda hlutunum leyndum.

### *Þema 6: Hrepparígur mest til gamans... og þó*

Viðmælendur lýstu hrepparígunum sem hluta af samfélagsgerðinni, þó hann sé nú til dags mest til gamans. Hrepparígur hafi verið til staðar í gegnum tíðina, hver hreppur hélt fram sínum málum og ekki laust við að hver sveit hafi haft sína smákónga. Einn þátttakandi lýsti hrepparígunum sem rótgrónu hugarfari, sem sé þó ekki alslæmt: „Já sko, hrepparígurinn, þetta er eitthvað sem maður er sem margir eru aldir upp við. Bara partur af, þetta var bara samfélagið hérna, eitthvað að metast, hvort það sé vandamál ég veit ekki, bara gaman að því sko.“

Hrepparígurinn hafi verið misjafn eftir sveitum og hafi þá mest verið til skemmtunar undanfarið, sérstaklega á viðburðum eins og þorablótum. Viðmælendur telja þetta vera hluta af menningu hvers hrepps, sem sé gaman að halda í, þó að hún hafi minna vægi í dag. Eldri íbúar hafi haldið þessari hefð á lofti, en yngri kynslóðin taki minna þátt í henni. Það heyrir á daglegu tali, en unga fólkið noti síður gömlu hreppanöfnin en eldri kynslóðin. Einn viðmælandi hafði á orði: „Hrepparígur er hérna bara, ég held það sé bara íþrótt hérna, ég er ekkert viss um að hann sé slæmur, bara til skemmtunar á þorablótum.“

Á máli viðmælenda mátti þó líka greina að hrepparígur væri ekki aðeins gamanmál. Erfiðleikar í samstarfi dreifbýlis og þéttbýlis birtist í dag í afstöðu til skólamála, en Húnavallaskóli og Blönduskóli voru sameinaðir í kjölfar sameiningarinnar. Einn þátttakandi hafði á orði: „Við vitum alltaf að skólamál eru afskaplega viðkvæm mál. Að leggja niður skóla er náttúrulega eins og að taka sálina úr sveitinni og þetta er náttúrulega hluti af dæminu en það var nú bara þannig að skólinn á Húnavöllum var kominn að þolmörkum og fólk verður bara að sætta sig við þetta, það er bara að sumir eiga erfitt með það. [...] Við erum bara ekki komnir lengra ennþá, við eigum bara eftir að hræra okkur betur saman. Það er það sem er númer eitt tvö og þrjú“. Einnig séu blikur á lofti með félagsheimili í sveitunum: „Með þessi gömlu félagsheimili, það þarf nú svo sem að fara að taka eitthvað til í þeim en hvað verður gert? Félagslífið í sveitunum stendur soldið á þeim mörgum, eða allavega þeim húsum sem eru ennþá virk. Þannig ef það verður selt og farið í eitthvað annað þá verður það helvíti mikið högg á marga held ég.“

## *Þema 7: Fréttir – ekki slúður*

Umræður í hópnum um slúður byrjuðu á svipuðum nótum og í hinum tveimur hópnum. Viðmælendur töluðu um slúður og muninn á jákvæðu og neikvæðu slúðri. Flestum fannst slúður einfaldlega hluti af mannlegu eðli og ekkert að því að tala um aðra, fyrr en það verði neikvætt og byrjað að tala illa um fólk. Hvað varðar neikvæðni í samfélaginu þótti hún tengjast sérstaklega erfiðri stöðu í efnahagslífinu, til dæmis verðbólgu, vöxtum og skorti á fjölbreytni í atvinnulífinu. Einn aðfluttur þátttakandi taldi sig hafa orðið fyrir barðinu á slæmu slúðri í gegnum tíðina og tengdi það sérstaklega við erlendan uppruna sinn og það að hann hafi komið inn í samfélagið með allt aðra sýn og nálgun á hlutina.

## Umræður

Í þessari rannsókn var lagt var upp með að greina hvaða félagssálfræðilegu áhrifaþættir gætu verið undirliggjandi byggðabrag í íslenskum sveitarfélögum. Valin voru þrjú sveitarfélög sem höfðu vakið athygli fyrir ólíkan byggðabrag þrátt fyrir nálægð og líka samfélagsgerð: Dalabyggð, Húnaþing vestra og Húnabyggð. Víðtækar, megindlegar kannanir í þessum þremur sveitarfélögum bentu til þess að marktækur munur væri á félagssálfræðilegum breytum milli sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

1. **Félagsleg samheldni:** Íbúar í Húnaþingi vestra töldu sveitarfélagið sitt vera samheldnara en íbúar í Dalabyggð og Húnabyggð.
2. **Sameiginleg sjálfstílrú:** Íbúar í Húnaþingi vestra höfðu frekar trú á því að sveitarfélagið „hefði það sem þarf“ til þess að takast á við vandamál sem koma upp en íbúar í Dalabyggð og Húnabyggð.
3. **Uppfylling þarfa:** Íbúar í Húnaþingi vestra voru mun frekar á þeirri skoðun að samfélagið uppfyllti allar þarfir þeirra en íbúar í Dalabyggð og Húnabyggð.
4. **Áhrif íbúa:** Íbúar í Húnaþingi vestra og Dalabyggð töldu áhrif íbúa á samfélagið meiri en í Húnabyggð.

Í niðurstöðunum voru dæmi um marktækan mun á öðrum félagssálfræðilegum breytum milli sveitarfélaga en mynstrið var ekki skýrt (til dæmis varðandi félagslega samsömun og sameiginlegan narsissisma). Þá var marktækur munur á afstöðu íbúa til annarra spurninga um samfélagið:

5. **Slúður og neikvæðni:** Íbúar í Húnaþingi vestra töldu slúður og neikvæðni mun síður vera vandamál en íbúar í Dalabyggð og Húnabyggð.
6. **Hrepparígur:** Íbúar í Húnaþingi vestra töldu síst að hrepparígur væri vandamál í sínu sveitarfélagi, á meðan hann var metinn meira vandamál í Dalabyggð og enn meira vandamál í Húnabyggð. Hér var marktæktur munur á öllum sveitarfélögum.
7. **Erfiðleikar í samskiptum dreifbýlis og þéttbýlis.** Íbúar í Húnaþingi vestra töldu mun minni erfiðleika vera í samskiptum dreifbýlis og þéttbýlis í sínu sveitarfélagi en íbúar í Húnaþingi vestra og Húnabyggð.

Út frá þessum niðurstöðum voru rannsóknarspurningar hannaðar fyrir eigindlega hluta rannsóknarinnar sem framkvæmdur var með rýnihópum. Í samtali við íbúa var krufið hvað kynni að liggja baki niðurstöðum varðandi: 1) Áhrif íbúa á gang mála í sveitarfélaginu, 2) Samstarf dreifbýlis og þéttbýlis og hrepparíg, 3) Slúður og neikvæða umræðu og 4) Uppfyllingu þarfa íbúa. Ekki var spurt sérstaklega út í sameiginlega sjálfstílrú og félagslega samheldni þar sem talið var að þær breytur myndu birtast í umræðum um framangreinda þætti. Samandregið voru helstu niðurstöður rýnihópanna eftirfarandi:

8. **Opið eða lokað samfélag.** Það virtist vera munur á því hversu opin sveitarfélögin voru nýju fólki. Erfiðara væri að komast inn í Dalabyggð og Húnabyggð en Húnaþing vestra. Ýjað var að því að gamall hugsunarháttur um að „við“ og „hinir“ ríkti eða jafnvel að ákveðin ættarveldi réðu ferðinni. Slúður og

neikvæðni þrífist í slíku umhverfi. Í Húnaþingi vestra var tilfinningin að flestir íbúar væru með einhverjum hætti „aðkomufólk“, a.m.k. á Hvammstanga, sem skapaði einhvers konar jafningjagrundvöll óháð rótum í samfélaginu.

9. **Hnignun sem tilfinning.** Hnignun var sterkt þema í umræðum í Dalabyggð og Húnabyggð. Sjálfsmynd íbúa virðist vera tengd sauðfjárbúskap með mun mjög sterkum hætti, staða greinarinnar liggur þungt á fólki og eðlilega gætti fortíðarþrár eftir þeirri tíð þegar búið var á hverjum bæ. Á meðan var mun sjaldnar minnst á fortíðina í Húnaþingi vestra.
10. **Forráðin yfir björgunum og samfélagslegt eignarhald.** Eignarhald og forræði yfir mikilvægum fyrirtækjum og innviðum eru íbúum í Húnaþingi vestra mikilvæg og var það tengt við góða stöðu þjónustu sem íbúar njóta. Góð staða þjónustunnar var jafnvel tengd við „skort“ á slúðri og neikvæðni. Á sama tíma upplifðu viðmælendur í rýnihópunum í Dalabyggð og Húnabyggð ákveðna uppgjöf eða jafnvel gremju gagnvart verslununum á svæðunum.
11. **Óljós hrepparígur.** Í upphafi samtala slógu viðmælendur hrepparíg út af borðinu, hann væri til gamans og notaður til að minna á sérkenni hvers samfélags. Þegar leið á umræðurnar komu engu að síður alvöru mál upp á yfirborðið, til dæmis skólalald og málefni félagsheimila, sem gætu valdið erfiðleikum, sérstaklega fyrir samband dreifbýlis og þéttbýlis. Af máli viðmælenda virtist hrepparígur sannarlega vera til en raunveruleg þýðing hans í nútímanum óljós.

Niðurstöður rýnihópa voru keimlíkar þeim sem komu fram í fyrri rannsókn Vífils Karlssonar (2023). Það kann að helgast af því að því að niðurstöður þeirrar rannsóknar höfðu verið vel kynntar og einhver skörun kann að hafa verið á meðal þátttakenda í rýnihópunum. Þó rannsóknarspurningarnar og viðtalsrammarnir hafi verið gjörólík milli rannsókna hneigðust viðmælendur til sambærilegra skýringa. Það kann að vera að einhverju leyti styrkleiki að fyrri niðurstöður séu staðfestar en að einhverju leyti veikleiki að ný þekking sé takmörkuð. Hér á eftir verða niðurstöðurnar settar í frekara samhengi.

Ýmsar ástæður voru nefndar í rýnihópunum fyrir því að sveitarfélögin séu metin mismikið opin og lokuð. Ýjað var að því að samfélagið í Húnaþingi vestra, og þá sérstaklega á Hvammstanga, sé með einhverjum hætti minna rótgróið, í þeim skilningi að mikið sé af „aðkomufólki“ og ekki mikið af djúpum fjölskyldutengslum. Þess vegna erfist „syndir feðranna“ ekki og ekki skipti máli hvort fólk sé „innfætt“. Þessi flati strúktúr sé aðgengilegri fyrir nýtt fólk og kunni að skýra af hverju slúður og neikvæð umræða sé síður vandamál í Húnaþingi vestra. Lausleg athugun á megindlegu gögnum í þessari rannsókn styður ekki þessa kenningu, en hlutfall aðfluttra og „originala“ er svipað á milli sveitarfélaga sem og lengd búsetu íbúanna. Hinsvegar væri hægt væri að greina fjölskyldutengsl innan sveitarfélaganna með gögnum hjá Íslenski erfðagreiningu – vel má vera að þéttari eða sterkari „ættarveldi“ séu til staðar í Dalabyggð og Húnabyggð en Húnaþingi vestra. Í framtíðinni væri einnig hægt að athuga afstöðu íbúa til þess hvort slík ættarveldi séu til með sérstakri spurningu í spurningakönnun.

Póroddur Bjarnason (2018) hefur bent á að samfélagsbragur og byggðapróun geti að hluta til ráðist af því að allir íbúar séu viðurkenndir sem heimafólk. Niðurstöður þessarar rannsóknar styðja þá ályktun. Húnaþing vestra virðist vera lágþröskuldasmfélag, í þeirri merkingu að það sé auðvelt að komast inn í samfélagið og mörkin á milli „við“ og „hinir“ ekki mjög sterk. Nóg sé að flytja á svæðið eða hafa búið þar. Stundum er sagt að Íslendingar spyrji „hverra manna ertu?“ á meðan Bandaríkjamenn spyrja „hver ertu?“ og á sú samlíking ef til vill við hér. Í þessu samhengi má einnig benda á að fram kom í rýnihópunum, sérstaklega í Dalabyggð, að þó erfitt sé fyrir aðflutta að komast inn í samfélagið séu engu að síður gerðar miklar kröfur til þeirra um þátttöku í nefndum og ráðum. Hér er um að ræða verðugt viðfangsefni frekari rannsókna.

Það er ekki að undra að umræða um hnignun hafi komið ítrekað upp í rýnihópum í Dalabyggð og Húnaþing vestra í ljósi vandræða í landbúnaði og fólksfækkunar tengdri breyttum atvinnuháttum. Fólksfækkun var tengd sérstaklega við hnignun í Dalabyggð, en því var lýst að það væri hreinlega sársaukafullt að horfa upp á hvað sveitarfélagið hafi séð á eftir mörgum kröftugum einstaklingum í gegnum tíðina. Rýnihópurinn í Húnaþing vestra lýsti svipaðri tilfinningu með öflug fyrirtæki og útibú sem hafa farið af svæðinu. Það kom hinsvegar nokkuð á óvart hve lítið var talað um ýmsa uppbyggingu í Húnaþing vestra, þó vissulega hafi verið minnst á gagnaver, uppbyggingu gamla bæjarins og ferðaþjónustu. Það hefði verið áhugavert að kanna afstöðu til hnignunar í könnununum sérstaklega, en nokkrar breytur komast nærri henni þó. Ein breyta sem hefur mikla tengingu er uppfylling þarfa (þó ekki hafi verið spurt um breytingar yfir tíma). Á þeirri breytu var afgerandi munur milli sveitarfélaganna og þegar þær niðurstöður voru kynntar fyrir rýnihópunum fylgdu iðulega umræður um það sem *hefði* verið til staðar í Dalabyggð og Húnaþing vestra sem hefði séð íbúum fyrir vörum, þjónustu og atvinnu. Önnur breyta sem kemst nálægt hnignunar-tilfinningunni er afstaða til þess hvort sveitarfélagið hefði verið skilið eftir af ríkisvaldinu. Þar greindist ekki marktækur munur á milli Húnaþings vestra og Húnaþing vestra, en marktækur munur var á milli Dalabyggðar og Húnaþings vestra (þ.e. íbúar í Dalabyggð voru frekar sammála því að sveitarfélagið hefði verið skilið eftir). Þá hefur hnignunar-tilfinning augljósa tengingu við sameiginlega sjálfstílu, trúna á að samfélagið hafi það sem þarf til að takast á við sameiginlegar áskoranir, sem mældist lægri í Dalabyggð og Húnaþing vestra.

Eins og sagði í inngangi þá eru sameiginleg sjálfstílu og félagsleg samheldni mikilvæg hverju samfélagi (sérstaklega ef áföll dýnja yfir). Félagsfræðingar hafa bent á að þegar völd eru tekin af nærsamfélaginu, til dæmis með því að fyrirtæki fari úr eigu heimamanna, dragi það úr samþættingu og samheldni samfélaga (Bernard, 1973). Líklega er óhætt að slá því föstu að sameiginleg sjálfstílu aukist við það að sjá fyrirtæki merkt heimasvæði manns ná árangri. Líkt og fyrr sagði var uppfylling þarfa íbúa metin áberandi best í Húnaþing vestra í könnununum og nánast hægt að slá því föstu að fyrirtæki í eigu heimamanna eigi þar stóran hlut að máli. Þátttakendurnir í rýnihópnum í Húnaþing vestra tengdu mikla samfélagslega virkni og jákvæðni á svæðinu við góða stöðu þessara mála. Stolt og ánægja ríkti yfir þessum sterku innviðum.

Áhugaverðar umræður þróuðust í rýnihópunum um hrepparig og samstarf dreifbýlis og þéttbýlis en leiddu þó ekki endilega af sér jafn skýrar niðurstöður og afgerandi munur á milli sveitarfélaga í könnununum gaf til kynna. Í



umræðum við íbúa allra sveitarfélaganna var hrepparígurinn hálfpartinn sleginn út af borðinu sem arfleifð fortíðar sem væri aðallega til gamans í dag. Hrepparígur hafi verið mun meira vandamál í fortíðinni en í dag. Spurningin í spurningakönnuninni gerði ráð fyrir því að hrepparígur væri í eðli sínu neikvætt fyrirbrigði (orðrétt: „Hrepparígur er vandamál á svæðinu“). Mögulega þarf að ráðast í frekari rannsóknir á hrepparíg, hvernig eigi að mæla hann og hvort hann sé alltaf neikvæður – miðað við umræðurnar í rýnihópunum gæti hann líka verið mannleg leið til að minna á sín sérkenni. Séu meðaltöl svara við spurningunni skoðuð benda þau samt til þess að hann geti sannarlega verið vandamál.

Þó er sjálfsagt hárrétt að hrepparígur sé á undanhaldi og þjóni táknrænu hlutverki á mannamótum, sem leið til þess að menn haldi í sín sérkenni á milli svæða og greini sig frá hinum. Það var hinsvegar augljóst að eftir því sem umræðunum vatt fram í hópunum komu upp á yfirborðið ýmis alvarleg mál sem tengjast samstarfi ólíkra svæða innan sveitarfélaga: Skólamál, málefni félagsheimila, íþrótt- og tómstundastarf barna og svo framvegis. Þá verður líka að hafa niðurstöður fylgnigreiningarinnar í megindlegu niðurstöðunum til hliðsjónar: Þátttakendur sem mátu hrepparíg vandamál og samstarf dreifbýlis og þéttbýlis erfitt samsömuðu sig síður með sveitarfélaginu, höfðu minni sameiginlega sjálfstílu og mátu samfélagið ósamheldnara, voru síður ánægðir með sveitarfélagið og líklegri til að áforma brottflutning og svo framvegis. Þessar niðurstöður gefa mikilvægar vísbendingar en raddir þessara þátttakenda vantaði mögulega í rýnihópana. Það er tilfinning höfunda að Húnaþingi vestra hafi auðnast að starfa sem ein heild þrátt fyrir að vera sameinað sveitarfélag margra ólíkra svæða. Margt má því læra af sameiningu Húnaþings vestra.

Þá var einnig nokkur fylgni milli þess að finnast slúður og neikvæðni vera vandamál í sveitarfélaginu við að finnast hrepparígur vandamál og erfiðleikar vera í samstarfi milli dreifbýlis og þéttbýlis. Mögulega endurspeglast núningur byggðalaga í slúðri og neikvæðni, og hugsanlegt að það tengist gömlum sárum, eins og gjaldþrotum mikilvægra fyrirtækja í eigu heimamanna (þá helst kaupfélaganna). Ákveðnum aðilum kann að vera kennt um að hafa gloprað niður restrinum, með réttu eða röngu, og þar kann að vera sveita- og þéttbýlisvinkill. Þess vegna kann fortíðarþráin að vera jafnsterk og hún birtist í rýnihópunum.

Ein af helstu niðurstöðum þessarar rannsóknar (í spurningakönnuninum) er afgerandi munur á sveitarfélögum þegar kemur að afstöðu til þess hvort slúður og neikvæð umræða sé vandamál í samfélaginu. Slúður og neikvæðni voru metin miklu meira vandamál í Dalabyggð og Húnaþingi vestra en Húnaþingi vestra. Umræður um þetta atriði fóru hinsvegar ekki á mikið flug í rýnihópunum. Mest var rætt um eðli slúðurs, hvar mörkin séu á milli fréttu og slúðurs og svo framvegis. Mögulega er um varnarviðbragð að ræða enda óþægilegt viðfangsefni (sjá meiri umræður um þetta atriði í næsta kafla). Fáir (en þó einhverjir) þátttakendur lýstu persónulegri reynslu af því að vera þolendur slúðurs. Hinsvegar styðja niðurstöður kannananna niðurstöður Grétu Bergrúnar Jóhannsdóttur og félaga (2021) sem komust að því að fólk sem taldi slúðrað um sig í samfélaginu væri líklegri til að íhuga búferlaflutninga. Í spurningakönnuninum í þessari rannsókn var hinsvegar ekki spurt um persónulega upplifun heldur spurt um almenna upplifun af því hvort slúður væri vandamál á svæðinu eða ekki. Að því leyti bætir þessi rannsókn við

niðurstöður Grétu: Það er ekki aðeins persónuleg upplifun af slúðri sem getur tengst áformum um að yfirgefa sveitarfélagið, heldur einnig almenn upplifun um að mikið sé slúðrað í samfélaginu.

Gréta hefur bent á að slúður virki sem félagslegt taumhald sem þjóni þeim tilgangi að framfylgja viðmiðum og gildum samfélagsins (Johannesdóttir og Skaptadóttir, 2023). Séu viðmið eða gildi brotin fylgi því refsing hópsins, til dæmis í formi slúðurs og sögusagna. Hér er um að ræða ákaflega kynjað fyrirbrigði sem konur verða mun frekar fyrir, til dæmis í formi drusluskömmunar. Spurningin sem notuð var í spurningakönnunum í þessari rannsókn var mjög almenn og ekki spurt um viðfangsefni slúðursins (t.d. kynferðismál, einkalíf eða fjárhagur fólks) svo ekki er hægt að fullyrða um hversu kynjað slúðrið er í eðli sínu. Hinsvegar benda tölurnar, eins og fyrr segir, sterklega til þess að slúðrið sé mun fátíðara í Húnaþingi vestra en í hinum tveimur sveitarfélögum. Mögulega er hér komin ein skýring á því hvers vegna konur í Húnaþingi vestra eru svo miklu ánægðari með sínar aðstæður en kynsystur þeirra í öðrum sveitarfélögum (Vífill Karlsson, 2023). Það má vera að slúður sé síður notað sem félagslegt taumhald í Húnaþingi vestra en í öðrum sveitarfélögum. Frekari rannsóknir þarf til að skera úr um hvort svo sé og væri það áhugavert viðfangsefni frekari rannsókna.

## Takmarkanir og frekari rannsóknir

Hér var valin blönduð rannsóknaraðferð þar sem meginlegum spurningakönnunum var fylgt eftir með rýnihópum úr hópi íbúa. Þar sem áherslan var á mun á milli svæða var meginþungi greiningarinnar á að sjá hvar þessi þrjú sveitarfélög greindi að. Sambönd milli breytanna sjálfra þarfnast nánari greiningar sem og milli hópa, til dæmis eftir aldri, menntun eða búsetu í dreifbýli eða þéttbýli. Kynjavinkillinn var ekki tekinn sérstaklega fyrir í rannsókninni sem áhugavert og gagnlegt væri að gera síðar. Þá var staða innflytjenda ekki greind sérstaklega og er það verðugt verkefni frekari rannsókna á þessu sviði. Fyrri rannsóknir benda til þess að efnahagsleg staða innflytjenda sé jafnvel betri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu (Vífill Karlsson og Bjarki Grönfeldt, 2023) en mikilvægt er að kanna betur félagslegu víddina. Smæð samfélaga hefur kosti og galla, líkt og komið hefur fram.

Valdar voru breytur í kannanirnar sem rannsakendur töldu að gætu náð utan um byggðabrag og tókst að sýna fram á marktækan mun á nokkrum þeirra en ekki öllum. Það þrengir hringinn og mun geta gert næstu rannsóknir hnitmiðaðri, en kannanirnar hér þóttu helst til langar. Kannanirnar eru háðar hefðbundnum lögmálum félagsvísinda, en þær geta ekki skorið úr um orsakasamhengi og notast var við hentugleikaúrtak svo erfitt er að alhæfa út frá þeim. Í litlum sveitarfélögum væri jafnvel möguleiki að nálgast þýðisúrtak, eða því sem næst, ef fjármagn er fyrir hendi og samstarfsvilji innan sveitarfélagsins. Einnig gæti verið möguleiki að útbúa langtímarannsókn í einu eða fáum sveitarfélögum þar sem þróun er skoðuð yfir tíma eða útbúin náttúruleg tilraun. Miklir möguleikar eru fyrir hendi í frekari meginlegum rannsóknum á þessu sviði.

Viðtalsrammarnir fyrir rýnihópana voru hannaðir út frá niðurstöðum kannananna. Líkt og reifað var hér frammar staðfestu rýnihóparnir að mestu niðurstöður fyrri rannsóknar Vífils Karlssonar (2023) þó ætlunin hafi verið að komast að fleiru nýju. Hér kann að eiga þátt að valin voru sömu sveitarfélög og voru í rannsókn Vífils. Var það gert

fyrst og fremst þar sem um var að ræða þekkt dæmi um aðliggjandi eða nálæg sveitarfélög með ólíkan byggðabrag. Öll eru þau blönduð sveitarfélög með sambærilega lýðfræðilega samsetningu íbúa. Val sveitarfélaga stýrðist einnig af hagkvæmnisástæðum: Sterk sambönd við sveitarstjórnir og þekking á samfélögunum þóttu styrkja möguleika á góðri þátttöku í könnunum, og tókst það tvímælalaust. Hinsvegar hefði mátt íhuga aðra leið, til dæmis að velja önnur sveitarfélög sem eru svipuð hvað varðar lýðfræði og samfélagsgerð, þó þau séu ekki aðliggjandi. Má nefna nokkur fjölmennari sveitarfélög, svo sem Borgarbyggð, Skagafjörð og Norðurþing, sem hefðu verið áhugaverð þátttöku-sveitarfélög. Mögulega hefði meira komið út úr rýnihópunum hefði sú leið verið farin. Kannanirnar hafa þó ótvírætt vísindalegt nýnæmi sem hægt verður að byggja frekari rannsóknir á.

Þá var aðferðafræðin í eigindlega hlutanum ekki hafin yfir gagnrýni. Farin var sú leið að einblína á þær breytur í könnunum sem sýndu hvað mestan mun milli sveitarfélaga og ræða á mannamáli við þátttakendur hvaða ástæður þeir teldu að byggju að baki. Í umræðunum var því fyrirframgefin jákvæðni í Húnaþingi vestra og fyrirframgefin neikvæðni í Dalabyggð og Húnaþingi. Hvort þetta sé besta aðferðafræðin til að ná fram nýjum sjónarhornum eða greina hvað „raunverulega liggur undir“ verður ekki tekin afstaða til hér. Margoft kemur komið fram opinberlega að jákvæðni sé mikil í Húnaþingi vestra og þekkt stærð á svæðinu í kring en mögulega er betra að byrja umræður í rýnihópum með autt blað. Þá er vert að minnast á að rýnihópar eru ekki endilega heppilegasta formið þegar rætt er um byggðabrag, sem getur verið viðkvæmt málefni. Slúður í litlum samfélögum, hrepparígur og svo framvegis eru mjög persónuleg viðfangsefni sem getur verið óþægilegt að ræða í hópi nágranna, vina og kunningja. Einstaklingsviðtöl eru mun tímafrekari og hafa sína galla en áhugavert væri að sjá þau notuð í rannsóknum á þessum viðfangsefnum.

Að lokum er verðugt að minna á að niðurstöður varðandi gott eða slæmt samband milli dreifbýlis og þéttbýlis og tengsl við byggðabrag ættu að vekja menn til umhugsunar. Það er stefna stjórnvalda að fækka sveitarfélögum sem þýðir að blönduðum sveitarfélögum mun líklega fjölga á næstu árum. Benda má á grein Bjarka Þórs Grönfeldt og Vífils Karlssonar (2023) sem benti til þess að íbúar í dreifbýli blandaðra sveitarfélaga væru ánægðari en íbúar í hreinum dreifbýlissveitarfélögum. Af þessu tilefni er ef til vill mikilvægt að rannsaka vel heppnaðar sameiningar og misheppnaðar til að bæta árangur af þeim, en ekki er sjálfsagt að sameining skili árangri (líkt og skein í gegn í umræðum rýnihópanna í þessari rannsókn). Þá væri margt hægt að læra af fjölkjarnasveitarfélögum, eins og Múlaþingi og Fjarðabyggð, sem gæti verið áhugavert að rannsaka með sama hætti og gert var í þessari rannsókn.

## Samantekt

Víðtækar rannsóknir voru framkvæmdar í þremur sveitarfélögum (Dalabyggð, Húnaþingi vestra og Húnaþingi), bæði með spurningakönnunum og rýnihópum. Þær niðurstöður sem kynntar hafa verið hér eru fyrstu sönnunargögn þess að félagssálfræðilegur munur geti verið á milli íslenskra sveitarfélaga. Marktækur munur greindist á fjölmörgum mælikvörðum en mesta muninn mátti greina í 1) félagslegri samheldni, 2) trú á getu samfélagsins til að takast á við áskoranir og 3) hve vel íbúar gátu uppfyllt þarfir sínar í sveitarfélaginu. Þá var afgerandi munur á hvort 4)

hrepparígur væri vandamál, 5) hvort erfiðleikar væru í samstarfi dreifbýlis og þéttbýlis og 6) hvort slúður og neikvæðni væru metin sem vandamál í sveitarfélaginu. Húnaþing vestra skilaði jákvæðari niðurstöðum á þessum mælikvörðum. Niðurstöður rýnihópanna gáfu til kynna að þennan mun mætti tengja við 1) að samfélagið í Húnaþingi vestra sé mun opnara og auðveldara fyrir nýtt fólk að komast inn í það en í Dalabyggð og Húnabyggð, 2) að íbúar í Húnaþingi vestra séu stoltir af sterkum fyrirtækjum í eigu heimamanna og njóti góðs af því að hafa áhrif á þjónustu þeirra og 3) að Húnaþing vestra virðist hafa tekist að byggja sig upp sem eina heild á meðan meiri togstreita sé á milli dreifbýlis og þéttbýlis í Dalabyggð og Húnabyggð. Margt er enn á huldu um sveitina í sálinni og vonast er til þess að rannsóknin geti orðið kveikja að frekari rannsóknum á þessu sviði.

## Heimildaskrá

- Abdel-Khalek, A. M. (2006). Measuring happiness with a single-item scale. *Social Behavior and Personality: An international journal*, 34(2), 139–150. <https://doi.org/10.2224/sbp.2006.34.2.139>
- Abrams, D., Ando, K. og Hinkle, S. (1998). Psychological attachment to the group: Cross-cultural differences in organizational identification and subjective norms as predictors of workers' turnover intentions. *Personality and Social Psychology Bulletin*, 24(10), 1027–1039. <https://doi.org/10.1177/01461672982410001>
- Adorno, T. W. (1963). *Critical models: Interventions and catchwords*. Columbia University Press.
- Ahern, J. og Galea, S. (2011). Collective efficacy and major depression in urban neighborhoods. *American Journal of Epidemiology*, 173(12), 1453–1462. <https://doi.org/10.1093/aje/kwr030>
- Albertína Friðbjörg Elíasdóttir. (2012). „Ég á Ísafjörð og Ísafjörður á mig“. *Staðartengsl og staðarsjálfsmynd í samhengi við búsetuval* [Óbirt meistara-ritgerð, Háskóli Íslands]. <http://hdl.handle.net/1946/11786>
- Allport, G. W. (1985). The historical background of social psychology. Í G. Lindzey og E. Aronson (ritstj.), *The Handbook of Social Psychology*. McGraw Hill.
- Babcicky, P. og Seebauer, S. (2020). Collective efficacy and natural hazards: Differing roles of social cohesion and task-specific efficacy in shaping risk and coping beliefs. *Journal of Risk Research*, 23(6), 695–712. <https://doi.org/10.1080/13669877.2019.1628096>
- Bandura, A. (1997). *Self-efficacy: The exercise of control* (bindi ix). W H Freeman/Times Books/Henry Holt & Co.
- Bandura, A. (2000). Exercise of human agency through collective efficacy. *Current Directions in Psychological Science*, 9(3), 75–78. <https://doi.org/10.1111/1467-8721.00064>
- Benight, C. C. (2004). Collective efficacy following a series of natural disasters. *Anxiety, Stress, & Coping*, 17(4), 401–420. <https://doi.org/10.1080/10615800512331328768>
- Bernard, J. (1973). *The sociology of community*. Scott, Foresman and Co.
- Bilewicz, M. og Wójcik, A. (2010). Does identification predict community involvement? Exploring consequences of social identification among the Jewish minority in Poland. *Journal of Community & Applied Social Psychology*, 20(1), 72–79. <https://doi.org/10.1002/casp.1012>

- Bjarki Þór Grönfeldt og Vífill Karlsson. (2023). Sameiningar hreinna dreifbýlissveitarfélaga og þjónusta. *Íslenska þjóðfélagið*, 14(2), 3–25. <https://ojs.hi.is/index.php/tf/article/view/3909>
- Borwein, S. og Lucas, J. (2023). Municipal identity and city interests. *Political Behavior*, 45(3), 877–896. <https://doi.org/10.1007/s11109-021-09735-5>
- Bowe, M., Gray, D., Stevenson, C., McNamara, N., Wakefield, J. R. H., Kellezi, B., Wilson, I., Cleveland, M., Mair, E., Halder, M. og Costa, S. (2020). A social cure in the community: A mixed-method exploration of the role of social identity in the experiences and well-being of community volunteers. *European Journal of Social Psychology*, 50(7), 1523–1539. <https://doi.org/10.1002/ejsp.2706>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: a practical guide for beginners*. SAGE.
- Brewer, M. B. (1999). The psychology of prejudice: Ingroup love and outgroup hate? *Journal of Social Issues*, 55(3), 429–444. <https://doi.org/10.1111/0022-4537.00126>
- Browning, C. R., Dietz, R. D. og Feinberg, S. L. (2004). The paradox of social organization: Networks, collective efficacy, and violent crime in urban neighborhoods. *Social Forces*, 83(2), 503–534. <https://doi.org/10.1353/sof.2005.0006>
- Bühlmann, M. (2012). Municipal identity. A multilevel analysis of the determinants of individual attachment to municipalities. *Zeitschrift Für Vergleichende Politikwissenschaft*, 149–175. <https://doi.org/10.1007/s12286-011-0115-0>
- Byggðastofnun. (2024). *Íbúakönnun landshlutanna*. <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefing/maelabord/ibuakonnun>
- Cameron, J. E. (2004). A three-factor model of social identity. *Self and Identity*, 3(3), 239–262. <https://doi.org/10.1080/13576500444000047>
- Chavis, D. M. og Wandersman, A. (1990). Sense of community in the urban environment: A catalyst for participation and community development. *American Journal of Community Psychology*, 18(1), 55–81. <https://doi.org/10.1007/BF00922689>
- Cichocka, A. (2016). Understanding defensive and secure in-group positivity: The role of collective narcissism. *European Review of Social Psychology*, 27(1), 283–317. <https://doi.org/10.1080/10463283.2016.1252530>

- Cichočka, A., Bocian, K., Winiewski, M. og Azevedo, F. (2022). “Not racist, but...”: beliefs about immigration restrictions, collective narcissism, and justification of ethnic extremism. *Political Psychology*, 43(6), 1217–1234. <https://doi.org/10.1111/pops.12813>
- Cichočka, A. og Cislak, A. (2020). Nationalism as collective narcissism. *Current Opinion in Behavioral Sciences*, 34, 69–74. <https://doi.org/10.1016/j.cobeha.2019.12.013>
- Cichočka, A., Cislak, A., Gronfeldt, B. og Wojcik, A. D. (2022). Can ingroup love harm the ingroup? Collective narcissism and objectification of ingroup members. *Group Processes & Intergroup Relations*, 25(7), 1718–1738. <https://doi.org/10.1177/13684302211038058>
- Cichočka, A., Golec de Zavala, A., Marchlewska, M., Bilewicz, M., Jaworska, M. og Olechowski, M. (2018). Personal control decreases narcissistic but increases non-narcissistic in-group positivity. *Journal of Personality*, 86(3), 465–480. <https://doi.org/10.1111/jopy.12328>
- Cichočka, A., Marchlewska, M., Golec de Zavala, A. og Olechowski, M. (2016). ‘They will not control us’: Ingroup positivity and belief in intergroup conspiracies. *British Journal of Psychology*, 107(3), 556–576. <https://doi.org/10.1111/bjop.12158>
- Cichočka, A., Sengupta, N. K., Cislak, A., Gronfeldt, B., Azevedo, F. og Boggio, P. S. (2023). Globalization is associated with lower levels of national narcissism. *Social Psychological and Personality Science*, 14(4), 437–447. <https://doi.org/10.1177/19485506221103326>
- Cislak, A. og Cichočka, A. (2023). National narcissism in politics and public understanding of science. *Nature Reviews Psychology*, 1–11. <https://doi.org/10.1038/s44159-023-00240-6>
- Collins, C. R., Neal, J. W. og Neal, Z. P. (2014). Transforming individual civic engagement into community collective efficacy: The role of bonding social capital. *American Journal of Community Psychology*, 54(3), 328–336. <https://doi.org/10.1007/s10464-014-9675-x>
- Council of Europe. (2008). *Towards an active, fair and socially cohesive Europe. Report of high level task force on social cohesion*. [https://www.coe.int/t/dg3/socialpolicies/source/TFSC\(2007\)31E.doc](https://www.coe.int/t/dg3/socialpolicies/source/TFSC(2007)31E.doc)
- Ehsan, A., Klaas, H. S., Bastianen, A. og Spini, D. (2019). Social capital and health: A systematic review of systematic reviews. *SSM - Population Health*, 8, 100425. <https://doi.org/10.1016/j.ssmph.2019.100425>

- Ellemers, N., Spears, R. og Doosje, B. (1997). Sticking together or falling apart: In-group identification as a psychological determinant of group commitment versus individual mobility. *Journal of Personality and Social Psychology*, 72(3), 617–626. <https://doi.org/10.1037/0022-3514.72.3.617>
- Golec de Zavala, A., Cichocka, A. og Bilewicz, M. (2013). The paradox of in-group love: Differentiating collective narcissism advances understanding of the relationship between in-group and out-group attitudes. *Journal of Personality*, 81(1), 16–28. <https://doi.org/10.1111/j.1467-6494.2012.00779.x>
- Golec de Zavala, A., Cichocka, A., Eidelson, R. og Jayawickreme, N. (2009). Collective narcissism and its social consequences. *Journal of Personality and Social Psychology*, 97(6), 1074–1096. <https://doi.org/10.1037/a0016904>
- Golec de Zavala, A., Peker, M., Guerra, R. og Baran, T. (2016). Collective narcissism predicts hypersensitivity to in-group insult and direct and indirect retaliatory intergroup hostility. *European Journal of Personality*, 30(6), 532–551. <https://doi.org/10.1002/per.2067>
- Górska, P., Stefaniak, A., Malinowska, K., Lipowska, K., Marchlewska, M., Budziszewska, M. og Maciantowicz, O. (2020). Too great to act in solidarity: The negative relationship between collective narcissism and solidarity-based collective action. *European Journal of Social Psychology*, 50(3), 561–578. <https://doi.org/10.1002/ejsp.2638>
- Gronfeldt, B., Cislak, A., Wyatt, M. og Cichocka, A. (2023). Party people: Differentiating the associations of partisan identification and partisan narcissism with political skill, integrity, and party dedication. *Journal of Applied Social Psychology*, 53(12), 1227–1239. <https://doi.org/10.1111/jasp.13009>
- Grosz, M. P., Rohrer, J. M. og Thoemmes, F. (2020). The taboo against explicit causal inference in nonexperimental psychology. *Perspectives on Psychological Science*, 15(5), 1243–1255. <https://doi.org/10.1177/1745691620921521>
- Guerra, R., Bierwiazzonek, K., Ferreira, M., Golec de Zavala, A., Abakoumkin, G., Wildschut, T. og Sedikides, C. (2022). An intergroup approach to collective narcissism: Intergroup threats and hostility in four European Union countries. *Group Processes & Intergroup Relations*, 25(2), 415–433. <https://doi.org/10.1177/1368430220972178>



- Hagstofa Íslands. (2024). *Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi og ríkisfangi 1. janúar 1998-2024* [tafla].  
<https://hagstofa.is>
- Haslam, C., Jetten, J., Cruwys, T., Dingle, G. og Haslam, S. A. (2018). *The new psychology of health: Unlocking the social cure*. Routledge. <https://doi.org/10.4324/9781315648569>
- Hipp, J. R. og Wickes, R. (2017). Violence in urban neighborhoods: A longitudinal study of collective efficacy and violent crime. *Journal of Quantitative Criminology*, 33(4), 783–808. <https://doi.org/10.1007/s10940-016-9311-z>
- Jacobs, N. og Munis, B. K. (2023). Place-based resentment in contemporary U.S. elections: The individual sources of America’s urban-rural divide. *Political Research Quarterly*, 76(3), 1102–1118.  
<https://doi.org/10.1177/10659129221124864>
- Jasko, K., Webber, D., Kruglanski, A. W., Gelfand, M., Taufiqurrohman, M., Hettiarachchi, M. og Gunaratna, R. (2020). Social context moderates the effects of quest for significance on violent extremism. *Journal of Personality and Social Psychology*, 118(6), 1165–1187. <https://doi.org/10.1037/pspi0000198>
- Jetten, J., Haslam, C. og Haslam, S. A. (ritstj.). (2012). *The social cure: Identity, health and well-being*. Psychology Press.
- Johannesdóttir, G. B. (2024). “This fawning, flirty type”: Singlehood, gossip and power dynamics—young women in rural communities. *Sexuality & Culture*. <https://doi.org/10.1007/s12119-024-10227-x>
- Johannesdóttir, G. B., Bjarnason, T., Stockdale, A. og Haartsen, T. (2021). What’s love got to do with it? Love-life gossip and migration intentions in rural Iceland. *Journal of Rural Studies*, 87, 236–242.  
<https://doi.org/10.1016/j.jrurstud.2021.09.019>
- Johannesdóttir, G. B. og Skaptadóttir, U. D. (2023). “You don’t want to be one of those stories” Gossip and shame as instruments of social control in small communities. *NORA - Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 31(4), 323–334. <https://doi.org/10.1080/08038740.2023.2228797>
- Kazarovytska, F. og Imhoff, R. (2022). Too great to be guilty? Individuals high in collective narcissism demand closure regarding the past to attenuate collective guilt. *European Journal of Social Psychology*, 52, 748–771.  
<https://doi.org/10.1002/ejsp.2850>

- Kosterman, R. og Feshbach, S. (1989). Toward a measure of patriotic and nationalistic attitudes. *Political Psychology*, 10(2), 257. <https://doi.org/10.2307/3791647>
- Lai, M. H. C., Ren, M. Y. W., Wu, A. M. S. og Hung, E. P. W. (2013). Motivation as mediator between national identity and intention to volunteer. *Journal of Community & Applied Social Psychology*, 23(2), 128–142. <https://doi.org/10.1002/casp.2108>
- Landini, F. P., González-Cowes, V. og Leite, J. (2021). Rural psychology: Literature review, reasons for its need, and challenges. Í J. F. Leite, M. Dimenstein, C. Dantas og J. P. Macedo (ritstj.), *Psychology and Rural Contexts: Psychosocial Dialogues from Latin America* (bls. 21–39). Springer International Publishing. [https://doi.org/10.1007/978-3-030-82996-4\\_2](https://doi.org/10.1007/978-3-030-82996-4_2)
- Landini, F. P., Long, N. E., Leeuwis, C. og Murtagh, S. (2014). Theoretical guidelines for a psychology of rural development. *Cuadernos de Desarrollo Rural*, 11(74), 24. <https://doi.org/10.11144/Javeriana.CRD11-74.tgpr>
- Larkin, B., Fink, J. S. og Delia, E. (2022). Toward a better understanding of fair-weather fandom: Exploring the role of collective narcissism in basking in reflected glory and cutting off reflected failure. *Journal of Sport Management*, 36(6), 575–586. <https://doi.org/10.1123/jsm.2021-0102>
- Leach, C. W., van Zomeren, M., Zebel, S., Vliek, M. L. W., Pennekamp, S. F., Doosje, B., Ouwerkerk, J. W. og Spears, R. (2008). Group-level self-definition and self-investment: A hierarchical (multicomponent) model of in-group identification. *Journal of Personality and Social Psychology*, 95(1), 144–165. <https://doi.org/10.1037/0022-3514.95.1.144>
- Marchlewska, M., Cichocka, A., Jaworska, M., Golec de Zavala, A. og Bilewicz, M. (2020). Superficial ingroup love? Collective narcissism predicts ingroup image defense, outgroup prejudice, and lower ingroup loyalty. *British Journal of Social Psychology*, 59(4), 857–875. <https://doi.org/10.1111/bjso.12367>
- Marchlewska, M., Cichocka, A., Łozowski, F., Górská, P. og Winiewski, M. (2019). In search of an imaginary enemy: Catholic collective narcissism and the endorsement of gender conspiracy beliefs. *The Journal of Social Psychology*, 159(6), 766–779. <https://doi.org/10.1080/00224545.2019.1586637>

- McMillan, D. W. og Chavis, D. M. (1986). Sense of community: A definition and theory. *Journal of Community Psychology*, 14(1), 6–23. [https://doi.org/10.1002/1520-6629\(198601\)14:1<6::AID-JCOP2290140103>3.0.CO;2-I](https://doi.org/10.1002/1520-6629(198601)14:1<6::AID-JCOP2290140103>3.0.CO;2-I)
- Munis, B. K. (2022). Us over here versus them over there...literally: Measuring place resentment in American politics. *Political Behavior*, 44(3), 1057–1078. <https://doi.org/10.1007/s11109-020-09641-2>
- Ntontis, E., Drury, J., Amlôt, R., Rubin, G. J., Williams, R. og Saavedra, P. (2021). Collective resilience in the disaster recovery period: Emergent social identity and observed social support are associated with collective efficacy, well-being, and the provision of social support. *British Journal of Social Psychology*, 60(3), 1075–1095. <https://doi.org/10.1111/bjso.12434>
- Peterson, N. A., Speer, P. W. og McMillan, D. W. (2008). Validation of a brief sense of community scale: Confirmation of the principal theory of sense of community. *Journal of Community Psychology*, 36(1), 61–73. <https://doi.org/10.1002/jcop.20217>
- Richey, S. (2011). Civic engagement and patriotism. *Social Science Quarterly*, 92(4), 1044–1056. <https://doi.org/10.1111/j.1540-6237.2011.00803.x>
- Robins, R. W., Hendin, H. M. og Trzesniewski, K. H. (2001). Measuring global self-esteem: Construct validation of a single-item measure and the Rosenberg Self-esteem Scale. *Personality and Social Psychology Bulletin*, 27(2), 151–161. <https://doi.org/10.1177/0146167201272002>
- Sampson, R. J., Raudenbush, S. W. og Earls, F. (1997). Neighborhoods and violent crime: A multilevel study of collective efficacy. *Science*, 277(5328), 918–924. <https://doi.org/10.1126/science.277.5328.918>
- Schneider, B., Ehrhart, M. G. og Macey, W. H. (2013). Organizational climate and culture. *Annual Review of Psychology*, 64(1), 361–388. <https://doi.org/10.1146/annurev-psych-113011-143809>
- Stefán Ólafsson. (1997). *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Byggðastofnun. [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/buseta\\_a\\_islandi.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/buseta_a_islandi.pdf)
- Tajfel, H. (ritstj.). (1978). *Differentiation between social groups: Studies in the social psychology of intergroup relations*. Academic Press.
- Tajfel, H. og Turner, J. C. (1979). An integrative theory of intergroup conflict. Í W. G. Austin og S. Worchel (ritstj.), *The Social Psychology of Intergroup Relations* (bls. 33–47). Brooks/Cole.

- Talò, C., Mannarini, T. og Rochira, A. (2014). Sense of community and community participation: A meta-analytic review. *Social Indicators Research*, 117(1), 1–28. <https://doi.org/10.1007/s11205-013-0347-2>
- The Rockefeller Foundation og ARUP. (2014). *City Resilience Framework*.  
[https://preparecenter.org/sites/default/files/arup\\_rockefeller\\_resilient\\_cities\\_report.pdf](https://preparecenter.org/sites/default/files/arup_rockefeller_resilient_cities_report.pdf)
- van Zomeren, M., Spears, R., Fischer, A. H. og Leach, C. W. (2004). Put your money where your mouth is! Explaining collective action tendencies through group-based anger and group efficacy. *Journal of Personality and Social Psychology*, 87(5), 649–664. <https://doi.org/10.1037/0022-3514.87.5.649>
- Vífill Karlsson. (2023). *Margur er knár þó hann sé smár. Hvað útskýrir óvenju ólíka útkomu úr íbúakönnun nokkuð sambærilegra fámennra landsvæða eins og Dala- og V-Húnavatnsýslu?* (Tbl. 1). Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdarannsoknir/margur-er-knar-lokeintak.pdf>
- Vífill Karlsson og Bjarki Þór Grönfeldt. (2023). Staða innflytjenda á vinnumarkaði á krepputímum eftir byggðamynstri og atvinnugreinum. *Íslenska þjóðfélagið*, 14(2), 140–160. <https://ojs.hi.is/index.php/tf/article/view/3917>
- Zahnow, R., Corcoran, J., Kimpton, A. og Wickes, R. (2022). Neighbourhood places, collective efficacy and crime: A longitudinal perspective. *Urban Studies*, 59(4), 789–809. <https://doi.org/10.1177/00420980211008820>
- Þóroddur Bjarnason. (2018). *Innfæddir og aðfluttir andskotar: Áhrif uppruna og staðarsamsemdar á búsetuánægju á Norðurlandi*. <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/911>

## Viðauki: Viðtalsrammi

1. Þátttakendum þakkað fyrir að gefa sér tíma til að taka þátt. Gert er ráð fyrir því að umræðurnar taki allt 90 mínútur en ekki útilokað að þær verði eitthvað lengri. Ef umræður dragast á langinn er fólki velkomið að fara. Minnt á upplýst samþykki. (5 mínútur)
2. Stutt kynning á verkefninu og aðdraganda þess. Netkönnun var framkvæmd fyrir áramót í þátttökusveitarfélögunum þremur og nú langar mig að kafa dýpra í þá þætti þar sem munur greindist á milli. Fjögur umræðuefni byggð á því sem vakti mesta athygli í netkönnunum. (5 mínútur)
3. Áður en við höldum lengra... Þátttakendur beðnir um að kynna sig með nafni og hvað þeir hafi búið lengi á svæðinu. (10 mínútur)
4. Hvernig mynduð þið lýsa samfélaginu í örfáum, 1-3, setningum? (10 mínútur)
5. Eitt af því sem ég hef verið að skoða er það hvort **íbúar upplifi að þeir geti haft áhrif** á gang mála í sveitarfélaginu. (15 mínútur)
  - a. Segja hvernig viðkomandi sveitarfélag kom út. Þið megið vera ósammála niðurstöðunum ef ykkar skoðun er önnur.
  - b. Hver er upplifun ykkar? Geta íbúar haft áhrif á gangmála og ákvarðanir?
    - i. Hvað auðveldar eða hindrar?
6. Næsta sem mig langar að ræða er **samstarf þéttbýlis og dreifbýlis og mögulegur hrepparígur**. (15 mínútur)
  - a. Segja frá niðurstöðum viðkomandi sveitarfélags.
  - b. Hvernig mynduð þið lýsa samstarfi eða sambúð ólíkra svæða innan sveitarfélagsins? Hvað getið þið sagt mér um það?
    - i. Hvað er vel gert og hvað má betur fara?
    - ii. Hver er ykkar upplifun?
    - iii. Spilar sameining sveitarfélagsins hlutverk?
7. Þá langar mig að ræða eina frekar viðkvæma spurningu, um **slúður og neikvæða umræðu** í sveitarfélaginu. Slúður og neikvæðni er til í öllum samfélögum en það eru áhugaverð viðfangsefni í tengslum við þessa rannsókn því munurinn á milli sveitarfélaganna er mikill. (15 mínútur)
  - a. Segja frá niðurstöðum viðkomandi sveitarfélags.
  - b. Eru þessar niðurstöður í samræmi við ykkar upplifun?
    - i. Hvað haldið þið að geti valdið útkomunni?
    - ii. Hvað er til ráða?
8. Nú erum við langt komin með fundinn. Í spurningakönnuninni var ein spurning um hvort íbúum finnst þeir fá **öllum sínum þörfum fullnægt í sveitarfélaginu**. Mikill munur var á afstöðu íbúa eftir sveitarfélögum. (15 mínútur)
  - a. Segja frá niðurstöðum í viðkomandi sveitarfélagi.
  - b. Hvernig túlkið þið þennan mun?
    - i. Hvað gæti valdið?
    - ii. Hvað vantar í sveitarfélaginu svo íbúar hefðu flest allt sem gæti þurft?
    - iii. Hver er ykkar tilfinning?
9. Að lokum: Hver og einn segi 1-2 setningar um hvað honum er efst í huga eftir fundinn.
10. Fyrirkomulag umbunar útskýrt.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

